

### Sjötta minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins

Hinn 20. maí 2015 barst fjármála- og efnahagsráðuneytinu tölvupóstur frá ritara efnahags- og viðskiptanefndar ásamt vinnuskjali með drögum að nefndaráliti og breytingartillögum sem nefndin hefur haft til skoðunar. Ráðuneytinu var boðið að koma á framfæri athugasemdum við vinnuskjalið og fékk til þess frest fram yfir lok hvítasunnuhelgi.

Hér að neðan er gerð grein fyrir megináherslum ráðuneytisins sem standa í tengslum við umrætt vinnuskjal. Ráðuneytið er sem fyrr reiðubúið að veita frekari aðstoð ef þess er óskað.

### Lánssamningur tengdur erlendum gjaldmiðlum – skilgreining.

Í ljósi þeirra umsagna sem efnahags- og viðskiptanefnd höfðu borist við meðferð frumvarpsins lagði fjármála- og efnahagsráðuneytið til við nefndina að hugtakið „lán tengd erlendum gjaldmiðlum“ yrði notað í stað hugtaksins „erlend lán“ sem liggur eins og rauður þráður í gegnum ákvæði frumvarpsins. Ástæða þessa er sú að merking hugtaksins erlend lán er ekki einhlít í íslensku lagamáli auk þess sem bent hefur verið á að hún falli ekki vel að þeirri merkingu sem stuðst er við í lögum um gjaldeyrismál. Ráðuneytið telur þessa breytingu til þess fallna að ná utan um allar tegundir lánssamninga sem kveða á um greiðslu sem tengist með einum eða öðrum hætti erlendum gjaldmiðlum.

Í vinnuskjalinu er lagt til að skilgreining hugtaksins „lán tengd erlendum gjaldmiðlum“ verði tekin upp í lög um neytendalán til samræmis við ákvæði tilskipunar ESB um fasteignaveðlán, nr. 2014/17/ESB. Er þá átt við lánssamning þar sem: 1) lán er tilgreint í eða bundið öðrum gjaldmiðli en þeim sem lántaki fær tekjur í eða á eignir sem lánið ber að endurgreiða í eða; 2) lán er tilgreint í eða bundið öðrum gjaldmiðli en í aðildarríki sem lántaki er búsettur í. Flestir eru í meginatriðum sammála þessari breytingu enda eiga íslensku neytendalánalögin uppruna sinn að rekja til tilskipana ESB. Framangreind skilgreining er afstæð í þeim skilningi að mat á því hvort lán telst vera tengt erlendum gjaldmiðlum ræðst fyrst og fremst af högum neytandans en ekki stöðu íslensku krónunnar.

Tilgangur 2. gr. frumvarpsins er að aflétta fortakslausu banni við gengistryggingu lána í íslenskum krónum og undirstrika um leið þá samstöðu sem lán þessi eiga með lánnum í erlendum gjaldmiðlum. Með hliðsjón af framangreindum breytingum lagði ráðuneytið til við nefndina að í stað þess að þessi lán yrðu lýst heimil í sérstökum kafla í lögum um vexti og verðtryggingu yrði sá fyrirvari hafður í VI. kafla laganna að takmarkanir á notkun verðtryggingar, sem fram koma í kaflanum, eigi ekki við um skuldbindingar sem varða lánsfé í erlendum gjaldmiðlum og lánsfé þar sem greiðslur eru með einum eða öðrum hætti bundnar við gengi erlends gjaldmiðils eða gengisvísitölur. Tilgangurinn yrði hinn sami og áður, þ.e. að heimilt verði að veita slík lán nema lög mæli á annan veg.

### Skilyrði heimildar til að veita lán tengd erlendum gjaldmiðlum til neytenda.

Ráðuneytið telur óhjákvæmilegt að leggja til breytingar á 5. gr. frumvarpsins ef nefndin fellst á að hugtakið „lánssamningur tengdur erlendum gjaldmiðlum“ verði skilgreint í lögum um neytendalán. Flestum umsagnaraðilum bar einnig saman um að ástæða væri til að breyta framsetningu ákvæðisins

Í því skyni afmarka betur þau tilvik sem heimilt yrði að veita slík lán. Sitt sýnist þó hverjum um hvernig takmarkanirnar eigi að vera úr garði gerðar.

Í flutningsræðu fjármála- og efnahagsráðherra við 1. umræðu kom fram sú grunnhugsun að ekki ætti að skerða heimildir neytenda til töku lána tengdum erlendum gjaldmiðlum meira en nauðsyn bæri til. Að baki frumvarpinu býr sjónarmið um að slíkir lántakar ættu að hafa getu til að standast verulegar breytingar á gengi og verulegar breytingar á erlendum vöxtum á lánstímanum. Ráðherra telur í því ljósi og með hliðsjón af þeim áformum nefndarinnar að kveða á um breytirétt neytanda á lánstímanum að ekki sé tilefni til að skilyrða heimildina með jafn ströngum hætti og ráðuneytið lagði til við nefndina á fundi 4. mars sl. Vilhjálmur Bjarnason, fulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd, hefur að höfðu samráði við ráðherra lagt til að tillagan yrði svohljóðandi:

*Lánveitandi skal þrátt fyrir fjárhæðarmörk 2. mgr. ávallt framkvæma greiðslumat á lántaka ef um er að ræða lán tengd erlendum gjaldmiðlum. Heimilt er að veita slík lán í eftirfarandi tilvikum:*

- i. að lántaki standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum, eða*
- ii. að lántaki standist greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem takmarka gjaldeyrisáhættu hans á lánstímanum.*

*Neytanda skal standa til boða að færa lánsfjárhæð yfir í annan gjaldmiðil ef forsendur matsins breytast verulega eða ef fjárhæð höfuðstóls eða greiðslur breytast sem nemur 20% miðað við skiptigengi við gerð lánsamnings að því tilskyldu að það sé gert til að draga úr gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins. Breytingin skal fara fram miðað við skiptigengi þann dag sem um hana er sótt nema á annan veg sé samið í lánsamningi.*

Þau skilyrði sem fram koma í i) og ii) lið tillögunnar eru mildari en þau sem fram koma í i), ii) og iii) lið þeirrar tillögu sem fram kemur í vinnuskjali nefndarinnar. Meginbreytingin felst í því að ekki er gerð krafa um að neytandi, sem stenst greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum, leggi jafnframt fram erlendar eignir til tryggingar láninu. Verði fallist á það er heldur ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um að lántaki skuli hafa nægilegar tekjur í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til að standast greiðslumat þar sem óhjákvæmilega yrði tekið tillit til þessa við mat á því hvort neytandi getur staðist verulegar sveiflur í gengi og/eða vöxtum. Loks er lagt til að heimilt verði að veita lán tengt erlendum gjaldmiðlum ef neytandi stenst greiðslumat og leggur fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem „takmarka“ gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum. Tilvitnað orð er ætlað að koma í stað orðsins eyða, sbr. iii) lið þeirrar tillögu sem fram kemur í vinnuskjalin nefndarinnar.

Framangreind tillaga Vilhjálms er reist á þeirri forsendu að lánveitendur ástundi ábyrga lánastarfsemi og beiti forsvaranlegum aðferðum við framkvæmd greiðslumats og við mat á gæðum og virði eigna. Ráðherra neytendamála yrði heimilt að útfæra matskennda þætti tillögunnar eins og það hvað telst veruleg gengisbreyting/vaxtahækkun og hvað teljist viðeigandi fjárhagslegar tryggingar. Í því efni væri eðlilegt að ráðherra tæki mið af sjónarmiðum eftirlitsaðila á fjármálamarkaði en í tillögu

nefndarinnar, sem byggði á því að lántaki legði fram erlendar eignir, var lagt til að miðað yrði við allt að 20% gengisbreytingu og allt að 7% hækkun á LIBOR vöxtum.<sup>1</sup>

Í ljósi áherslu Seðlabanka Íslands á að heimildir til að taka lán tengd erlendum gjaldmiðlum verði einskorðaðar við þá neytendur sem hafa nægilegar tekjur í viðkomandi gjaldmiðli telur fjármála- og efnahagsráðuneytið ekki útilokað að bankinn gerði viðlíka kröfur til lánastofnana á grundvelli þess reglusetningarvalds sem honum er fengið í 3. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að til slíkra ráðstafana sé ekki gripið nema að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs, sbr. lög nr. 66/2014. Teldi ráðið að tilefni væri til að binda heimildir lánastofnana til að veita slík lán umræddum skilyrðum yrði að meta gildi þeirra ráðstafana með hliðsjón af þeim kröfum sem löggjafinn hefur sjálfur talið að gera eigi í þessum efnunum.

### **Heimild neytanda til þess að færa lánsfjárhæð yfir í annan gjaldmiðil á lánstímanum.**

Samkvæmt 23. gr. tilskipunar ESB um fasteignaveðlán til neytanda er aðildarríkjunum ætlað að sjá til þess að viðunandi lagarammi sé til staðar þegar lán tengist erlendum gjaldmiðlum. Er þar gerð sú lágmarkskrafa að neytanda sé annað hvort tryggður réttur til að *fá láni breytt* í annan gjaldmiðil, við greindar aðstæður sem aðildarríkjunum er falið að skilgreina, eða að *aðrar ráðstafanir* séu gerðar sem takmarki gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins. Neytendastofa hefur lagt til að í frumvarpinu verði kveðið á um rétt neytanda til að fá láni breytt yfir í annan gjaldmiðil ef breytingar verða á högum hans á lánstímanum hvað snertir stöðu og gjaldfærni en slík breyting þarf að fara fram á skiptigengi dagsins er um hana er sótt nema annað komi fram í lánsamningi.

Eins og áður hefur komið fram tekur skilgreiningin á hugtakinu „lán tengt erlendum gjaldmiðlum“ mið af högum neytanda. Í því felst að þegar íslenskur lánveitandi veitir lán í íslenskum krónum kann lánið eigi að síður að falla undir hugtakið, s.s. ef tekjur lántaka eru í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum eða ef lántaki er búsettur í öðru aðildarríki EES. Eðli málsins samkvæmt ræðst mat á því hvort lán flokkast sem slíkt á þeim tímapunkti þegar samið er um lánveitinguna því að öðrum kosti væri erfitt að reikna með að lántaki nyti þeirrar réttarverndar sem tilskipuninni er ætlað að standa vörð. Lánstími getur líkt og í tilviki húsnæðislána verið til margra ára og því má búast við að aðstæður lántaka geti breyst, s.s. vegna þess að hann skiptir um atvinnu sem hefur í för með sér að hann fær laun í öðrum gjaldmiðli eða hann flyst búferlum. Ekki er sjálfgefið að slíkar breytingar á högum leiði til þess að gengisáhætta lántaka raungerist heldur geta þær þvert á móti haft í för með sér að eðli lánsins breytist úr því að vera tengt erlendum gjaldmiðlum í að vera venjulegt lán. Undir þeim kringumstæðum bæri að líta svo á að heimild neytanda til þess að breyta láni væri fallin úr gildi.

Ráðuneytið getur fallist á að tilefni kunni að vera til að heimila neytanda að breyta láni sem tengist erlendum gjaldmiðli yfir í annan gjaldmiðil að greindum skilyrðum (sjá tillögu Vilhjálms Bjarnasonar). Með tilliti til ábendinga Neytendastofu, sem er eftirlitsaðili með lögum um neytendalán, er lagt til að neytanda skuli standa til boða að færa lánsfjárhæð yfir í annan gjaldmiðil ef forsendur greiðslumats breytast verulega eða ef fjárhæð höfuðstóls eða greiðslur breytast sem nemur 20% miðað við skiptigengi við gerð lánsamnings „enda sé það gert til að draga úr gjaldeyrisáhættu lántaka“. Tilvitnað orðalag felur í sér að val neytandans yrði almennt að vera bundið við þann gjaldmiðil sem

---

<sup>1</sup> Seðlabanki Íslands telur að skýrt þurfi að koma fram hvort miðað sé við 20% gengisfall eða hvort miðað sé við 20% hækkun láns í kjölfar gengisbreytingar.

meginhluti tekna hans væri í en hægt væri að kveða nánar á um þetta atriði í reglugerð sem ráðherra neytendamála setur á grundvelli laga um neytendalán.

Í athugasemdum Neytendastofu frá 30. apríl 2015 er athygli nefndarinnar vakin á þeirri leið sem sænsk stjórnvöld hyggjast fara við innleiðingu tilskipunarinnar en því haldið til haga að þar séu aðstæður aðrar. Í þeim frumvarpsdrögum sem stjórnvöldin hafa kynnt er ekki kveðið á um breytirétt neytanda þar sem slíkt er m.a. talið geta leitt til aukins kostnaðar í lánaframkvæmd.

### **Valdheimild Seðlabanka Íslands.**

Í vinnuskjali nefndarinnar eru lagðar til breytingar á 3. gr. frumvarpsins sem heimilar Seðlabanka Íslands að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs að setja reglur um lán lánastofnana tengd erlendum gjaldmiðlum. Meginbreytingin felst í því að í stað þess að valdheimildin verði sett fram í formi skilyrtrar heimildar verði Seðlabankanum gert skylt að setja reglur um umræddar lánveitingar. Því til stuðnings er vísað til hlutverks bankans á sviði fjármálastöðugleika og að almannahagsmunir standi til þess að takmarka heimildir til að veita óvörðum aðilum almennt, ekki einungis neytendum, lán tengd erlendum gjaldmiðlum.

Með lögum nr. 92/2013, um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, var hlutverk Seðlabankans á sviði fjármálastöðugleika áréttað í því skyni að skjóta styrkari stoðum undir greindar valdheimildir sem bankinn beitir í þágu þjóðhagsvarúðar, þ.e. reglur um lausafé og reglur um gjaldeyrisjöfnuð. Seðlabankinn ber ekki einn ábyrgð á fjármálastöðugleika enda þótt hlutverk bankans á þessu sviði falli undir hans annað helsta markmið. Í það minnsta sæta valdheimildir bankans takmörkunum. Önnur stjórnvöld, sem starfa skv. skilgreindum markmiðum, gætu verið knúin til að gera ráðstafanir í þágu þjóðhagsvarúðar að greindum skilyrðum sem fram koma í lögum um fjármálastöðugleikaráð. Sér í lagi er með stofnun fjármálastöðugleikaráðs rennt stoðum undir það að Fjármálaeftirlitið, sem starfar náið með Seðlabankanum, geti að fengnum tilmælum ráðsins beitt valdheimildum sínum í þessu skyni, s.s. reglum um eiginfjárkröfur, enda þótt eftirlit þess einkorðist að öðru jöfnu við einstök fjármálafyrirtæki.

Við undirbúning frumvarpsins var rætt um hvort fela ætti Fjármálaeftirlitinu valdheimildir skv. 3. gr. frumvarpsins en ákveðið var að gera það ekki. Var talið að setning reglnanna félli betur að markmiði Seðlabankans þar sem um væri að ræða varúðartæki sem í grunninn beindist að því að styðja við afnám hafta og almennt að draga úr áhættu sem hagkerfinu stafar af óhóflægu innflæði erlends fjár. Eftir sem áður myndi andlag reglnanna, ef settar yrðu, varða útlánastarfsemi fjármálafyrirtækja og að því leyti tengjast verkefnum Fjármálaeftirlitsins sem falið er að setja reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í því ljósi lá nærri að útfæra 3. gr. frumvarpsins þannig að aðkomu fjármálastöðugleikaráðs þyrfti til að reglurnar yrðu settar. Vegna þess að slíkar reglur gætu falið í sér viðamikið inngrip í samningsfrelsið er aðkomu ráðsins enn fremur ætlað að renna stoðum undir tilgang reglnanna.

Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er á það bent að ákvæðið muni að greindum forsendum fyrst og fremst hafa þýðingu varðandi lán lánastofnana til lögaðila.

### **Ákvæði um upplýsingaskyldu til neytenda.**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið íhugar að leggja til aðra útfærslu á ákvæði um upplýsingaskyldu lánveitanda til neytenda en þá sem fram kemur í vinnuskjali nefndarinnar. Yrði það gert að höfðu samráði við Neytendastofu og með hliðsjón af leiðum sem ræddar hafa verið í nefnd sem fjallar um innleiðingu á tilskipun ESB um fasteignaveðlán.

15. apríl 2015.

**Minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins í tilefni af umsögnum sem efnahags- og viðskiptanefnd hafa borist í tengslum við mál nr. 561 (erlend lán, varúðarreglur)**

A. Við kynningu málsins í efnahags- og viðskiptanefnd 4. mars sl. lögðu fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins fram tillögur að breytingum á 5. gr. frumvarpsins. Þær breytingar munu nú gera ráð fyrir að hugtakið „lán í erlendum gjaldmiðlum“ verði skilgreint í lögum um neytendalán til samræmis við ákvæði fasteignaveðlánatilskipunar ESB sem unnið er að því að innleiða hér á landi. Verði á breytingarnar fallist telur ráðuneytið að tilefni gæti verið til að endurskoða önnur ákvæði frumvarpsins þar sem þau byggjast á umræddri skilgreiningu. Í eftirfarandi umfjöllun er fjallað um helstu þætti sem ráðuneytið telur koma til greina að endurskoða og einkum varða lagatæknileg atriði. Jafnframt fylgja minnisblaðinu þrjú vinnuskjöl sem hafa að geyma drög að útfærslu breytingartillagna ásamt skýringum. Við gerð þeirra hefur verið litið til sjónarmiða í umsögnum.

1. **Skilgreining á „láni í erlendum gjaldmiðlum“ tekin upp í lög um neytendalán** – hér vísast til þess sem að ofan greinir en í skilgreiningunni felst að með láni í erlendum gjaldmiðli verði átt við lánessamning þar sem: 1) lán er í öðrum gjaldmiðli en þeim sem lántaki fær tekjur í eða á eignir sem lánið ber að endurgreiða í eða; 2) lán er í öðrum gjaldmiðli en í aðildarríki sem lántaki er búsettur í. Verði þessi breyting samþykkt mætti halda því fram að það þjóni ekki sérstökum tilgangi að skilgreina hugtakið „erlent lán“ í lögum um vexti og verðtryggingu. Gæti það orðið til þess að valda ruglingi auk þess sem merking hugtaksins erlent lán er ekki einhlít í íslensku lagamáli.
2. **Fallið frá skilgreiningu á „erlendu láni“ í lögum um vexti og verðtryggingu** – í stað þess að nýjum kafla um „erlend lán“ verði bætt við lög um vexti og verðtryggingu eins og lagt er til í 2. gr. frumvarpsins kæmi til greina að bæta nýrri málsgrein við 13. gr. laganna sem fæli efnislega í sér að takmarkanir á notkun verðtryggingar ættu ekki við um skuldbindingar sem varða lánsfé í erlendum gjaldmiðlum og lánsfé þar sem greiðslur eru með einum eða öðrum hætti bundnar við gengi erlends gjaldmiðils eða gengisvísitölur. Með þessu móti væri brugðist við athugasemdum SFF, HH og Neytendastofu sem hvert á sínum forsendum hafa lýst efasemdum um skilgreiningu hugtaksins erlend lán í frumvarpinu.
3. **Skorður reistar við lánum sem tengjast erlendum gjaldmiðlum** – ekki verður með vissu ráðið hvort skilgreining á láni í erlendum gjaldmiðlum samkvæmt tilskipun ESB um fasteignaveðlán taki til gengistryggingar. Samkvæmt 23. tilskipunarinnar ber aðildarríkjunum aftur á móti að tryggja að viðunandi lagarammi gildi um lán „tengd“ erlendum gjaldmiðlum. Til samræmis við það og til að standa vörð um tilgang frumvarpsins má nota tilvitnað orðalag til að ná utan um lán í erlendum gjaldmiðlum og lán þar sem greiðslur lántaka eru með einum eða öðrum hætti bundnar við gengi erlends gjaldmiðils eða gengisvísitölur.
4. **Skilyrði til þess að veita neytendum lán tengd erlendum gjaldmiðlum nánar afmörkuð** – einstakir umsagnaraðilar hafa talið þau viðmið sem fram koma í 5. gr. frumvarpsins vera of matskennd, sbr. orðasamböndin „augljóslega fjárhagslega burði“ og „verulegar breytingar á gengi. Fjármála- og efnahagsráðuneytið telur að tillaga um breytingu á ákvæðinu eins og hún var kynnt á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 4. mars sl. sé skýrari. Þar var gert ráð fyrir að

heimilt yrði að veita lán tengd erlendum gjaldmiðlum í eftirtöldum tilvikum: 1) *að lántaki hafi nægilegar tekjur í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til að standast greiðslumat, eða*; 2) *að lántaki standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum og leggi fram erlendar eignir til tryggingar láninu.*

5. **Tillaga um að nýju skilyrði verði bætt við upptalninguna** – skiptar skoðanir eru um hversu langt eigi að ganga við takmarkanirnar á heimildum til að veita neytendum lán tengd erlendum gjaldmiðlum. Auk þess getur verið erfitt að sjá fyrir öll tilvik þar sem framangreind skilyrði eru ekki uppfyllt en þar sem gjaldeyrisáhætta lántaka er eigi að síður ekki fyrir hendi. Með hliðsjón af því er lagt til að lán tengd erlendum gjaldmiðlum verði heimil í þeim tilvikum þegar neytandi stenst greiðslumat og leggur fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum.
6. **Ráðherra neytendamála heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð** – gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að útfæra skilyrði heimildar til að veita neytendum lán tengd erlendum gjaldmiðlum nánar með ákvæðum í reglugerð, s.s. hvað teljist veruleg gengisbreyting og veruleg vaxtahækkun og hvað telist viðeigandi fjárhagslegar tryggingar. Eðlilegt væri að ráðherra hefði um það samráð við helstu eftirlitsaðila á fjármálamarkaði.

**B.** Eru fyrirhugaðar valdheimildir Seðlabanka Íslands skv. 3. gr. frumvarpsins of viðtækar með tilliti til ákvæða stjórnarskrár? Ráðuneytið telur svo ekki vera með vísan til eftirfarandi:

1. Ein birtingarmynd þeirrar útlánþenslu sem varð á Íslandi á árunum fyrir bankahrunið var fólgin í verulegri aukningu erlendra lána til innlendra aðila sem margir hverjir voru ekki varðir fyrir gengissveiflum, þ.e. höfðu hvorki til reiðu nægar tekjur né tryggingar í viðkomandi gjaldmiðlum. Skyndileg lækkun íslensku krónunnar á árinu 2008 varð því til þess að lántakar sem báru slíka gjaldeyrisáhættu áttu erfitt með að standa í skilum og þar sem lánin voru fjármögnuð í erlendum gjaldmiðlum olli það ásamt öðru lausafjárþurrð lánastofnana og óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði. Áhættan sem þessari lánastarfsemi fylgdi laut því ekki einvörðungu að hlutaðeigandi lántökum og lánveitendum heldur þjóðfélaginu í heild.
2. Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB) telur æskilegt að eftirlitsaðilar á fjármálamarkaði búi yfir valdheimildum sem unnt er að beita eftir eðli kerfisáhættu og þegar aðstæður kalla á. Má nefna reglur um eiginfjárkröfur, reglur um gjaldeyrisjöfnuð, kröfur til innri áhættustýringar lánastofnana, kröfur um greiðslumat, o.s.frv. Áhrif slíkra varúðartækja geta verið mismunandi og þau geta verið misvel fallin til þess að ná því markmiði sem að er stefnt.
3. Viðmiðunarreglur EBA frá 20. desember 2013 um eiginfjárráðstafanir í könnunar- og matsferli eftirlitsstofnana aðildarríkjanna (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) vegna lánveitinga í erlendum gjaldmiðlum til aðila sem óvarðir eru fyrir gjaldeyrisáhættu, sem SFF vísar til í umsögn sinni, einskorðast við slíkt mat á sérhverri lánastofnun. Fjármálaeftirlitið getur þegar tekið mið af viðmiðunarreglunum við könnunar- og matsferli hjá íslenskum lánastofnunum á grundvelli heimildar í 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og mælt fyrir um viðbótareiginfjárbindingu hjá lánastofnunum sem veitt hafa lán í erlendum gjaldmiðlum til aðila sem ekki eru varðir fyrir gjaldeyrisáhættu. Þannig er könnunar- og matsferlinu ekki beinlínis ætlað að takast á og bregðast við kerfisáhættu heldur meta eiginfjárþörf hvernar og einnar lánastofnunar með hliðsjón af áhættu í starfsemi þeirra. Heimild Seðlabanka Íslands til setningar reglna að fengnum tilmælum

fjármálastöðugleikaráðs, sem lögð er til samkvæmt 3. gr. frumvarpsins, er hugsuð til að grípa með almennum hætti inn í óæskilega lánastarfsemi sem skapar kerfisáhættu, t.d. aukinni veitingu lána tengdum erlendum gjaldmiðlum með veði í hlutbréfum eða slíkra lána til eignarhaldsfélaga með engar erlendar tekjur, og setja beinar takmarkanir er dragi úr slíkri áhættu á fjármálamarkaði. Þessi tvö tæki, þ.e. könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins og fyrrnefnd heimild Seðlabanka Íslands, útiloka ekki hvort annað heldur vinna saman og eru til þess fallin að stuðla að fjármálalegum stöðugleika.

4. Af 1. mgr. 5. gr. laga um fjármálastöðugleikaráð, nr. 66/2014, leiðir að heimild Seðlabankans yrði ekki beitt nema uppi væru aðstæður sem líklegar væru til að ógna fjármálastöðugleika eða hafa óæskileg áhrif á fjármálakerfi. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. skal fjármálastöðugleikaráð einkum byggja á tillögum eða greiningu kerfisáhættunefndar við rækslu starfa sinna. Kerfisáhættunefnd leggur mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, sbr. 1. mgr. 8. gr. Til að draga enn frekar úr hættu á að þær aðstæður skapist sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr. laga um fjármálastöðugleikaráð gera forsendur frumvarpsins ráð fyrir að heimildir neytenda annars vegar og sveitarfélaga hins vegar til töku umræddra lána verði takmarkaðar í lögum um neytendalán og sveitarstjórnarlögum.

**C.** Skortir ákvæði 4. gr. frumvarpsins sem varðar heimild Seðlabanka Íslands til álagningar dagsekta vegna brota á reglum um lán tengd erlendum gjaldmiðlum lagastoð? Ráðuneytið telur svo ekki vera og vísar til þess sem framan greinir um að heimild til setningar slíkra reglna eigi sér viðhlítandi lagastoð auk þess sem hér er um að ræða hliðstætt þvingunarúrræði og við á þegar reglum um bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð er ekki fylgt af hálfu lánastofnana.

**D.** Hvort og að hvaða marki falla lán tengd erlendum gjaldmiðlum sem veitt eru af erlendum aðilum til íslenskra aðila eða sem veitt eru af íslenskum aðilum til erlendra aðila undir ákvæði frumvarpsins? Ráðuneytið bendir á að takmarkanir á heimildum til að veita umrædd lán styðjast við mikilvæga almannahagsmuni sem standa í tengslum við fjármálastöðugleika og neytendavernd. Til að standa vörð um þá hagsmuni verður að gæta þess að reglurnar verði ekki sniðgengnar og er takmörkunum því ætlað að hafa gildi gagnvart erlendum lánveitendum. Er sú tilhögun í samræmi við tilmæli ESRB. Íslenskum lánveitendum sem veita lán sín yfir landamæri bæri með sama hætti að virða hliðstætt regluverk í þeim ríkjum þar sem þeir veita þjónustu.

**E.** Er ástæða til að fela sérstöku stjórnvaldi að hafa eftirlit með lögum um vexti og verðtryggingu? Ráðuneytið bendir á að í a-lið 5. gr. frumvarps til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði falið eftirlit með því að eftirlitsskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi fari að ákvæðum laga um laga um vexti og verðtryggingu og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim.

**F.** Er ástæða til að kveða á um rétt neytanda til þess að umbreyta erlendu láni yfir í annan gjaldmiðil til að draga úr gjaldeyrisáhættu ef breytingar verða á högum neytanda á lánstíma? Ráðuneytið bendir á að þetta atriði sé til skoðunar á vettvangi nefndar sem vinnur að innleiðingar á ákvæðum fasteignaveðlánatilskipunar ESB og að sama eigi við um þörf á hertri upplýsingagjöf.



**Priðja minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins**

Í umsögn Neytendastofu frá 22. apríl 2015 voru gerðar athugasemdir við tillögur að breytingum á frumvarpinu sem kynntar voru í minnisblaði ráðuneytisins frá 15. apríl sl. Þeim athugasemdum má skipta í þrjá meginþætti. Er ætlunin að lýsa sjónarmiðum ráðuneytisins til hvers þáttar fyrir sig.

**A. Neytendastofa leggur áherslu á að við frumvarpið bætist ákvæði þar sem kveðið verði á um rétt neytanda til þess að breyta láni yfir í annan gjaldmiðil á lánstímanum ef skilyrði lánveitingar reynast ekki lengur uppfyllt. Einnig leggur stofnunin til að bætt verði við ákvæði um upplýsingaskyldu lánveitanda vegna lánsamninga í erlendum gjaldmiðli.**

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið fær ekki ráðið af tilskipun ESB um fasteignaveðlán að íslenska ríkinu beri fortakslaus skylda til að kveða á um umræddan breytirétt neytenda. Samkvæmt 23. gr. tilskipunarinnar ber aðilarríkjunum að sjá til þess að gerðar séu ráðstafanir til að takmarka óvarða gjaldeyrisáhættu neytenda en þær eru ekki einskorðaðar við breytiréttinn eins og látið er að liggja í umsögn Neytendastofu. Eins og fram kemur í skýringarskjali framkvæmdastjórnar ESB sem Neytendastofa vísar til gætu aðrar ráðstafanir sem dæmi falist í: 1) að kveða á um þak á áhættu þannig að kostnaður neytanda vegna neikvæðrar gengisþróunar fari ekki yfir tiltekinn mörk (caps); 2) að skylda lánveitanda til að aðvara neytanda til að sá síðarnefndi eigi þess kost að aðlaga útgjöld sín að hækkun greiðslubyrði (warnings); 3) að skylda lánveitanda til að hafa á boðstólnum fjárhagslegar tryggingar sem takmarki gjaldeyrisáhættu neytanda (hedging instruments).
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið bendir á að í tillögum að breytingum sem kynntar voru í minnisblaði ráðuneytisins frá 15. apríl sl. er gert ráð fyrir að aðeins megi veita neytendum lán tengd erlendum gjaldmiðlum í þremur tilvikum, þar sem gjaldeyrisáhætta lántaka er að verulegu leyti takmörkuð. Um ástæður þessa þarf ekki að fjölyrða þar sem reynsla síðustu ára bendir til þess að slíkar lántökur henti almennt ekki fjárhagsstöðu og þörfum neytenda. Kröfurnar sem gerðar eru í hverju tilviki fyrir sig má eflaust fella undir það sem kallað er „aðrar ráðstafanir“ í skilningi tilskipunarinnar þar sem þeim er ætlað að fyrirbyggja að neytandi taki á sig verulega gjaldeyrisáhætta við sjálfa lántökuna.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið telur eðlilegt að álitæfni sem varða rétt neytenda til þess að umbreyta lánum tengdum erlendum gjaldmiðlum, ef breytingar verða á högum þeirra á lánstímanum, komi til umfjöllunar í þeirri nefnd sem vinnur að innleiðingu tilskipunar ESB um fasteignaveðlán. Spurningin þar er m.a. sú hversu langt eigi að ganga í réttarvernd þeirra sem uppfylla skilyrði til að taka lán tengd erlendum gjaldmiðlum samanborið við þá sem taka lán í heimagjaldmiðli. Eins og fram kemur í skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá september 2014 hafa íslensk stjórnvöld sett sér það markmið að ný umgjörð um veitingu fasteignalána gangi í gildi hér á landi eigi síðar en 1. mars 2016.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið telur einnig rétt að ákvæðum sem varða upplýsingaskyldu lánveitanda vegna lána sem tengjast erlendum gjaldmiðlum verði ráðið til lykta í þeirri vinnu. Vakín skal athygli á því að lánveitendur bera almennt þá skyldu að veita neytendum skýringar svo að þeir geti tekið afstöðu til þess hvort lánsamningur, sem í boði er, sé lagaður að þörfum og fjárhagsstöðu þeirra, sbr. 10. mgr. 7. gr. laga um neytendalán.

**B. Neytendastofa virðist leggja þann skilningi í minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 15. apríl sl. og tillögum að breytingum sem kynntar voru samhliða því að í þeim hafi staðið til að koma í veg fyrir hreina gengistryggingu lána í íslenskum krónum. Er því til stuðnings vísað til skilgreiningar á lánsamningi í erlendum gjaldmiðli sem þar kemur fram.**

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið vill af þessu tilefni árétta að umræddar tillögur gera sem fyrr ráð fyrir að hið fortakslausa bann við gengistryggingu lána í íslenskum krónum, sem leitt hefur verið af ákvæðum VI. kafla laga um vexti og verðtryggingu, verði aflétt. Ef viðhalda ætti banninu gagnvart neytendum færi betur á að sú regla yrði orðuð með skýrum hætti í lögum um neytendalán. Aftur á móti hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) talið að fortakslaut bann við gengistryggingu brjóti í bága við meginreglu EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns.
- Seðlabanki Íslands hefur talið að frá sjónarhóli fjármálastöðugleika hér á landi sé erfitt að rökstyðja bann við gengistryggingu lána í íslenskum krónum ef lán í erlendum gjaldmiðlum eru heimil. Teldi löggjafinn samt sem áður að unnt væri á grundvelli EES-réttar að réttlæta bann við þessu tilgreinda lánaformi væri til bóta að lánin yrðu skilgreind þannig að ljóst væri hvar skil þeirra lægju gagnvart lánnum í erlendum gjaldmiðlum. Dómaframkvæmd Hæstaréttar í málum er varða gengistryggingu varpar ljósi á að sú aðgreining er e.t.v. ekki án vandkvæða. Hugsanlega mætti þó orða þá reglu í VIII. kafla laga um neytendalán (ýmis ákvæði) að óheimilt væri að veita lán sem hefði þá eiginleika að höfuðstóll og uppgjörsgreiðslur, þ.m.t. afborganir og vextir, taki breytingu að hluta eða öllu leyti í samræmi við gengisvísitölur eða gengi annarra gjaldmiðla en þess sem lánasamningur er tilgreindur í.

**C. Neytendastofa leggur til nokkrar breytingar á þeim skilyrðum sem liggja eiga til grundvallar lánnum í erlendum gjaldmiðlum, sbr. 8. gr. frumvarpsdraga í vinnuskjali.**

- Neytendastofa leggur til að í stað þess að nota orðin „lán tengd erlendum gjaldmiðlum“ verði notað „lánsamningur í erlendum gjaldmiðlum“. Fjármála- og efnahagsráðuneytið bendir á að þar sem forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir að banni við gengistryggingu verði aflétt sé óhjákvæmilegt að nota orðin lán tengd erlendum gjaldmiðlum til þess að ná utan um bæði lán í erlendum gjaldmiðlum og lán þar sem greiðslur lántaka eru með einum eða öðrum hætti bundnar við gengi erlends gjaldmiðils eða gengisvísitölur. Orðalagið styðst við samsvarandi orðalag í 23. gr. tilskipunar ESB um fasteignaveðlán („relates to a foreign currency loan“).
- Neytendastofa telur orðalagið „verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum“ vera of matskennt sem aftur geti valdið vandkvæðum við framkvæmd eftirlits. Stofnunin leggur þess í stað til að þau tölulegu viðmið sem ráða mati í þessum efnum verði lögákveðin að teknu tilliti til 4. mgr. 23. gr. tilskipunarinnar. Fjármála- og efnahagsráðuneytið bendir á að slíkar kröfur geta verið breytilegar frá einum tíma til annars eftir aðstæðum í efnahagslífinu, sem aftur kann að draga úr fýsileika þess að fastsetja viðmiðin í lagatexta. Ekkert virðist vera því til fyrirstöðu að viðmiðanna yrði getið í reglugerð sem ráðherra neytendamála setti á grundvelli 10. gr. laga um neytendalán, eftir atvikum að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs.
- Neytendastofa leggur til að í stað þess að nota orðið „eyða“ verði notað orðið „takmarka“ þar sem henni þykir vandséð að neytendur geti lagt fram tryggingar sem eru til þess fallnar að eyða gjaldeyrisáhættu. Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerir ekki athugasemdir við þessa tillögu en bendir á að hugmyndir ráðuneytisins gera ráð fyrir að ráðherra neytendamála yrði unnt að setja ákvæði í reglugerð um hvað teljist viðunandi fjárhagslegar tryggingar.

**Fimmta minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins**

A. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. apríl 2015 er heimild Seðlabanka Íslands til að setja reglur um lánveitingar lánastofnana tengdar erlendum gjaldmiðlum mótmælt. Sambandið telur að sá vandi sem hagkerfinu kann að stafa af slíkum lánveitingum hafi verið ofmetinn við gerð frumvarpsins og að engar vísbendingar séu um þörf á strangari reglum um fjármál sveitarfélaga en leiðir af fjármálareglum sveitarstjórnarlaga. Verði eftir sem áður talið að draga þurfi úr áhættu vegna umræddra lána er lagt til að byggt verði á þeirri niðurstöðu sem fjármála- og efnahagsráðuneytið, innanríkisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga stóðu að á vettvangi Jónsmessunefndar þann 28. janúar 2015.

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið bendir á að í athugasemdum sem fylgja 3. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir því að verði heimildir sveitarfélaga til töku lána tengdum erlendum lánnum takmarkaðar með heildstæðum hætti í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2008, megi draga verulega úr þörf á að Seðlabankinn beiti umræddri valdheimild. Ráðuneytið er því ekki mótfallið að efnahags- og viðskiptanefnd leggi til breytingar á frumvarpinu á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem náðist í Jónsmessunefndinni fyrr á þessu ári og er ráðuneytið reiðubúið að veita aðstoð við útfærslu slíkra tillagna verði eftir því óskað. Athygli skal þó vakin á að forræði málaflokksins er í höndum innanríkisráðherra.
- Í þeim drögum að útfærslu sem lágu fyrir Jónsmessunefnd var m.a. gert ráð fyrir að sveitarfélögum og stofnunum og fyrirtækjum þeirra, hvort sem þau teldust til A- eða B-hluta í reikningsskilum sveitarfélaga, yrði aðeins heimilt að taka eða ábyrgjast lán tengd erlendum gjaldmiðlum ef fullnægt væri öðru eftirtalinna skilyrða: 1) *Ef skuldari hefur tekjur í sömu mynt og lánið eða greiðslur vegna þess eru bundnar og þær tekjur eru nægjanlegar til að endurgreiða lánið og vexti af því;* 2) *Að lánstími sé að lágmarki til 10 ára og að greiðslum vegna lánsins sé dreift þannig að sérhver greiðsla afborgana og vaxta sé aldrei meiri en sem nemur 50% heildarskuldbindingu vegna þeirra.*
- Yrðu umræddar takmarkanir settar í sveitarstjórnarlög væri auk þess ástæða til að setja sérstakt ákvæði varðandi lagaskil þannig að ótvírætt væri að sveitarfélögum, stofnunum sveitarfélags eða fyrirtækjum væri heimilt að greiða samkvæmt fyrirliggjandi samningum í þeim tilvikum þar sem þau hefðu tekið eða ábyrgst greiðslu á láni fyrir gildistöku laganna. Jafnframt hefur verið lagt upp með að sveitarfélögum yrði að greindum skilyrðum heimilt að taka lán tengd erlendum gjaldmiðlum í því skyni að endurfjármagna slík lán sem tekin hefðu verið fyrir gildistöku laganna. Skilyrði væri að nýja lánið leiddi ekki til aukinnar skuldabyrði og/eða gjaldeyrisáhættu miðað við uppreiknað virði eldra lánsins ásamt vanskilum.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanki Íslands telja ástæðu til að reistar verði skorður við lánveitingum tengdum erlendum gjaldmiðlum til sveitarfélaga í ljósi reynslunnar af hrúni bankakerfisins. Seðlabankinn bendir á að þung endurgreiðslubyrði lánanna sem tekin voru á árunum fyrir hrún hafi haft neikvæð áhrif á gengi krónunnar og lífskjör í landinu.

**Fjórtá minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins**

A. Í umsögn Seðlabanka Íslands frá 17. apríl 2015 er gerð athugasemd við skilgreiningu á „lánessamningi í erlendum gjaldmiðlum“ sem kynnt var í minnisblaði ráðuneytisins frá 15. apríl sl. Seðlabankinn telur að skilgreiningin sé ekki nægilega rúm til þess að ná utan um allar tegundir lána sem með einum eða öðrum hætti tengjast erlendum gjaldmiðlum.

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið bendir á að skilgreiningin á lánessamningi í erlendum gjaldmiðli sem lögð var til í umræddu minnisblaði ráðuneytisins eigi sér stoð í 28. mgr. 4. gr. tilskipunar ESB um fasteignaveðlán þar sem eftirfarandi kemur fram: „*Foreign currency loan' means a credit agreement where the credit is: a) denominated in a currency other than that in which the consumer receives the income or holds the assets from which the credit is to be repaid; or b) denominated in a currency other than that of the Member State in which the consumer is resident.*“
- Eins og fram kom í minnisblaði ráðuneytisins verður ekki með vissu ráðið hvort skilgreining tilskipunarinnar taki til gengistryggðra lána. Það er að mati ráðuneytisins ekki sérstakt áhyggjuefni þar sem þýðing hennar er fyrst og fremst fólgin í því að ákvarða við hvaða aðstæður gjaldmiðill telst vera „erlendur“. Sú nálgun/aðferðarfræði getur átt við hvort sem um er að ræða lán í erlendum gjaldmiðlum eða lán í innlendum gjaldmiðli þar sem uppgjörsgreiðslur eru bundnar við erlendan gjaldmiðli.
- Sérstök athygli er vakin á því að skv. 1. mgr. 23. tilskipunarinnar ber aðildarríkjunum að tryggja að viðunandi lagarammi gildi um lán „tengd“ erlendum gjaldmiðlum, sbr. eftirfarandi orðalag: „*Member States shall ensure that, where a credit agreement relates to a foreign currency loan, an appropriate regulatory framework is in place...*“ Til samræmis við það og til að standa vörð um þann tilgang frumvarpsins að samræma heimildir til töku lána í erlendum gjaldmiðlum og gengistryggð lán er lagt til að hinar efnislegu takmarkanir sem fram koma í frumvarpsdrögum taki til „*lánessamninga sem tengdir eru erlendum gjaldmiðlum*“. Þannig er komið til móts við sjónarmið Seðlabanka Íslands.

B. Í umsögn Seðlabanka Íslands er áréttað mikilvægi þess að skilgreint verði hvað felist í verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum, sbr. þá tillögu sem fram kemur í 8. gr. frumvarpsdraganna er fylgdu minnisblaði ráðuneytisins.

- Fjármála- og efnahagsráðuneytisins vísar í þessu sambandi til sjónarmiða sem fram koma í þriðja minnisblaði ráðuneytisins sem sent var efnahags- og viðskiptanefnd í tilefni af umsögn Neytendastofu frá 22. apríl sl. (sjá umfjöllun í öðrum punkti C-liðar). Í umsögn Neytendastofu voru lagðar til ákveðnar viðmiðanir í þessum efnum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið teldi æskilegt að Seðlabankinn tæki afstöðu til á grundvelli fjármálastöðugleika.

**Annað minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins – um hugtakanotkun í 2., 4., 7. og 8. gr. frumvarpsins (eins og til greina kemur að þeim verði breytt).**

- 2. gr. frumvarpsins (varðar lög um vexti og verðtryggingu): „...Lánsfé í erlendum gjaldmiðlum oa lánsfé þar sem greiðslur breytast í samræmi við aenqi erlendra gjaldmiðla oa aenqisvísitölur...“
  - Með gildandi lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, voru heimildir til gengistryggingar, sem áður voru veittar skv. vaxtalögum nr. 25/1987, felldar úr gildi. Tilvitnað orðalag á sér að hluta fyrirmynd í 20. gr. síðarnefndu laganna, sbr. einnig lög nr. 13/1995. Bannið við gengistryggingu er nú leitt af ákvæðum VI. kafla gildandi laga en þau eru bundin við sparifé og lánsfé í íslenskum krónum. Íslenska krónan er lögeyrir hér á landi en um lögeyri annarra ríkja er notað orðið erlendur gjaldmiðill.
  - ESA telur að íslenska ríkið sé skuldbundið á grundvelli EES-samningsins til að aflétta banni við gengistryggingu. Í dómum Hæstaréttar hefur verið staðfest að gildssvið VI. kafla laga um vexti og verðtryggingu taki ekki til lána í erlendum gjaldmiðlum. Ákvæði 2. gr. frumvarpsins felur í sér að banni við gengistryggingu lána yrði aflétt með því að undanskilja slík lán gildissviði VI. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Tilvitnað orðalag er til að undirstrika þá efnislegu samstöðu sem lán þessi eiga með lánnum í erlendum gjaldmiðlum. Þetta er í samræmi við tilgang frumvarpsins.
- 4. gr. frumvarpsins (varðar lög um Seðlabanka Íslands): „lán tengd erlendum gjaldmiðlum“.
  - Tilvitnað orðalag vísar til lána þar sem greiðslur lántaka eru með einum eða öðrum hætti „tengdar“ við gengi erlends gjaldmiðils eða gengisvísitölur óháð því hvort slík lán flokkist sem lán í erlendum gjaldmiðlum eða gengistryggð lán. Meginsjónarmiðið að baki frumvarpinu er að sambærilegar takmarkanir eigi við um síkar lánveitingar. Orðalagið á sér fyrirmynd í 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands þar sem talað er um skuldbindingar og kröfur sem tengdar eru erlendum gjaldmiðlum.
- 7. gr. frumvarpsins (varðar lög um neytendalán): „lánssamninjur í erlendum gjaldmiðlum“.
  - Lagt er til að tilvitnað orðalag verði skilgreint í lögum um neytendalán til samræmis við tilskipun ESB um fasteignaveðlán, sem unnið er að því að innleiða. Samkvæmt þeirri skilgreiningu ræður staða íslensku krónunnar ekki úrslitum við mat á því hvort lán telst veitt í erlendum gjaldmiðlum, sbr. lög um vexti og verðtryggingu, heldur ræðst matið af því hvort lántaki fær tekjur í eða á eignir sem lánið ber að endurgreiða í eða hvort verið sé að veita lán í öðrum gjaldmiðli en lögeyri þess aðildarríkis sem lántaki er búsettur í.
- 8. gr. frumvarpsins (varðar lög um neytendalán): „lán tengd erlendum gjaldmiðlum“.
  - Tilvitnuðu orðalagi er ætlað að tryggja að hin efnislega takmörkun sem lögð er til í frumvarpsgreininni eigi við um lán þar sem greiðslur lántaka eru með einum eða öðrum hætti „tengdar“ við gengi erlends gjaldmiðils eða gengisvísitölur hvort sem litið er á slík lán sem lán í erlendum gjaldmiðlum eða gengistryggð lán.

**Sjöunda minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins**

Hinn 16. júní sl. barst fjármála- og efnahagsráðuneytinu umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til breytinga á 5. gr. frumvarpsins sem Vilhjálmur Bjarnason hefur lagt fram í efnahags- og viðskiptanefnd. Samkvæmt tillögunni eru skilyrði þess að veita megi neytendum lán tengd erlendum gjaldmiðlum ekki jafn ströng og gert var ráð fyrir í breytingartillögu sem fulltrúar ráðuneytisins og Seðlabankans kynntu 4. mars sl., sbr. umfjöllun í sjötta minnisblaði ráðuneytisins.

Seðlabanki Íslands byggir umsögn sína á mikilvægi þess að einstaklingum sé ekki veitt lán tengd erlendum gjaldmiðlum „*nema á móti tekjustreymi í samsvarandi gjaldmiðlum eða að viðkomandi leggi fram erlendar eignir eða fjárhagslegar tryggingar sem eyði gjaldeyrisáhættu út lánstímann*“. Bankinn vekur athygli á því að þótt slíkar takmarkanir varði neytendavernd sé tilvitnað sjónarmið fremur reist á forsendum fjármálastöðugleika. Seðlabankinn er þeirrar skoðunar að tillaga Vilhjálm gangi ekki nægilega langt með hliðsjón af aðstæðum hér á landi og reynslu annarra ríkja.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið skilur framangreindar áhyggjur Seðlabankans en bendir á að lögum um neytendalán er fyrst og fremst ætlað að standa vörð um hagsmuni neytenda. Lögnum er almennt ekki ætlað að koma í veg fyrir að aðilar semji um að vaxtagjöld og annar kostnaður sé breytilegur á lánstímanum svo fremi sem framsetningu slíkra skilmála sé hagað til samræmis við ákvæði laganna. Ákvæðin beinast m.a. að því að neytendur séu upplýstir um áhættu vegna lántöku og að þeir taki ekki á sig byrðar sem kunna að reynast þeim ofviða.

Ráðuneytið og Seðlabanki Íslands eru sammála um að tilefni sé til þess að herða skilyrði í lögum um neytendalán hvað varðar framkvæmd greiðslumats vegna lána sem tengjast erlendum gjaldmiðlum. Ráðuneytið telur aftur á móti með hliðsjón af tilgangi laganna að við útfærslu þeirra skilyrða eigi áherslan fyrst og fremst að vera á neytendaverndina fremur en fjármálastöðugleika þótt erfitt geti verið að greina þar á milli. Að nánar athuguðu máli er það niðurstaða ráðuneytisins að tillagan sem kynnt var á fundinum 4. mars sl. hafi byggst um of á síðarnefnda sjónarmiðinu.

Frumvarpið, eins og það var lagt fram, er reist á því meginsjónarmiði „*að viðkomandi neytandi verði að hafa fjárhagslega getu til að standast verulegar breytingar á gengi og verulegar breytingar á erlendum vöxtum á lánstímanum*“. Ráðuneytið telur að tillaga Vilhjálm falli vel að því sjónarmiði. Hins vegar mætti laga tillöguna betur að þeim ábendingum sem fram koma í umsögn Seðlabankans og gæti hún þá hljóðað svo:

*Lánveitandi skal þrátt fyrir fjárhæðarmörk 2. mgr. ávallt framkvæma greiðslumat á lántaka ef um er að ræða lán tengd erlendum gjaldmiðlum. Með fyrirvara um heimild Seðlabanka Íslands til að setja reglur um lán lánastofnana tengd erlendum gjaldmiðlum er heimilt að veita slík lán í eftirfarandi tilvikum:*

- i. að lántaki hafi nægilegar tekjur í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til að standa undir greiðslubyrði vegna lánsins að teknu tilliti til verulegra hækkana á vöxtum, eða*
- ii. að lántaki standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum, eða*

- iii. að lántaki standist greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum.

Skýring:

1. Með því að setja inn fyrirvara um heimild Seðlabanka Íslands til að setja reglur um lán lánastofnana tengd erlendum gjaldmiðlum er verið að áréttta heimild bankans til að binda greiðslumatið strangari skilyrðum en leiðir af almennu reglunni í lögum um neytendalán. Er hér um að ræða beina skírskotun til þess reglusetningarvalds sem Seðlabankanum er veitt á grundvelli 3. gr. frumvarpsins en þar er gert ráð fyrir að bankinn geti sett umræddar reglur að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs. Seðlabankinn hefur lagt til við ráðuneytið að frumvarpsgreinininni verði breytt á þann veg að í stað þess að tilmæli ráðsins verði að hafa borist geti Seðlabankinn sett slíkar reglur eða breytt þeim *að höfðu samráði við ráðið*. Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við þá tilhögun sem eykur svigrúm bankans til að grípa til ráðstafana á grundvelli ákvæðisins.
2. Með hliðsjón af ábendingu Seðlabanka Íslands um að framsetningin á tillögu Vilhjálmss þurfi að taka meira mið af stöðu þeirra sem eru með tekjur í erlendum gjaldmiðlum er lagt til að í tillögunni verði árétttað að heimilt verði að veita neytendum lán tengd erlendum gjaldmiðlum séu þeir með nægilegar tekjur í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til að standa undir greiðslubyrði vegna lánsins að teknu tilliti til verulegra hækkana á vöxtum. Þá er einnig lagt til að fjárhagslegar tryggingar verði að vera til þess fallnar að eyða gjaldeyrisáhættu.
3. Að lokum leggur ráðuneytið til að sá hluti tillögu Vilhjálmss um að heimila neytanda að færa lánsfjárhæð yfir í annan gjaldmiðil á lánstímanum sæti endurskoðun í ljósi ábendinga sem fram koma í umsögn Seðlabankans. Hægt væri að taka þetta til nánari skoðunar í tengslum við innleiðingu fasteignaveðlánaþilskipunar ESB sem unnið er að á vegum ráðuneytisins.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

24. mars 2015  
Tilvísun: 2015030029

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl., 561. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán, varúðarreglur).

Frumvarpið felur í sér afléttingu banns núgildandi laga við veitingu gengistryggðra lána, samræmingu reglna sem gilda munu um veitingu lána í erlendum gjaldmiðlum og gengistryggðra lána, setningu sérstakra varúðarreglna við veitingu slíkra lána til neytenda og heimild Seðlabanka Íslands til setningar almennra varúðarreglna vegna slíkra lánveitinga að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs.

Fjármálaeftirlitið kom að undirbúningi frumvarpsins en stofnunin átti fulltrúa í nefnd sem falið var að endurskoða bann íslenskra laga við gengistryggðum lánum, í kjölfar rökstudds álits Eftirlitsstofnunar EFTA frá 22. maí 2013, og fjalla um innleiðingu varúðarreglna vegna hættu sem fjármálakerfinu stafar almennt af erlendum lánum.

Með hliðsjón af markmiðum um fjármálastöðugleika er að mati Fjármálaeftirlitsins æskilegt, samhliða afléttingu banns við gengistryggðum lánveitingum, að takmarka veitingu erlendra lána til neytenda með sérstökum varúðarreglum og tryggja með þeim að einungis verði heimilt að veita neytendum sem varðir eru fyrir gjaldeyrisáhættu slík lán. Fjármálaeftirlitið mælist því til þess að 5. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að kveðið verði á um að einungis verði heimilt að veita þeim neytendum erlend lán, sem varðir eru fyrir gjaldeyrisáhættu með erlendum tekjum og/eða tryggingum eða öðrum sértækum tryggingarráðstöfunum. Að öðru leyti styður Fjármálaeftirlitið samþykkt frumvarpsins.

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar og fara nánar yfir umsögn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Anna M. Karlsdóttir

Gísli Örn Kjartansson



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 -108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH15U144.0561

Dags. 9.6.2015

**Efni: Þriðja viðbótarumsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 561. mál á 144. löggjafarþingi**  
Vextir og verðtrygging o.fl. (erlend lán, varúðarreglur)

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu,  
lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa áður tjáð afstöðu sína til þess frumvarps sem hér um ræðir með umsögnum. Þann 5. júní óskaði efnahags- og viðskiptanefnd sérstaklega eftir afstöðu samtakanna til breytingartillögu í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. maí, við 10. gr. laga um neytendalán varðandi skilyrði þess að veita neytendum "lán tengd erlendum gjaldmiðlum".

Helstu athugasemdir Hagsmunasamtaka heimilanna lúta að því að líkt og í frumvarpinu sjálfu er í tillögu þessari gert ráð fyrir að heimilað verði að veita gengistryggð lán. Samtökin eru alfarið andvíg þeirri fyrirætlan og vísa til fyrstu umsagnar sínar þar sem var rækilega gerð grein fyrir því að slík lán fela í raun í sér blekkingarleik sem ber að stemma stigu við. Jafnframt er gengistrygging aðeins eitt form verðtryggingar fjárskuldbindinga í íslenskum krónum, en samtökin leggjast almennt gegn verðtryggingu neytendalána yfir höfuð, sama hvort miðað sé við gengi eða verðlag.


Breytingartillaga sú sem hér um ræðir felur í sér heimildarákvæði, sem í núverandi mynd hefði það í för með sér að heimilt yrði að veita neytendum "lán tengd erlendum gjaldmiðlum". Með því er aftur á móti ekki gerður neinn greinarmunur á annars vegar gjaldeyrislánum og hinsvegar gengistryggðum lánum en það telja samtökin varhugavert og til þess fallið að valda misskilningi. Þar sem raunveruleg gjaldeyrislán eru samkvæmt núgildandi rétti almennt leyfileg er óþarft að heimila þau sérstaklega. Jafnframt getur allt eins komið til greina að neytandi taki lán í íslenskum krónum og skipti þeim í erlendan gjaldeyri þurfi hann raunverulega á því að halda, t.d. vegna viðskipta erlendis. Þannig er engin sýnileg þörf fyrir gengistryggð neytendalán og leggjast samtökin þar af leiðandi alfarið gegn því að núgildandi banni við gengistryggingu verði haggð. Þrátt fyrir að raunveruleg lán í erlendum gjaldeyri yrðu eftir sem áður heimil fylgir þeim gengisáhætta fyrir lántaka og er því vel við hæfi að mati Hagsmunasamtaka heimilanna, að settar verði reglur til að takmarka þá áhættu, líkt og í hinni umræddu tillögu. Talsvert hefur verið fjallað um það við meðferð málsins, nákvæmlega í hverju slík skilyrði eigi að felast, og hafa verið nefnd til sögunnar atriði á borð við tekjur eða eignir lántaka í hinum erlenda gjaldmiðli, strangara greiðslumat en almennt á við þar sem sérstaklega sé gert ráð fyrir gengisbreytingum, og fleira.

Hagsmunasamtök heimilanna telja það sæta furðu að með þeirri tillögu sem hér um ræðir sé horfið frá því skilyrði sem kom fram í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 15. apríl, að lántaki hafi tekjur í hinum erlenda gjaldmiðli, en samtökin mælast til hins gagnstæða, þ.e. að það verði frumskilyrði lánveitingar að lántaki hafi tekjur í sama gjaldmiðli og er veittur að láni. Þá vilja samtökin benda á að samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán má árleg hlutfallstala kostnaðar á neytendalánum ekki nema meira en 50 hundraðshlutum að viðbættum stýrivöxtum, og er því ljóst að kostnaður við slíkt lán getur aldrei svo löglegt sé farið yfir það hámark. Til að leysa úr álitafnum varðandi mat á því hvað teljist vera svo verulegar breytingar á greiðslubyrði að forsendur lánssamnings séu brostnar, er því eðlilegt að auk umsaminna lánskjara miðað við fast gengi (0% hækkun), verði einnig litið til þess hámarkskostnaðar sem heimilt er að innheimta. Samtökin mælast reyndar til þess að gengið verði lengra og breytanleiki hámarksins með hliðsjón af stýrivöxtum verði afnuminn og það verði fastsett. Auk þess verði hugað að því, þar á meðal í tengslum við innleiðingu tilskipunar um fasteignaveðlán, að leggja samskonar en talsvert lægra hámark á lánskostnað, sérstaklega vegna fasteignaveðlána.

Ákvæði umræddrar tillögu um rétt til að breyta láni úr erlendum gjaldmiðli yfir í íslenskar krónur ef forsendur lánveitingarinnar breytast verulega, er athyglisvert að mörgu leyti. Það felur einkum í sér að í þessu sambandi skuli miða við 20% breytingar á höfuðstól eða greiðslubyrði. Þessi skilgreining á forsendubresti vegna hækkunar lána er nokkuð merkileg, einkum með hliðsjón af sögulegri þróun verðtryggðra lána hér á landi. Á þeim tveimur áratugum sem liðið hafa frá gildistöku laga um vísitölu neysluverðs, hefur hún hækkað um rúmlega 245%. Verðtryggt lán til 40 ára með jöfnum afborgunum hefði því á sama tíma hækkað um helming þess að jafnaði eða tæplega 123% og jafngreiðslulán jafnvel enn meira. Árið 2008 nam hækkunin á því eina ári einmitt tæplega 20% og samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands námu áfallnar verðbætur helmingi allra verðtryggðra skulda heimilanna í árslok 2010. Samtökin eru því efnislega hlynnt síðustu málsgrein breytingartillögunnar, og mælast enn fremur til þess að samskonar ákvæði verði lögfest vegna lána sem eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs, þannig að hækki þau um meira 20% skuli neytandi eiga rétt á því að láninu verði þá breytt yfir í lán í óverðtryggðum íslenskum krónum.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmei Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

## Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 - 108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0561

Dags. 23.3.2015

### **Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 561. mál á 144. löggjafarþingi**

Vextir og verðtrygging o.fl. (erlend lán, varúðarreglur)

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu,  
lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán*

Frumvarp það sem hér er til umsagnar lýtur í meginráttum að tveimur atriðum. Í fyrsta lagi er lagt til að afnema verðtryggingu neytendalána miðað við hlutabréfavísitölur. Í öðru lagi eru lagðar til margvíslegar breytingar og viðbætur við ýmis lög, sem lúta að svokölluðum erlendum lánnum.

#### *I. Verðtrygging neytendalána*

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, til að verðtryggja lánasamninga miðað við hlutabréfavísitölur, verði afnumin hvað varðar neytendalán. Hagsmunasamtök heimilanna eru hlynnt þessari tillögu enda vandséð að slík vísitölutenging geti átt erindi í neytendalánnum. Telja má að slík lán séu sjaldgæf og þau eiga eðli málsins samkvæmt frekar heima í viðskiptum fagfjárfesta. Tillagan samræmist jafnframt yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr vægi verðtryggingar, einkum í neytendalánnum.

Hagsmunasamtök heimilanna vekja hinsvegar athygli á því að það er einnig yfirlýst stefna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, að afnema tengingu neytendalána við vísitölu neysliverðs, sem hefur reynst áhættusöm og mörgum neytendum erfiður baggi. Þess vegna sætir það furðu að fram komi frumvarp með tillögu af þessu tagi, án þess að gengið sé alla leið og jafnframt lagt til að afnema verðtryggingu neytendalána miðað við vísitölu neysliverðs. Það mætti reyndar hæglega gera með einfaldri breytingu á 1. gr. frumvarpsins þar sem í stað "2. mgr" kæmi "1. og 2. mgr."

Aðrar greinar frumvarpsins en 1. gr. lúta að því að leiða í lög ýmis ákvæði um gengistryggð lán og lán í erlendum gjaldmiðlum. Fyrst má nefna 2. gr. sem lýtur að skilgreiningu hugtaksins "erlent lán" en þar er lagt til að það verði látið taka til bæði lána í erlendum gjaldmiðlum og gengistryggðra lána í íslenskum krónum. Hagsmunasamtök heimilanna telja þessa hugtakanotkun ranga og villandi, og annað sem henni tengist í frumvarpinu sé bundið svipuðum annmörkum. Jafnframt eru samtökin mótfallin lögleiðingu gengistryggingar eins og verður nánar rakið hér á eftir.

## II. Hugtakaskilgreiningar

Áður en lengra er haldið er rétt að gera grein fyrir núverandi staðreyndum og stöðu mála er varða lán sem hafa eitthvað með tengingu við erlenda gjaldmiðla eða útlönd að gera. Til þess að skýra málið betur er rétt að skilgreina fyrst þau hugtök sem máli skipta:

**Gengistryggt lán:** Lán í íslenskum krónum sem er verðtryggt miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Slíkt lán er eðli máls samkvæmt veitt í íslenskum krónum en höfuðstólsfjárhæð og þar með afborganirnar óbeint, eru tengd við gengi erlendra gjaldmiðla og er lánið endurgreitt með íslenskum krónum. Slík lán eru nánast undantekningalaust innlend lán, þar sem erlendir bankar hafa aldrei veitt neytendum lán í íslenskum krónum. Gengistryggð lán eru ekki heldur veitt lengur hér innanlands því þau eru ólögleg og enn er uppi ágreiningur um lögmætt uppgjör þeirra.

**Gjaldeyrislán:** Lán sem er í raun tekið í erlendum gjaldeyri. Gjaldeyrislán geta verið í hinum ýmsu gjaldmiðlum erlendra ríkja. Gjaldeyrislán eru leyfileg á Íslandi og hafa verið það lengst af, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda aðila. Eftir hrun fjármálakerfisins var til dæmis tekið stórt gjaldeyrislán fyrir Seðlabanka Íslands og höft sett á gjaldeyrisviðskipti annarra innlendra aðila, en burtséð frá höftunum er samt ennþá heimilt að lána erlendan gjaldeyri eða þiggja hann að láni frá þeim sem eiga eitthvað af honum, ef þeir kjósa að semja sín á milli um slíkar lánveitingar.

**Erlent lán:** Lán sem er tekið frá erlendum aðila. Dæmi um erlent lán gæti verið ef íslenskt fyrirtæki myndi taka lán hjá þýskum banka. Slíkt lán gæti svo sem verið í hvaða gjaldmiðli sem er en líklegt má þó telja að lán erlendis frá séu jafnan veitt í gjaldmiðlum viðkomandi landa. Lántaki getur þá venjulega skipt lánsfénu sjálfur í aðra mynt eftir þörfum. Ekki er vitað um nein erlend neytendalán Íslendinga, enda hafa erlendir bankar aldrei boðið neytendalán hér á landi.

**Innlent lán:** Lán sem er tekið frá innlendum aðila. Öll lán sem tekin eru af Íslendingum frá íslenskum lánveitendum eru innlend. Engin þeirra eru erlend og skiptir engu máli um það í hvaða gjaldmiðli þau kunni að hafa verið veitt. Hvort lán er innlent eða erlent segir einfaldlega til um hvort lánsféð komi frá Íslandi eða öðru landi, en innlendum aðilum hefur verið heimilt lengst af að lána hvor öðrum hverjar þær myntir sem þeir kunna að hafa til umráða. Þannig er ekkert sem bannar innlendum aðilum að taka gjaldeyrislán hvor hjá öðrum kjósi þeir það.

**Skýringar:** Algjört lykilatriði er að rugla ekki saman þessum ólíku hugtökum. Gjaldmiðill láns hefur ekkert að gera með þjóðerni þess, heldur ræðst það af upprunum hvort lán sé erlent eða innlent. Staðreyndin er sú að í umræðu um slík lán hér innanlands er nánast alltaf um að ræða innlend lán sem tekin hafa verið af Íslendingum hjá íslenskum lánastofnunum.

Nokkur ágreiningur hefur staðið um hvort lán séu í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum, en þar er samt alltaf um innlend lán að ræða. Sá ágreiningur lýtur ekki að þjóðerni lána, heldur því einfalda atriði hvort um lán í erlendum gjaldmiðli eða íslenskum krónum sé að ræða. Ágreiningi þessum hefur fyrst og fremst verið hreyft af lánastofnunum, einmitt vegna þess að gjaldeyrislán eru lögleg, en gengistryggð lán í íslenskum krónum ekki. Með því eru lánastofnanir einfaldlega að gæta hagsmuna sinna og að reyna að hámarka heimtur af útlánasöfnum sínum.

Sá grundvallarmunur er á lánum í erlendum gjaldmiðlum og gengistryggðum lánum í íslenskum krónum að til þess að veita raunverulegt lán í erlendri mynt þarf banki að eiga erlendan gjaldeyri til þess að láta af hendi. Því er hinsvegar öðruvísi farið með lán í íslenskum krónum.

### III. Gengisbundnar eignir jafngilda ekki gjaldeyriseignum

Eins og áður hefur komið fram er grundvallarmunur á lánum í erlendum gjaldmiðlum og lánum í íslenskum krónum sem eru tengd gengi erlendra gjaldmiðla. Sá munur skiptir ekki aðeins máli fyrir gildi þeirra að lögum og framkvæmd gagnvart neytendum, heldur ekki síður hvað varðar meðferð þeirra innan bankakerfisins. Bann við gengistryggingu hefur verulega þýðingu í þeim efnum.

Þrátt fyrir bann með lögum nr. 38/2001 fékk ólögleg gengislánastarfsemi að þrífast um árabíl hér á landi, ekki aðeins án afskipta heldur beinlínis í skjóli fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt gögnum sem stofnunin hefur birt á vefsíðu sinni, höfðu sum þeirra fyrirtækja sem veittu slíkt lán, jafnvel hvorki starfsleyfi til viðskipta með gjaldeyri, gengisbundin bréf, eða framvirka samninga sem sum þeirra fjármögnuðu sig með eins og kemur fram í ársreikningum þeirra sjálfra. Þar sem þessar upplýsingar koma beinlínis fram í gögnum frá fjármálaeftirlitinu sjálfu, er óhjákvæmileg sú ályktun að stofnunni hafi mátt vera fullljóst að þau fyrirtæki hafi brotið gegn skilyrðum starfsleyfa sinna.

Einnig má lesa í gögnum frá Seðlabanka Íslands fjálglega umfjöllun um gengisbundin útlán til íslenskra heimila og fyrirtækja frá því árabili sem þessi umræddu lögbrot áttu sér stað, án þess að þar séu gerðar neinar athugasemdir við slíkt athæfi heldur þvert á móti látið eins og um eðlileg viðskipti hafi verið að ræða. Þessu í ofanálæg þá setti seðlabankinn reglur nr. 387/2002 um gjaldeyrisjöfnuð þar sem lánaþyrirtækjum var beinlínis heimilað að bókfæra gengisbundin útlán í krónum til innlendra aðila, eins og um erlendar eignir í erlendum gjaldmiðlum væri að ræða. Svo virðist sem í skjóli þeirra hafi farið fram fölsun á raunverulegri gjaldeyrisstöðu fjármálaþyrirtækja sem nemur að minnsta kosti hundruðum milljarða. Þessar reglur hafa verið endurnýjaðar alls þrisvar án þess að bókfærslu gengisbundinna krónuliða hafi verið breytt svo neinu nemi, fyrst 2006, svo 2008, og nú síðast með reglum nr. 950 þann 6. desember 2010, tæpu hálfu ári eftir að Hæstiréttur Íslands hafði dæmt gengistryggingu lána ólöglega (sjá fylgiskjöl).

Þá verður ekki annað ályktað en að seðlabankanum hljóti að hafa verið fullljóst um bann við gengistryggingu enda sat þáverandi seðlabankastjóri í fimm manna nefnd sem samdi frumvarpið til laganna nr. 38/2001. Í þeirri nefnd sat einnig fulltrúi fjármálaþyrirtækja og sparisjóða, en af greinargerð með frumvarpinu og umsögn Samtaka banka og verðbréfaþyrirtækja (forvera Samtaka fjármálaþyrirtækja), má ráða að fulltrúum og talsmönnum þeirra hafi mátt vera fullljóst um það bann við gengistryggingu lánsfjár sem kveðið var á um með þeim lögum. Engu að síður fæst ekki betur séð en að allir fyrrnefndir aðilar hafi lagst á eitt um að greiða götu hinnar ólöglegu starfsemi og starfrækja hana. Þegar gengistryggð lán voru loks dæmd ólögleg brugðust seðlabankinn og fjármálaeftirlitið, hinir meðvirku aðilar í þessum afbrotum, við þeirri niðurstöðu með því að gefa út sameiginleg tilmæli um endurákvörðun vaxtaskilmála. Þau tilmæli fólu í sér inngrip í samninga á milli einkaaðila án þess að fyrir slíku væri nein lagastoð eins og umboðsmaður Alþingis komst að niðurstöðu um í sameinuðum málum embættisins nr. 6077/2010 og 6436/2011.

Með því að lána frekar gengistryggðar krónur en raunverulegan gjaldeyri hafa lánveitendur getað með ólögætum hætti öðlast ávinning af lánveitingum líkt og um gjaldeyrislán væri að ræða, án þess að þurfa að láta raunverulegan gjaldeyri af hendi. Hvort sá gjaldeyri hafi nokkurntíma verið fyrir hendi er óleyst álitaefni. Í opinberum ritum eða skýrslum um rannsóknir á starfsemi bankanna á síðasta áratug og hrúni þeirra árið 2008, hefur hvergi verið tekið á þessu með heildstæðum hætti eða reynt að upplýsa hvernig slíkum viðskiptum var háttað í raun og veru. Afar brýnt er að þessi mál verði rannsökuð til hlítar áður en lagastoð verði skotið undir slíkar svikamyllur.

#### *IV. Sjónarmið atvinnurekenda og Eftirlitsstofnunar ESA*

Í greinargerð með því frumvarpi sem hér er til umsagnar kemur fram að eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telji að bann íslenskra laga við gengistryggingu samræmist ekki meginreglu EES-samningsins um frjálst fjármagnsflæði, sbr. rökstutt álit stofnunarinnar frá 22. maí 2013. Stofnunin hafi síðan þá gert íslenskum stjórnvöldum það ljóst að verði hinu fortakslausa banni ekki aflétt megi búast við að málinu verði stefnt fyrir EFTA-dómstólinn. Þar kemur einnig fram að íslensk stjórnvöld hafi í svörum sínum til stofnunarinnar fallist á að endurskoða bannið við gengistryggingu lána og að einnig spili inn í sú afstaða fulltrúa atvinnulífsins sem telja hagræði geta falist í gengistryggingu.

Um þetta er það helst að segja að Hagsmunasamtök heimilanna gera alvarlegar athugasemdir við að einhliða sé tekið mið af sjónarmiðum fulltrúa atvinnulífsins, á meðan ekkert samráð var haft við samtökin eða aðra fulltrúa neytenda við samningu frumvarpsins. Þá er framsetning á sjónarmiðum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við þeim nokkuð einkennileg því henni ber ekki fyllilega saman við þau sjónarmið sem sett eru fram af hálfu Íslands í bréfi til ESA þann 15. júlí 2013. Í bréfinu er að mörgu leyti tekið í sama streng og í þeim athugasemdum sem hér hefur verið gerð grein fyrir varðandi þann greinarmun sem þarf að gera á lögmætum lánum í erlendum gjaldmiðlum, og banni við gengistryggingu lána í íslenskum krónum. Það kemur því talsvert á óvart að með frumvarpi þessu virðist vera gefið eftir að talsverðu leyti gagnvart kröfum stofnunarinnar. Sérstaklega er bent á að óumdeilt virðist vera af hálfu ESA að málefnaleg rök kunni að vera fyrir banni við gengistryggingu neytendalána. Þess vegna skýtur það enn frekar skökku við að með frumvarpinu virðist vera slakað á þeim kröfum hvað varðar neytendalán sérstaklega.

Hagsmunasamtök heimilanna lýsa vonbrigðum yfir því að svo virðist sem íslensk stjórnvöld hafi að talsverðu leyti gefið eftir fyrir kröfum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í þessu tiltekna máli. Aftur á móti telja samtökin að afstaða stofnunarinnar séu ekki á traustum rökum reist, eða jafnvel kunni hún einfaldlega að vera á misskilningi byggð. Eðli málsins samkvæmt hafa reglur um lánveitingar milli innlendra aðila á Íslandi ekkert með reglur um frjálsa flutninga fjármagns milli landa að gera, og vekur það talsverða undrun að stofnun á borð við ESA skuli ekki gera sér fyllilega grein fyrir því. Af þeim ástæðum væri jafnvel enn ríkari ástæða en ella til að láta reyna á þessi sjónarmið fyrir EFTA-dómstólnum, eins og stofnunin hefur boðið íslenskum stjórnvöldum að gera. Samtökin hvetja eindregið til þess að fyrirliggjandi ákvörðun um að taka ekki til varna fyrir hönd Íslands í máli þessu, verði tekin til endurskoðunar áður en umrætt frumvarp nái fram að ganga.

#### *V. Afstaða Hagsmunasamtaka heimilanna*

Hagsmunasamtök heimilanna telja að það frumvarp sem hér er um ræðir sé á veikum grunni byggt og að stóru leyti röngum forsendum, auk þess sem útfærsla þess felur í sér afbökun á staðreyndum, ekki síst með beinlínis rangri hugtakanotkun. Þá eru samtökin andvíg því meginefni frumvarpsins að slaka á nágildandi banni við gengistryggingu. Afstaða samtakanna er í meginatriðum þessi:

1. Gjaldeyrslán eru leyfileg, og er því engin þörf á sérstakri lagasetningu til þess að áréttta það.
2. Gengistryggð lán eru bönnuð af góðum ástæðum, einkum að þau leiða í raun af sér fölsun á gjaldeyrisstöðu fjármálafyrirtækja, og getur lagasetning sem þessi engu breytt um það atriði.
3. Tillögur um að skilyrða gjaldeyrslán við tiltekna hópa neytenda fela í raun í sér mismunun.
4. Hótanir ESA eru innihaldslausar og Ísland ætti að taka til varna fyrir EFTA-dómstólnum.
5. Rýmkun á heimildum til verðtryggingar fer þvert gegn fyrirheitum um afnám hennar.

## VI. Tillögur um breytingar

Hagsmunasamtök heimilanna leggja til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á því frumvarpi sem hér er til umsagnar, meðal annars til leiðréttingar á hugtakanotkun en ekki síst til þess að samræma það betur þeirri stefnu að draga úr vægi verðtryggingar, einkum í neytendalánunum.

### Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu,  
lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán, varúðarreglur).

1. Í stað orðanna “2. mgr.” í 1. gr. komi: 1. og 2. mgr.
2. 2. gr. færist undir II. kafla og orðist svo:  
Í stað orðanna “sem tengdar eru” í 2. másl. 13. gr. laganna komi:  
sem sammanlega eru í
3. Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr.:
  - a. Í stað orðanna “samkvæmt skilgreiningu laga um vexti og verðtryggingu” í 2. mgr. komi:  
og lán í erlendum gjaldmiðlum
  - b. Á eftir orðunum “erlend lán” í 1. másl. 3. mgr. komi:  
og lán í erlendum gjaldmiðlum
  - c. Orðin “tiltekna hópa” í 2. másl. 3. mgr. falli brott.
4. Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr.:
  - a. Orðin “eða er háð gengi annars gjaldmiðils” í a-lið falli brott.
  - b. Í stað orðanna “erlendra lána” í b-lið komi:  
lána í öðrum gjaldmiðli en þeim sem lántaki er með tekjur í

#### Greinargerð:

Tillaga þessi felur það í sér að auk þess að leggja bann við verðtryggingu neytendalána miðað við hlutabréfavisitölur muni það bann einnig ná til verðtryggingar miðað við vísitölu neysluverðs, í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda þar að lútandi. Þá eru jafnframt lagðar til leiðréttingar á notkun hugtaka til þess að gera skýran og réttan greinarmun á lánunum í erlendum gjaldmiðlum og lánunum í íslenskum krónum með verðtryggingu miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Þar sem slík gengistrygging leiðir í raun af sér ákveðna blekkingu er lagt til að núgildandi bann við henni verði áfram í gildi óbreytt. Loks er lagt til að orðalag ákvæða um skilyrði fyrir lánveitingum í erlendum gjaldmiðlum til neytenda verði gert skýrara og fært til betra samræmis við jafnræðissjónarmið.

- o -

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmey Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

**Fylgiskjöl:** 1-4. Yfirlit FME yfir starfsheimildir fjármálafyrirtækja, 19.3.2007, 9.5.2007 og br. 1.7.2007-30.6.2009  
5. Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 2/2004 um framkvæmd á lausafjárstýringu gengisbundinna liða  
6-9. Reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð nr. 387/2002, 318/2006, 577/2008, 950/2010















Yfirlit yfir starfslevfi sbr. 2. kafli laga nr. 161/2002

Main table with columns for various companies (e.g., Vísíðkiptabankar, Sparisjóðir) and rows for legal provisions (e.g., Leifsskvið starfsemi, Starfshemildir viðskiptabanka). Contains 'X' and 'X²' markers.

Summary column on the right side of the main table, containing numerical values for each row.

1 = á eingöngu við móttöku annarra endurgreiðanlegra fjármuna en innlána.
2 = en eingöngu hvað varðar verðbréf útgáfan af Lánasjóði sveitarfélaga.
3 = en eingöngu viðskipti fyrir eigin reikning, ekki fyrir viðskiptavinum.
4 = en eingöngu til þess að annast útbúi á eigin bréfum.

22. desember 2009

**Breytingar er varða starfsleyfi og heiti fjármálafyrirtækja frá 1. júlí 2007 til 30. júní 2009.**

Þann 31. júlí 2007 var nafni lánaafyrirtækisins Kreditkort hf. var breytt í Borgun hf.

Þann 28. ágúst 2007 fékk Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf. starfsleyfi sem viðskiptabanki. (Hafði starfsleyfi sem lánaafyrirtæki frá 2. janúar 2004.)

Þann 29. ágúst 2007 fékk Askar Capital hf. starfsleyfi sem lánaafyrirtæki (fjárfestingarbanki).

Þann 6. september 2007 var nafni lánaafyrirtækisins Greiðslumiðlun hf. breytt í Valitor hf.

Þann 14. september 2007 fékk A Verðbréf hf. starfsleyfi sem verðbréfamíðlun.

Þann 14. september 2007 fékk Lánasjóður sveitarfélaga ohf. starfsleyfi sem lánaafyrirtæki. (Félagið yfirtók starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga sem hafði starfsleyfi sem lánaafyrirtæki frá 17. ágúst 2005).

Þann 19. september 2007 var Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis breytt í hlutafélag.

Þann 14. nóvember 2007 fékk Sparisjóður Kópavogs samþykki fyrir samruna við Byr sparisjóð. (Reikningsleg dagsetning samrunans er 1. janúar 2007).

Þann 22. febrúar 2008 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðsins í Keflavík við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda.

Þann 22. febrúar 2008 fékk Kreditkort starfsleyfi sem lánaafyrirtæki.

Þann 27. febrúar 2008 skilaði Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. (áður Verðbréfaþjónusta Sparisjóðsins hf.) starfsleyfi sínu til Fjármálaeftirlitsins.

Þann 7. mars 2008 veitti Fjármálaeftirlitið samþykki fyrir samruna Sparisjóðs Skagafjarðar við Sparisjóð Siglufjarðar. Nafni hins sameinaða sparisjóðs var þann 10. mars 2008 breytt í Afl – sparisjóður.

Þann 18. mars 2008 var heiti verðbréfaafyrirtækisins NordVest Verðbréf hf. breytt í Reykjavík Capital hf.

Þann 19. mars 2008 veitti Fjármálaeftirlitið samþykki fyrir samruna Sparisjóðs Norðlendinga við Byr sparisjóð.

Þann 31. mars 2008 var H.F. Verðbréfum hf. veitt aukið starfsleyfi sem verðbréfaafyrirtæki og starfsleyfi félagsins endurútféfið með tilliti til nýrra starfsheimilda.

Þann 18. apríl 2008 fékk Rekstrarfélag Sparisjóðanna hf. aukið starfsleyfi og tekur starfsleyfi félagsins nú til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu. Þann 22. september 2008 var nafni Rekstrarfélags Sparisjóðanna hf. breytt í Rekstrarfélag Byrs hf.

Þann 25. apríl 2008 veitti Fjármálaeftirlitið Auði Capital hf. starfsleyfi sem verðbréfaafyrirtæki.

Þann 6. júní 2008 veitti Fjármálaeftirlitið Aga Verðbréfum hf. starfsleyfi sem verðbréfamíðlun.

Þann 29. ágúst 2008 skilaði A Verðbréf hf. starfsleyfi sínu til Fjármálaeftirlitsins.

Þann 9. október 2008 tók gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf. Nafni þess síðarnefnda var breytt í NBI hf. þann 22. október 2008.

Þann 10. október 2008 fékk MP fjárfestingarbanki hf. starfsleyfi sem viðskiptabanki. (Hafði starfsleyfi sem lánaþyrirtæki frá 24. október 2003.) Þann 14. október 2008 var nafni bankans breytt í MP banki hf.

Þann 15. október 2008 tók gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf., dags. 14. október 2008. Nafni þess síðarnefnda var breytt í Íslandsbanki hf. þann 20. febrúar 2009.

Þann 17. október 2008 var heiti Icebank hf. breytt í Sparisjóðabanki Íslands hf.

Þann 22. október 2008 tók gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf., dags. 21. október 2008.

Þann 24. nóvember 2008 var Glitni banka hf. og Kaupþing banka hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar en Landsbanka Íslands hf. var veitt heimild þann 5. desember 2008.

Þann 12. desember 2008 var nafni Rekstrarfélags MP Fjárfestingarbanka hf. breytt í MP sjóðir hf.

Þann 9. mars 2009 tók gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um skipan skilanevndar fyrir Straum-Burðarás Fjárfestingarbanka hf. og þann 17. mars 2009 tók gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun skuldbindinga bankans. Þann 19. mars 2009 var Straumi-Burðarás Fjárfestingarbanka hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar sem nú gildir til 10. september 2010.

Þann 21. mars 2009 tók gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis auk þess að skipuð var skilanevnd fyrir sparisjóðinn.

Þann 21. mars 2009 tók gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf. Þann 27. mars 2009 var skipuð skilanevnd fyrir bankann. Þann 23. mars 2009 var bankanum veitt heimild til greiðslustöðvunar sem nú gildir til 15. september 2010.

Þann 3. apríl 2009 tók gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstafanir í samræmi við kaupsamning Sparisjóðs Mýrasýslu og Nýja Kaupþings banka hf. Þann 27. apríl 2009 var sparisjóðnum veitt heimild til greiðslustöðvunar sem gildi til 30. júní 2009. Með úrskurði héraðsdóms 30. september 2009 var Sparisjóði Mýrasýslu veitt heimild til að leita nauðasamninga við lánardrottna sína.

Þann 23. júní 2009 veitti Fjármálaeftirlitið, Rós Invest hf. starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða.

# FJÁRMÁLA<sup>e</sup>FTIRLITIÐ

## Leiðbeinandi tilmæli

nr. 2/2004

um framkvæmd á lausafjárstýringu gengisbundinna liða hjá  
fjármálafyrirtækjum

**Ekki í gildi**

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með  
fjármálastarfsemi.

2. nóvember 2004

## I. Inngangur

Gengisbundnir liðir hafa verið vaxandi þáttur í umsvifum fjármálafyrirtækja, einkum viðskiptabanka, á undanförunum árum. Þannig hefur verulegur hluti af fjármögnun útlána bankanna undanfarin ár verið í formi erlendar lántöku. Ýmis konar áhætta tengist gengisbundnum liðum sem sérstaklega þarf að huga að. Í því sambandi má nefna gengisáhættu vegna misvægis í eignum og skuldum, óbeina gengisáhættu vegna lánveitinga til aðila sem ekki eru með tekjur í viðkomandi mynt og endurfjármögnunaráhættu vegna tiltölulega skamms eftirstöðvatíma erlendra lána. Með eftirfrandi leiðbeinandi tilmælum er stuðlað að vönduðum vinnubrögðum við lausafjárstýringu á gengisbundnum liðum hjá fjármálafyrirtækjum.

Tilmælin eiga fyrst og fremst erindi til viðskiptabankanna vegna umsvifa þeirra í gengisbundnum viðskiptum en þau geta einnig átt við um önnur fjármálafyrirtæki að einhverju eða öllu leyti og fer það eftir eðli og umfangi gengisbundinna liða í starfsemi þeirra.

Vakin er athygli á að í kafla II hér á eftir er ekki fjallað um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja varðandi áhættur og áhættustýringu sem tengjast gengisbundnum liðum en mikilvægt er að fjármálafyrirtæki hugi að upplýsingagjöf um þessa þætti í reikningsskilum hverju sinni. Í þessu sambandi er minnt á að Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sem fyrirhugað er að taki gildi fyrir samstæðuuppgjör skráðra fyrirtækja frá og með árinu 2005, kveða m.a. á um upplýsingagjöf varðandi áhættur í starfseminni og áhættustýringu.

Rétt er að taka fram að skv. 17. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, getur Fjármálaeftirlitið sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis. Betur þykir fara á því að setja grunnatriði um bestu framkvæmd lausafjárstýringar í leiðbeinandi tilmæli. Að fenginni æynslu yrði tekin afstaða til frekari reglna á þessu sviði.

## II. Efni leiðbeinandi tilmæla um bestu framkvæmd fjármálafyrirtækja við lausafjárstýringu gengisbundinna liða.

1. Skipulag og ábyrgð. Skipulag og ábyrgð lausafjárstýringar þarf að vera skýrt í stjórnskipulagi banka.
2. Stefna. Æðstu stjórnendur þurfa að marka stefnu um lausafjárstöðu og lausafjárstýringu. Sérstaklega skal mörkuð stefna um lausafjárstýringu gengisbundinna liða<sup>1</sup>.
3. Umfjöllun æðstu stjórnenda. Stjórn, æðstu stjórnendur og aðrir sem málið varðar, s.s. eigna- og skuldastýringarnefnd eða álíka, skulu fjalla reglulega um lausafjárstýringu.
4. Viðmið. Sérhver banki skal að lágmarki setja sér viðmið um hlutfall auðseljanlegra eigna í erlendum gjaldeyri og ádráttarlána (þ.e. því sem fjárstýring hefur yfir að ráða) á móti greiðsluflæði erlendra skuldbindinga til a.m.k. eins mánaðar. Jafnframt skulu sett viðmið um hreina stöðu gengisbundinna liða innan mismunandi tímabelta.

<sup>1</sup> Um skilgreiningu á gengisbundnum liðum vísast til 1. mgr. 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð nr. 387/2002.



5. Dagleg stýring. Fylgjast þarf daglega með erlendri lausafjárstöðu, bæði innan einstakra gjaldmiðla og í heild, og reikna út viðmið bankans þar að lútandi.
6. Erlend fjármögnun. Við erlenda fjármögnun þarf með reglubundnum hætti að leggja mat á aðgengi að mismunandi tegundum fjármagns (aðgengi að skulda-  
bréfamarkaði, víxlamarkað, lánamarkaði, peningamarkaði, o.s.frv.). Í því sambandi ætti að leggja áherslu á gott lánshæfismat, dreifingu fjárfesta og fjárfestahópa. Jafnframt þarf að huga að viðhaldi viðskiptasambanda.
7. Varaleiðir. Huga þarf að varaleiðum í fjármögnun, þ.e. tegundum varaleiða og fjárhæðum. Huga þarf að seljanleika eigna sem varaleið í fjármögnun.
8. Álagspróf. Reglulega skal meta erlenda lausafjárstöðu á grundvelli mismunandi forsenda (scenarios). Meta skal sérstaklega endurgreiðslur frá aðilum sem tekið hafa gengisbundin lán en hafa ekki tekjur í erlendum gjaldmiðlum.
9. Gengisbundin útlán. Halda skal sérstaklega utan um umfang gengisbundinna eigna/útlána til aðila sem ekki hafa tekjur í erlendum gjaldmiðlum.
10. Móðurfélag og samstæða. Ef fjárstýring er miðlæg, þ.e. á samstæðugrunni, skulu framangreind atriði, þ.m.t. viðmið, gilda um samstæðu og móðurfélag.

Reykjavík 2. nóvember 2004

**Ekki í gildi**  
FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Páll Gunnar Pálsson

Ragnar Hafliðason

## REGLUR um gjaldeyrisjöfnuð.

Með tilvísun til 13. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, svo og 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrisvæðing, hefur bankastjórn Seðlabankans sett eftirfarandi reglur um gjaldeyrisjöfnuð bindiskyldra lánastofnana og annarra sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar taka til bindiskyldra lánastofnana, þ.e. viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. lög nr. 113/1996 með síðari breytingum og annarra lánastofnana, sbr. lög nr. 123/1993 með síðari breytingum, sem starfa hér á landi. Einnig taka þær til aðila sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti frá Seðlabankanum þar sem áskilið er að leyfishafi hlíti reglum um gjaldeyrisjöfnuð.

### 2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Til gengisbundinna liða í reglum þessum skal telja eigna- og skuldaliði svo og liði utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli og liði í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun.

Til nústöðu í gjaldmiðli skal telja gengisbundna eigna- og skuldaliði í viðkomandi gjaldmiðli þar með talin núviðskipti með uppgjöri innan þriggja viðskiptadaga.

Til framvirkrar stöðu í gjaldmiðli skal telja öll gengisbundin viðskipti með uppgjöri eftir þrjá eða fleiri viðskiptadaga.

Til opinna gjaldeyrisstöðu stofnunar í einstökum gjaldmiðlum skal telja allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli þar sem stofnunin ber sjálf gjaldeyrisáættuna.

Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar er samtala þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða stofnunar er jákvæð (nettó gnóttstaða) að fráreginni samtölu þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er neikvæð (nettó skortstaða).

Eigið fé í reglum þessum er eftir því sem við á skilgreint í eiginfjárákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 með síðari breytingum, laga um aðrar lánastofnanir nr. 123/1993 með síðari breytingum eða ákvæðum laga nr. 144/1994, um ársreikninga með síðari breytingum. Þó skal telja með eigin fé hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. samtölu ábyrgðayfirlýsinga þeirra sem einstakir sparisjóðir hafa gefið út vegna viðskiptaskuldbindinga Sparisjóðabanka Íslands hf. gagnvart erlendum lánastofnunum.

### 3. gr.

#### *Útreikningur á opinni gjaldeyrisstöðu.*

Eftirfarandi stöður skal taka með í útreikninginn:

- 1) Nettó nústöðu, þ.e. allar eignir að fráregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
- 2) Nettó framvirk staða, þ.e. staða stofnunar í framvirkum samningum, stöðluðum framvirkum samningum og gjaldmiðlaskiptasamningum að því marki sem þessir

samningar eru ekki með í nettó nústöðu stofnunar. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.

- 3) Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
- 4) Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri. Stofnanir sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu reikna deltavirði í samræmi við ákvæði reglna nr. 693/2001 um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.
- 5) Markaðsvirði annarra valréttarsamninga í erlendum gjaldmiðli.  
Stofnanir sem fengið hafa sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins geta auk ofangreindra tölulíða tekið tillit til eftirfarandi við mat á gjaldeyrisstöðu sinni:
  - 1) Framtíðartekna og -gjalda sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
  - 2) Staða sem stofnunin hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn óhagstæðum áhrifum gengisbreytinga gjaldmiðils á eiginfjárlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin hefur verið frá við útreikninga á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ekki viðskiptalegs eðlis eða kerfisbundnar.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum er skylt að skipta upp samsettum mynteiningum eftir vægi hvorrar myntar í viðkomandi mynteiningu.

#### 4. gr.

##### *Gjaldeyrisjöfnuður.*

Gjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal ávallt vera innan eftirfarandi marka:

- 1) Opin gjaldeyrisstaða stofnunar í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 15% af eigin fé stofnunar samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þó er heimilt að jöfnuður í Bandaríkjadal og evru sé jákvæður eða neikvæður um 20%.
- 2) Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 30% af eigin fé stofnunar samkvæmt síðasta birta uppgjöri.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem hér eru tilgreind skulu stofnanir þegar grípa til aðgerða til að laga hann, og skal hann vera innan tilskilinna marka eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga. Takist aðila ekki með aðgerðum sínum að laga gjaldeyrisjöfnuð sinn innan greindra tímamarka er Seðlabankanum heimilt að reikna dagsektir skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta á þá fjárhæð sem gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilda fjárhæð. Um ákvörðun dagsekta, kærheimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Bankanum er heimilt að skuldfæra reiknaðar dagsektir á viðskiptareikning hlutað-eigandi lánastofnunnar eða fyrirtækis í bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna.

#### 5. gr.

##### *Skýrsluskil.*

Aðilar þeir er reglur þessar ná til skulu skila Seðlabankanum mánaðarlega skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð á því formi sem bankinn ákveður. Skal slíkum skýrslum skilað innan 10 viðskiptadaga frá lokum hvers mánaðar. Aðilar að millibankamarkaðnum með gjaldeyri skulu þó skila daglega skýrslum sbr. gildandi reglur þar að lútandi um gjaldeyrismarkað.

Seðlabankanum er heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum skv. 1. mgr. á grundvelli 2. mgr. 2. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kærheimild og innheimtu gilda tilvitnuð ákvæði sömu reglna eftir því sem við getur átt, sbr. 2. mgr. 4. gr. hér að framan.

6. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi hinn 1. júlí 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og þeirra er leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti nr. 421 frá 1. júlí 1997.

Reykjavík, 29. maí 2002.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**

## REGLUR um gjaldeyrisjöfnuð.

Með tilvísun til 13. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, svo og 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrislaga, hefur bankastjórn Seðlabankans sett eftirfarandi reglur um gjaldeyrisjöfnuð bindiskyldra lánastofnana og annarra sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar taka til bindiskyldra lánastofnana sbr. gildandi reglur um bindiskyldu, nú reglur nr. 879 frá 30. september 2005 og starfa hér á landi. Einnig taka þær til aðila sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti frá Seðlabankanum þar sem áskilið er að leyfishafi hlíti reglum um gjaldeyrisjöfnuð.

### 2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Til gengisbundinna liða í reglum þessum skal telja eigna- og skuldaliði svo og liði utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli og liði í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun.

Til nústöðu í gjaldmiðli skal telja gengisbundna eigna- og skuldaliði í viðkomandi gjaldmiðli þar með talin núviðskipti með uppgjöri innan þriggja viðskiptadaga.

Til framvirkra stöðu í gjaldmiðli skal telja öll gengisbundin viðskipti með uppgjöri eftir þrjá eða fleiri viðskiptadaga.

Til opinnar gjaldeyrisstöðu stofnunar í einstökum gjaldmiðlum skal telja allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli þar sem stofnunin ber sjálf gjaldeyrisáhættuna.

Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar er samtala þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða stofnunar er jákvæð (nettó gnóttstaða) að frádræginni samtölu þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er neikvæð (nettó skortstaða).

Eigið fé í reglum þessum er eftir því sem við á skilgreint í eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum eða ákvæðum laga nr. 144/1994, um ársreikninga með síðari breytingum. Þó skal telja með eigin fé hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. samtölu ábyrgðayfirlýsinga þeirra sem einstakir sparisjóðir hafa gefið út vegna viðskipta-skuldbindinga Sparisjóðabanka Íslands hf. gagnvart erlendum lánastofnunum.

### 3. gr.

#### *Útreikningur á opinni gjaldeyrisstöðu.*

Eftirfarandi stöður skal taka með í útreikninginn:

- 1) Nettó nústöðu, þ.e. allar eignir að frádrægunum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
- 2) Nettó framvirk staða, þ.e. staða stofnunar í framvirkum samningum, stöðluðum framvirkum samningum og gjaldmiðlaskiptasamningum að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu stofnunar. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.

- 3) Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
- 4) Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri. Stofnanir sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu reikna deltavirði í samræmi við ákvæði reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 530/2003 um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, með síðari breytingum.
- 5) Markaðsvirði annarra valréttarsamninga í erlendum gjaldmiðli.

Stofnanir sem fengið hafa sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins geta auk ofangreindra tölulíða tekið tillit til eftirfarandi við mat á gjaldeyrisstöðu sinni:

- 1) Framtíðartekna og -gjalda sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
- 2) Staða sem stofnunin hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn óhagstæðum áhrifum gengisbreytinga gjaldmiðils á eiginfjárlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin hefur verið frá við útreikninga á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ótengdar veltubókarviðskiptum eða kerfisbundnar í eðli sínu.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum er skylt að skipta upp samsettum mynteiningum eftir vægi hvernar myntar í viðkomandi mynteiningu.

#### 4. gr.

##### *Gjaldeyrisjöfnuður.*

Gjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal ávallt vera innan eftirfarandi marka:

- 1) Opín gjaldeyrisstaða stofnunar í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 20% af eigin fé stofnunar (móðurfélags) samkvæmt síðasta birta uppgjöri.
- 2) Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 30% af eigin fé stofnunar samkvæmt síðasta birta uppgjöri.
- 3) Seðlabankinn getur veitt stofnun, sem reglur þessar taka til, heimild til að hafa sérstakan jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð utan við heildargjaldeyrisjöfnuð, sbr. 2) tl., til varnar gengisáhrifum á eiginfjárlutfall, enda leggi hún fram greinargerð þar sem fram koma forsendur og útreikningar til ákvörðunar á stærð hans og sýni hann sérstaklega í skýrslum til Seðlabankans.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem hér eru tilgreind skulu stofnanir þegar grípa til aðgerða til að laga hann, og skal hann vera innan tilskilinna marka eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga. Takist aðila ekki með aðgerðum sínum að laga gjaldeyrisjöfnuð sinn innan greindra tímamarka er Seðlabankanum heimilt að reikna dagsektir skv. 1. mgr. 2. gr. reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta, nú nr. 389 frá 29. maí 2002, á þá fjárhæð sem gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilda fjárhæð. Um ákvörðun dagsekta, kærheimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Bankanum er heimilt að skuldfæra reiknaðar dagsektir á viðskiptareikning hlutadeigandi lánastofnunnar eða fyrirtækis í bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna.

## 5. gr.

*Skýrsluskil.*

Aðilar þeir er reglur þessar ná til skulu skila Seðlabankanum mánaðarlega skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð á því formi sem bankinn ákveður. Skal slíkum skýrslum skilað innan 10 viðskiptadaga frá lokum hvers mánaðar. Aðilar að millibankamarkaðnum með gjaldeyri skulu þó skila daglega skýrslum sbr. gildandi reglur þar að lútandi um gjaldeyrismarkað, nú 5. gr. reglna um gjaldeyrismarkað nr. 913/2002, með síðari breytingum.

Seðlabankanum er heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum skv. 1. mgr. á grundvelli 2. mgr. 2. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kærheimild og innheimtu gilda tilvitnuð ákvæði sömu reglna eftir því sem við getur átt, sbr. 2. mgr. 4. gr. hér að framan.

## 6. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi hinn 1. maí 2006. Jafnframt falla úr gildi reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og þeirra er leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti nr. 387 frá 29. maí 2002.

Reykjavík, 25. apríl 2006.

*Seðlabanki Íslands,*

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.

**Jón Sigurðsson**  
bankastjóri.

## REGLUR um gjaldeyrisjöfnuð.

Með tilvísun til 13. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, svo og 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrislaga, hefur bankastjórn Seðlabankans sett eftirfarandi reglur um gjaldeyrisjöfnuð fjármálafyrirtækja og annarra sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar taka til fjármálafyrirtækja (móðurfélaga) sem geta átt viðskipti við Seðlabanka Íslands, sbr. nú reglur nr. 35, 17. janúar 2008 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Einnig taka þær til aðila sem hafa leyfi frá Seðlabankanum til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti þar sem áskilið er að leyfishafi hlíti reglum um gjaldeyrisjöfnuð.

### 2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Til gengisbundinna liða í reglum þessum skal telja eignir og skuldir svo og liði utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli og liði í íslenskum krónum séu þeir með gengisviðmiðun.

Til nústöðu í gjaldmiðli skal telja gengisbundnar eignir og skuldir í viðkomandi gjaldmiðli þar með talin núviðskipti með uppgjöri innan þriggja viðskiptadaga.

Til framvirkrar stöðu í gjaldmiðli skal telja öll gengisbundin viðskipti með uppgjöri eftir þrjá eða fleiri viðskiptadaga.

Til opinnar gjaldeyrisstöðu fjármálafyrirtækis í einstökum gjaldmiðlum skal telja allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli þar sem fyrirtækið ber sjálft gjaldeyrisáhættuna.

Heildargjaldeyrisjöfnuður fjármálafyrirtækis er samtala þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða þess er jákvæð (nettó gnóttstaða) að frádreginni samtölu þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er neikvæð (nettó skortstaða).

Eiginfjárgrunnur skal reiknast samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Miða skal við eiginfjárgrunn skv. síðasta birta uppgjöri. Heimilt er að leiðrétta eiginfjárgrunninn um mánaðamót vegna breytinga á gengi gjaldmiðla, enda sé Seðlabankanum gerð grein fyrir slíkri breytingu sérstaklega. Hafi heimildin verið notuð skal samsvarandi leiðrétting gerð um hver mánaðamót til hækkunar eða lækkunar.

### 3. gr.

#### *Útreikningur á opinni gjaldeyrisstöðu.*

Eftirfarandi stöður skal taka með í útreikninginn:

1. Nettó nústöðu, þ.e. allar eignir að frádregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
2. Nettó framvirka stöðu, þ.e. stöðu fjármálafyrirtækis í framvirkum samningum, stöðluðum framvirkum samningum og gjaldmiðlaskiptasamningum að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu fyrirtækisins. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.



- Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
- Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri. Fjármálafyrirtæki sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu reikna deltavirði í samræmi við ákvæði reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.
- Markaðsvirði annarra afleiðusamninga í erlendum gjaldmiðli.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum er skylt að skipta upp samsettum mynteiningum eftir vægi hvorrar myntar í viðkomandi mynteiningu.

#### 4. gr.

##### *Gjaldeyrisjöfnuður.*

Gjaldeyrisjöfnuður fyrirtækis, sem þessar reglur taka til, skal ávallt vera innan eftirfarandi marka:

- Almennur gjaldeyrisjöfnuður skal hvorki vera jákvæður né neikvæður um meira en nemur 10% af eiginfjárgrunni.
- Sedlabankinn getur veitt fyrirtæki heimild til að hafa sérstakan jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð utan við almennan gjaldeyrisjöfnuð, sbr. 1. tl., til varnar áhrifum af breytingum á gengi krónunnar á eiginfjárlutfall, enda leggi það fram greinargerð þar sem fram koma forsendur og útreikningar til ákvörðunar á stærð hans og greini sérstaklega frá honum í skýrslum til Sedlabankans.
- Um önnur atriði áhættustýringar varðandi gengisbundna liði, þ.m.t. um opna gjaldeyrisstöðu í einstökum erlendum myntum, skal fyrirtækið hlíta eigin verklagsferlum sem það setur á grundvelli 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Víki gjaldeyrisjöfnuður frá þeim mörkum sem hér eru tilgreind skal hlutadeigandi fyrirtæki grípa til aðgerða til að eyða frávikinum eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga. Takist fyrirtækinu þetta ekki er Sedlabankanum heimilt að reikna dagsektir á þá fjárhæð sem frávikið hefur orðið hæst skv. 1. mgr. 2. gr. reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta, nú nr. 389 frá 29. maí 2002.

#### 5. gr.

##### *Skýrsluskil.*

Aðilar þeir er reglur þessar ná til skulu skila Sedlabankanum mánaðarlega skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð, á því formi sem bankinn ákveður, innan 10 viðskiptadaga frá lokum hvers mánaðar. Við sérstakar aðstæður getur Sedlabankinn krafist tíðari skýrsluskila. Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri skulu þó skila skýrslum daglega sbr. gildandi reglur þar að lútandi um gjaldeyrismarkað, nú 5. gr. reglna um gjaldeyrismarkað nr. 913/2002, með síðari breytingum.

Sedlabankanum er heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum skv. reglum um beitingu viðurlaga í formi dagsekta, nú nr. 389 frá 29. maí 2002.

#### 6. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi hinn 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi reglur um gjaldeyrisjöfnuð nr. 318 frá 25. apríl 2006.

Nr. 577

4. júní 2008

Reykjavík, 4. júní 2008.  
*Seðlabanki Íslands,*

**Davíð Oddsson,**  
formaður bankastjórnar.

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2008

## REGLUR um gjaldeyrisjöfnuð.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar taka til lánastofnana sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 1.-4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga, í reglum þessum nefnd einu nafni fjármálafyrirtæki.

### 2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

*Eiginfjárgrunnur:* Eiginfjárgrunnur er reiknaður samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, með áorðnum breytingum. Miða skal við eiginfjárgrunn skv. síðasta uppgjöri. Fjármálafyrirtækjum er heimilt að leiðrétta eiginfjárgrunn um mánaðamót vegna breytinga á gengi gjaldmiðla, enda sé Seðlabankanum gerð grein fyrir slíkri breytingu sérstaklega. Hafi heimildin verið notuð skal samsvarandi leiðrétting gerð um hver mánaðamót til hækkunar eða lækkunar.

*Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum:* Eignir og skuldir, svo og liðir utan efnahagsreiknings, sem eru í erlendum gjaldmiðli og svo liðir í íslenskum krónum sem taka mið af gengi erlendra gjaldmiðla.

*Framvirk staða:* Öll viðskipti í erlendum gjaldmiðlum með uppgjöri eftir þrjá eða fleiri viðskiptadaga, að meðtöldum gjaldmiðlaskiptasamningum og öðrum skiptasamningum.

*Heildargjaldeyrisjöfnuður:* Samtala þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er jákvæð (nettó gnóttstaða) að frádreginni samtölu þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er neikvæð (nettó skortstaða).

*Nústaða í gjaldmiðli:* Eignir og skuldir í viðkomandi gjaldmiðli, þar með talin núviðskipti með uppgjöri innan þriggja viðskiptadaga.

*Opin gjaldeyrisstaða í einstökum gjaldmiðlum:* Allar eignir og skuldir, svo og liðir utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli, þar sem fjármálafyrirtæki ber sjálft gjaldeyrisáhættu. Við skilgreiningu áhættu skal miða við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á.

### 3. gr.

#### *Sundurliðun eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum.*

Fjármálafyrirtækjum ber að sundurliða nústöðu eigna með eftirfarandi hætti í mánaðarlegri skýrslu til Seðlabankans:

1. Innstæður í Seðlabanka Íslands.
2. Innstæðubréf Seðlabanka Íslands.
3. Nostro reikningar.
4. Önnur innlán og ávöxtunarsamningar.
5. Skráð skuldabréf og víxlar þar sem útgefandi er ríki, seðlabanki, alþjóðastofnun eða fjölþjóða þróunarbanki, eða bréf sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila, sbr. 11. gr. og 14. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215 frá 2. mars 2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.
6. Önnur skráð skuldabréf og víxlar.
7. Skráð hlutabréf.
8. Óskráð hlutabréf.
9. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.
10. Skammtímaútlán, til skemmri tíma en eins árs.
11. Langtímaútlán, til lengri tíma en eins árs.
12. Núviðskipti með uppgjöri innan þriggja viðskiptadaga.
13. Aðrar eignir en ofantaldar.

Fjármálafyrirtækjum ber að sundurliða nústöðu skulda með eftirfarandi hætti í mánaðarlegri skýrslu til Seðlabankans:

1. Viðskipti við Seðlabanka Íslands samkvæmt gildandi reglum bankans um viðskipti fjármálafyrirtækja við bankann, að framvirkum viðskiptum undanskildum.
2. Aðrar skuldir við Seðlabanka Íslands en skv. 1. tölul.
3. Veðlán og endurhverf viðskipti við aðra en Seðlabanka Íslands.
4. Útgefnir víxlar.
5. Útgefnir skuldabréf með gjalddaga innan eins árs.
6. Útgefnir skuldabréf með gjalddaga eftir lengri tíma en eitt ár.
7. Sértryggð skuldabréf útgefnir skv. lögum um sértryggð skuldabréf nr. 11/2008.
8. Sambankalán.
9. Tvíhliða lánasamningar við fjármálafyrirtæki.
10. Ávöxtunarsamningar og innlán frá fjármálafyrirtækjum.
11. Ávöxtunarsamningar og innlán frá lífeyris-, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.
12. Almenn innlán.
13. Núviðskipti með uppgjöri innan þriggja viðskiptadaga.
14. Aðrar skuldir en ofantaldar.

Fjármálafyrirtækjum ber að sundurliða framvirka stöðu eigna með eftirfarandi hætti í mánaðarlegri skýrslu til Seðlabankans:

1. Framvirkir gjaldmiðlasamningar (e. FX forwards).
2. Gjaldmiðlaskiptasamningar (e. FX swaps).
3. Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar (e. Cross-Currency Interest Rate Swaps).
4. Valréttir.
5. Aðrar eignir sem mynda framvirka stöðu.

Fjármálafyrirtækjum ber að sundurliða framvirka stöðu skulda með eftirfarandi hætti í mánaðarlegri skýrslu til Seðlabankans:

1. Framvirkir gjaldmiðlasamningar (e. FX forwards).
2. Gjaldmiðlaskiptasamningar (e. FX swaps).
3. Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar (e. Cross-Currency Interest Rate Swaps).
4. Valréttir.
5. Aðrar skuldir sem mynda framvirka stöðu.

#### 4. gr.

##### *Útreikningur á opinni gjaldeyrisstöðu.*

Útreikningur á opinni gjaldeyrisstöðu skal innihalda eftirfarandi liði:

1. Allar eignir í erlendum gjaldmiðlum, að frádregnum skuldum í erlendum gjaldmiðlum, en að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum (nettó nústaða).
2. Stöður í framvirkum samningum, stöðluðum framvirkum samningum og gjaldmiðlaskiptasamningum, að því marki sem þessir samningar eru ekki taldir með nettó nústöðu (nettó framvirk staða). Gjaldmiðlaskiptasamninga og framvirka samninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og skuld í öðrum.
3. Óafturkallanlegar ábyrgðir í erlendum gjaldmiðlum, og svipaðar skuldbindingar, ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
4. Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri. Fjármálafyrirtæki sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu reikna deltavirði í samræmi við ákvæði reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.
5. Markaðsvirði annarra afleiðusamninga í erlendum gjaldmiðli en skv. 2. og 4. lið að ofan.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum er skylt að skipta samsettum mynteiningum upp eftir vægi hversrar myntar í viðkomandi mynteiningu.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu skal umreikna fjárhæðir miðað við miðgengi íslensku krónunnar eins og það er skráð á heimasíðu Seðlabanka Íslands í lok hvers mánaðar. Viðskipta-

vökum á gjaldeyrismarkaði er þó heimilt að miða við lokagengi viðkomandi fjármálastofnunar við hver mánaðamót.

5. gr.

*Gjaldeyrisjöfnuður.*

Gjaldeyrisjöfnuður sem þessar reglur taka til, skal ávallt vera innan eftirfarandi marka:

1. Opin gjaldeyrisstaða í einstökum erlendum gjaldmiðlum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um hærri fjárhæð en sem nemur 15% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis samkvæmt síðasta uppgjöri, sbr. þó 1. mgr. 2. gr.
2. Heildargjaldeyrisjöfnuður skal hvorki vera jákvæður né neikvæður um hærri fjárhæð en sem nemur 15% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis samkvæmt síðasta uppgjöri, sbr. þó 1. mgr. 2. gr.

Víki gjaldeyrisjöfnuður frá þeim mörkum sem hér eru tilgreind skal hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki grípa til aðgerða til að eyða frávikinu eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga. Takist viðkomandi þetta ekki er Seðlabankanum heimilt að reikna dagsektir á þá fjárhæð sem gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilda fjárhæð, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta nr. 389 frá 29. maí 2002.

6. gr.

*Undanþáguheimildir.*

Seðlabankinn getur veitt fjármálafyrirtæki heimild til að hafa sérstakan jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð utan við almennan gjaldeyrisjöfnuð skv. 5. gr., til varnar áhrifum af breytingum á gengi krónunnar á eiginfjárhlutfall, enda leggi viðkomandi fjármálafyrirtæki fram greinargerð þar sem fram koma forsendur og útreikningar til ákvörðunar á stærð hins sérstaka jákvæða gjaldeyrisjafnaðar, og greini sérstaklega frá honum í skýrslum til Seðlabankans.

7. gr.

*Skýrsluskil.*

Aðilar þeir er reglur þessar ná til, skulu skila Seðlabankanum skýrslu um gjaldeyrisjöfnuð mánaðarlega, eftir því sem greinir í 3. gr., sbr. 4. gr., innan 15 daga frá lokum hvers mánaðar.

Seðlabanki Íslands getur krafist tíðari skýrsluskila en hér er kveðið á um. Seðlabankinn getur einnig á hverjum tíma kallað eftir ítarlegri upplýsingum um sundurliðun eigna og skulda skv. 3. gr.

Viðskiptavakar á millibankamarkaði með gjaldeyri skulu að auki skila daglega skýrslu um gjaldeyrisjöfnuð. Í skýrslunni er eingöngu tilgreind heildarnústaða eigna og skulda annars vegar, og framvirk staða eigna og skulda hins vegar.

Vanræki fjármálafyrirtæki að veita Seðlabankanum upplýsingar á tilsettum tíma skv. þessum reglum, getur Seðlabankinn beitt viðkomandi fjármálafyrirtæki dagsektum skv. reglum um beitingu viðurlaga í formi dagsekta, nú nr. 389 frá 29. maí 2002.

8. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, svo og 8. gr. laga nr. 87/1992, taka gildi 1. janúar 2011. Jafnframt falla úr gildi reglur um gjaldeyrisjöfnuð nr. 707 frá 14. ágúst 2009.

## Ákvæði til bráðabirgða

### I.

Vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa í kjölfar falls íslenska bankakerfisins, getur Seðlabanki Íslands veitt fjármálafyrirtækjum tímabundna heimild til að hafa sérstakan jákvæðan eða neikvæðan gjaldeyrisjöfnuð, sé þess þörf. Fjármálafyrirtæki skal leggja til grundvallar umsókn sinni tímasetta áætlun um hvernig það hyggst ná gjaldeyrisjöfnuði sem uppfyllir þessar reglur, þar sem fram komi greinargóð lýsing á því til hvaða aðgerða það hyggst grípa. Undanþágur skv. þessu ákvæði verða ekki veittar til lengri tíma en 1. janúar 2013.

Nr. 950

6. desember 2010

Bráðabirgðaákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2013.

Reykjavík, 6. desember 2010.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Tryggvi Pálsson**  
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

## Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 - 108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH15U144.0561  
Dags. 26.6.2015

**Efni:** Fjórða viðbótarumsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 561. mál á 144. löggjafarþingi  
Vextir og verðtrygging o.fl. (erlend lán, varúðarreglur)

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu,  
lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa áður tjáð afstöðu sína til þess frumvarps sem hér um ræðir með umsögnum. Þann 24. júní óskaði efnahags- og viðskiptanefnd sérstaklega eftir afstöðu samtakanna til breytingartillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins við 25. gr. laga um neytendalán varðandi sérstaka upplýsingaskyldu lánveitenda, með vísan til minnisblaðs ráðuneytisins frá 26. maí. Umrædd breytingartillaga felur það í meginatriðum í sér að auk upplýsinga um sögulega þróun verðlags og vaxta og áhrif hennar á greiðslubyrði og höfuðstól lána, verði gert skylt að veita upplýsingar um sögulega þróun á gengi gjaldmiðla í þeim tilvikum sem það geti átt við.

Í fyrstu umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um það mál sem hér um ræðir, var lagt til að ákvæði um sérstaka upplýsingaskyldu með hliðsjón af sögulegri gengisþróun vegna lána í erlendum gjaldeyri, sambærileg við núverandi ákvæði um sögulega þróun verðlags vegna verðtryggðra lána og áhrif slíkra verðlagsbreytinga á höfuðstól og greiðslubyrði, yrðu færð í lög um neytendalán. Samtökin fagna því að sú tillaga virðist hafa fallið í góðan jarðveg líkt og sú breytingartillaga sem hér um ræðir ber með sér, en vilja engu að síður gera eftirfarandi athugasemdir við þá tillögu.

Með tillögu ráðuneytisins er það lagt til að auk núgildandi upplýsingaskyldu um sögulega þróun verðlags og áhrifa hennar á verðtryggð lán auk sögulegrar þróunar vaxta og áhrifa hennar á greiðslubyrði lána með breytilega vexti, verði kveðið á um að veita skuli upplýsingar um sögulega þróun á gengi erlendra gjaldmiðla og áhrif hennar á höfuðstól og greiðslubyrði vegna lána sem tengjast erlendum gjaldmiðlum. Aftur á móti er fyrirbyggjandi orðalag tillögunnar með þeim hætti að ef það næði fram að ganga myndi falla brott úr núgildandi lögum skilgreining á því hvað sé átt við með sögulegri þróun. Núgildandi orðalag 25. gr. laga um neytendalán kveður á um að veita skuli upplýsingar, þar á meðal niðurgreiðslutöflu, sem skuli taka mið af meðaltalsþróun síðustu 10 ára. Í fyrirbyggjandi tillögu er ekki nægilega skýrt kveðið á um að með sögulegri þróun sé átt við meðaltal eða uppsafnaðar breytingar undanliðinna 10 ára, og að veita skuli þær upplýsingar á varanlegum miðli. Samtökin telja hinsvegar óþarfi að Neytendastofa birti slíkar upplýsingar þar sem sú skylda á að hvíla á lánveitendum. Sjá nánar meðfylgjandi tillögu að nýju orðalagi 25. gr.

Auk þeirra atriða sem tillaga ráðuneytisins gerir ráð fyrir að veita skuli upplýsingar um og sögulega þróun þeirra, telja samtökin að nauðsynlegt sé að kveða á um sambærilega upplýsingaskyldu vegna óverðtryggðra lána með svokölluðu vaxtagreiðslubaki. Hér er um að ræða tiltekna útfærslu lánaskilmála með þeim hætti að lántakandi hafi eða geti sótt um valrétt sem felur það í sér að ef breytilegir vextir hækki umfram tiltekið viðmið, sé heimilt að fresta greiðslu þess hluta vaxta sem fari umfram hið tilgreinda hámark, og bætist sá hluti vaxta þess í stað við höfuðstól lánsins. Þar sem þessi útfærsla getur valdið breytingum á höfuðstól lána er að mati samtakanna ekki nægilegt að kveða einungis á um upplýsingaskyldu vegna áhrifa vaxtabreytinga á greiðslubyrði lána með breytilegum vöxtum, heldur þarf einnig að kveða á um upplýsingaskyldu um áhrif sögulegra vaxtabreytinga á höfuðstól lána með vaxtagreiðslubaki eða sambærilegum skilmálum.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja auk framangreinda athugasemda, ítreka þá afstöðu sína sem hefur verið sett fram í fyrri umsögnum um málið, að samtökin eru alfarið andvíg því að heimilað verði að miða verðtryggingu fjárskuldbindinga við gengi erlendra gjaldmiðla. Slíkar lánveitingar fela í raun í sér blekkingarleik sem ber að stemma stigu við. Jafnframt er gengistrygging eitt form verðtryggingar fjárskuldbindinga í íslenskum krónum, en samtökin leggjast yfir höfuð gegn hverskonar verðtryggingu neytendalána, sama hvort miðað sé við gengi eða verðlag. Að lokum vilja samtökin mælast eindregið til þess að það ákvæði um upplýsingaskyldu varðandi sögulega þróun lánskostnaðar sem hér um ræðir, verði orðað með eftirfarandi hætti.

25. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán orðist svo:

Lánveitandi eða, eftir atvikum, lánamiðlari skal samhliða veitingu upplýsinga skv. 7. gr. og 12. gr. veita neytanda eftirfarandi upplýsingar, eins og við á:

1. Vegna verðtryggðra lána, um sögulega þróun verðlags og áhrif hennar á höfuðstól og greiðslubyrði sambærilegra lána.
2. Vegna lána með breytilegum vöxtum, um sögulega þróun breytilegra vaxta á samskonar lánnum og áhrif hennar á greiðslubyrði, og eftir atvikum áhrif hennar á höfuðstól lána með valréttarákvæðum sem fela í sér frestun á greiðslu vaxta að hluta til eða öllu leyti.
3. Vegna lána í erlendum gjaldmiðlum, um sögulega gengisþróun viðkomandi gjaldmiðla og áhrif hennar á höfuðstól og greiðslubyrði samskonar lána, miðað við íslenskar krónur.

Með sögulegri þróun samkvæmt 1. mgr. er átt við meðaltalsþróun eða uppsafnaðar breytingar undanfarinna 10 ára eftir því sem við á um viðkomandi lánsform.

Til viðbótar reikningsyfirliti í formi niðurgreiðslutöflu, sbr. i-lið 2. mgr. 12. gr., skal lánveitandi einnig láta neytanda í té niðurgreiðslutöflu þar sem miðað er við meðaltal eða uppsafnaðar breytingar síðustu 10 ára fyrir gerð samnings eftir því sem við á.

- o -

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmei Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

**Hagsmunasamtök  
Heimilanna**



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 -108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0561V  
Dags. 22.4.2015

**Efni: Viðbótarumsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 561. mál á 144. löggjafarþingi**  
Vextir og verðtrygging o.fl. (erlend lán, varúðarreglur)

Hagsmunasamtök heimilanna hafa komið á framfæri umsögn um ofangreint þingmál og jafnframt átt þess kost að gera grein fyrir helstu sjónarmiðum sínum á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 17. apríl síðastliðinn. Á þeim fundi og í framhaldi af honum voru samtökunum kynntar nýjar tillögur frá fjármálaráðuneytinu að breytingum á texta frumvarpsins, og jafnframt gefinn kostur á að koma viðbótarumsögn þessari á framfæri af því tilefni.

#### I. Skilgreining lána sem tengjast erlendum gjaldmiðlum

Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins dags. 15. apríl 2015 er fjallað um skilgreiningu hugtaka er varða lán sem tengjast eða eru í erlendum gjaldmiðlum. Þar og í þeim breytingartillögum sem kynntar hafa verið umsagnaraðilum er lagt til að gengistrygging verði felld undan takmörkunum vaxtalaga á notkun verðtryggingar. Hagsmunasamtök heimilanna eru alfarið andvíg þessari tillögu því ef á hana yrði fallist myndi það í reynd hafa í för með sér lögleiðingu gengistryggðra lána. Eins og samtökin hafa gert grein fyrir í umsögn og á fundi með þingnefnd um málið eru margvísleg rök sem hníga að því að slík gengistrygging sé í raun blekkingarleikur sem beri að stöðva, ekki aðeins með hliðsjón af neytendavernd heldur einnig og ekki síður fjármálastöðugleika. Af þessu tilefni mótmæla samtökin jafnframt þeirri fullyrðingu í minnisblaði fjármálaráðuneytisins að með tillögu þess sé komið til móts við sjónarmið samtakanna, en svo er alls ekki. Þvert á móti mælast samtökin eindregið til þess að ekki verði gerðar neinar breytingar á fortakslausu banni við notkun gengistryggingar, hvorki í neytendalánum né öðrum útlánum fjármálafyrirtækja.

#### II. Opinbert eftirlit með framkvæmd vaxtalaga

Samtökin fagna því sem vísað er til í minnisblaði fjármálaráðuneytisins, að fram sé komið frumvarp (n.t.t. 622. mál) sem hafi að geyma tillögur um opinbert eftirlit með framkvæmd laga um vexti og verðtryggingu, en eins og samtökin hafa ítrekað vakið athygli á hefur lengi á það skort. Þó er rétt að nefna að þar er aðeins kveðið á um eftirlit á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, en mörk milli laga á sviði neytendaverndar og annarra laga sem óhjákvæmilega tengjast þeim t.d. um neytendalán, hafa verið nokkuð á reiki. Samtökin mælast eindregið til þess að valdheimildir Neytendastofu á þessu sviði verði einnig teknar til skoðunar og úrbætur gerðar á þeim.

### III. Greiðslu- og lánsþæfismat

Margvísleg sjónarmið hafa komið fram af hálfu flestra umsagnaraðila um þær skilgreiningar sem um er að ræða varðandi getu einstakra lántakenda til að ráða við þá gjaldeyris- og gengisáhættu sem óhjákvæmilega fylgir lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Hagsmunasamtök heimilanna ítreka þá afstöðu sem fyrr greinir um að viðhalda skuli banni við gengistryggingu, og verður hér því einkum fjallað um sjónarmið er varða gjaldeyrislán. Samtökin eru almennt hlynnt því að lögfest verði skilyrði um lán í erlendum gjaldmiðli sem séu til þess fallin að tryggja að slík lán séu ekki veitt neytendum nema þeir hafi tekjur í erlendum gjaldeyri eða búi við þær aðstæður að slík lánveiting geti talist við hæfi. Mikilvægt er hinsvegar að huga vel að því að slíkar reglur verði byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér mismunun á milli ólíkra þjóðfélagshópa.

Hver svo sem niðurstaða málsins verður um skilgreiningu lána sem tengjast erlendum gjaldmiðlum taka samtökin heilshugar undir þá tillögu sem kemur fram í umsögn Neytendasamtakanna þar sem lagt er til að í lögum um neytendalán verði kveðið á um sérstaka upplýsingaskyldu vegna lána sem tengjast gengi erlendra gjaldmiðla. Þar er nú þegar í 25. gr. að finna ákvæði er varða upplýsingar um sögulega þróun breytilegra vaxta og varðandi verðtryggingu er skylt að veita upplýsingar um lánskostnað miðað við dæmi um sögulega þróun vísitölu neysluverðs. Mikilvægt er að við lögin verði bætt sambærilegum ákvæðum vegna gjaldeyrislána, þess efnis að taka skuli mið af þróun á gengi viðkomandi gjaldmiðla, bæði til skamms tíma sem og yfir lengri tíma í sögulegu tilliti.

### IV. Uppgreiðsla eða endurfiármögnun

Hagsmunasamtök heimilanna taka undir með þeim sjónarmiðum sem koma fram í umsögnum Neytendastofu og Neytendasamtakanna um rétt neytenda til uppgreiðslu eða umbreytingar á láni komi til þess að forsendur um greiðslugetu í erlendri mynt breytist. Samtökin telja mikilvægt að í neytendum gefist í slíkum tilvikum báðir þessir valkostir, það er að segja að greiða upp lán í erlendum gjaldeyri án sérstaks uppgreiðslugjalds eða að þeim gefist kostur á endurfiármögnun með nýju láni í íslenskum krónum, verði forsendubrestur af þessu tagi á lánstímanum.

### V. Lokaorð

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka fyrri athugasemdir sínar. Sérstaklega um að gengistryggingu skuli ekki í lög leiða. Jafnframt að lög sem gilda um neytendalán verði tekin til endurskoðunar með því markmiði að skýra mörk þeirra við önnur lög á sviði fjármunaréttar, og sérstaklega verði hugað að því að tryggja skilvirkt opinbert eftirlit með framkvæmd þeirra laga sem um ræðir.

- o -


Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmei Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 - 108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH15U144.0561V2

Dags. 02.06.2015

**Efni: Önnur viðbótarumsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 561. mál á 144. löggjafarþingi**

Vextir og verðtrygging o.fl. (erlend lán, varúðarreglur)

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu,  
lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa fengið ofangreint mál til umsagnar. Þann 27. maí bárust með tölvupósti, drög að nefndaráliti með breytingartillögum, og vilja samtökin nota þetta tækifæri til að koma á framfæri afstöðu sinni til þess sem kemur fram í þeim drögum.

I. Skilgreining lána sem “tengiast erlendum gjaldmiðlum”

Í þeim drögum að tillögum efnahags- og viðskiptanefndar sem kynntar hafa verið umsagnaraðilum, er það lagt til að gengistrygging verði felld undan takmörkunum vaxtalaga á notkun verðtryggingar. Hagsmunasamtök heimilanna eru alfarið andvíg þessari tillögu því ef á hana yrði fallist myndi það í reynd hafa í för með sér lögleiðingu gengistryggðra lána. Eins og samtökin hafa gert grein fyrir í umsögn og á fundi með þingnefnd um málið eru margvísleg rök sem hníga að því að slík gengistrygging sé í raun blekkingarleikur sem beri að stemma stigu við, ekki aðeins með hliðsjón af neytendavernd heldur einnig og ekki síður fjármálastöðugleika.

Áréttað skal að gengistrygging er í raun eitt form verðtryggingar, og væri því óeðlilegt að fella hana undan þeim kafla í sérlögum sem fjallar beinlínis um verðtryggingu. Jafnframt er ítrekað það sem bent hefur verið á í fyrri umsögnum samtakanna, að þar sem raunveruleg lán í erlendum gjaldeyri eru leyfileg er ekkert sem kemur í veg fyrir að hægt sé að veita neytendum slík lán í þeim tilvikum sem það gæti þótt vera við hæfi, til dæmis þegar viðkomandi hefur tekjur erlendis frá. Það ætti þá hinsvegar að vera skilyrði fyrir því að lánveitanda sé heimilt að veita slíkt lán, að hann greiði það raunverulega út í erlendum gjaldeyri, til þess að viðhalda eðlilegu gjaldeyrisflæði í rekstri sínum og þar með þjóðarþuskapnum í heild. Því markmiði verður hinsvegar ekki náð með því að lögleiða gengistryggingu, því slík lán eru augljóslega veitt í íslenskum krónum, en með því að heimila þau væri í raun verið að heimila óheftan innflutning á gjaldeyrisáhættu, án þess þó að um raunveruleg gjaldeyrisviðskipti sé að ræða. Slíkt á meira skylt við afleiðuviðskipti og spákaupmennsku en eðlileg lánaviðskipti og á enn síður neitt erindi í neytendalánaviðskiptum.

## II. Upplýsingaskylda um áhrif gengisbreytinga á neytendalán

Hagsmunasamtök heimilanna eru eindregið fylgjandi tillögu eins og kemur fram í þeim drögum að nefndarálini sem hér um ræðir, þess efnis að bætt verði við 25. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán ákvæðum um sérstaka upplýsingaskyldu um kostnað miðað við sögulega þróun gengis viðkomandi gjaldmiðils þegar um sé að ræða lán tengt erlendum gjaldmiðli. Þó verður ekki hjá því komist að benda á eftirfarandi galla á orðalagi tillögunnar í fyrirleggjandi drögum.

Í fyrsta lagi er núverandi orðalag þannig að eingöngu er mælt fyrir um að veita skuli upplýsingar um áhrif sögulegrar gengisþróunar á greiðslubyrði lána sem tengd eru erlendum gjaldmiðlum, en ekki um áhrif hennar á höfuðstól þeirra lána. Réttara væri hinsvegar að slík lán féllu undir sömu skilyrði og verðtryggð lán þannig að jafnframt skuli veita upplýsingar um áhrif gengisþróunar á höfuðstól slíkra lána enda sveiflast hann með gengisbreytingum á sama hátt og verðtryggður höfuðstóll gerir með breytingum á vísitölu neysliverðs. Í öðru lagi er ekki lagt til í fyrirleggjandi drögum að auk þróunar undanfarinna 12 mánaða skuli jafnframt veita upplýsingar miðað við þróun undanfarinna 10 ára líkt og um lán sem eru verðtryggð miðað við vísitölu neysliverðs. Með sömu rökum ætti þó það sama að eiga almennt við um lán með breytilegum höfuðstól og er mælt til þess að kveðið verði á um sambærilega upplýsingaskyldu vegna lána í erlendum gjaldmiðlum.

## III. Innleiðing á tilskipun ESB um fasteignaveðlán

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd fjölda minnisblaða vegna þess frumvarps sem hér um ræðir. Hefur í þeim ítrekað verið vísað til fyrirhugaðrar innleiðingar á tilskipun 2014/17/ESB um fasteignaveðlán til neytenda varðandi ýmis atriði í tengslum við þau lög sem hér eru almennt til umræðu. Af því tilefni vilja Hagsmunasamtök heimilanna nefna sérstaklega að þeim hefur ekki verið veitt nein aðkoma að þeirri innleiðingu. Vísast um það meðal annars til svars fjármála- og efnahagsráðherra á þingskjali nr. 820 í 386. máli 144. löggj. þar sem kemur fram að í nefnd um innleiðingu á veðlántilskipun ESB sitji fulltrúi Samtaka fjármálafyrirtækja, en aftur á móti sitji þar enginn fulltrúi frjálsra félagasamtaka á neytendasviði á borð við Hagsmunasamtök heimilanna. Jafnframt vísast til skýrslu um nýja umgjörð um veitingu fasteignalána til neytenda sem fjármála- og efnahagsráðuneytið birti þann 29.9.2014, en þar er skipan umræddrar nefndar nánar tilgreind undir lok inngangskafra skýrslunnar. Hagsmunasamtök heimilanna telja á mælisvert að með þessum hætti sé þeim og öðrum samtökum á sviði neytendaverndar haldið utan við mótun mikilvægrar lagasetningar á þessu sviði. Er þessari ábendingu því beint til efnahags- og viðskiptanefndar, með von um að hún geti beitt sér fyrir greiðari aðkomu fjölbreyttari hóps hagsmunaaðila að lagasetningu sem varðar svo mikilvæga hagsmuni almennings sem þessa.

- o -


Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, [formadur@heimilin.is](mailto:formadur@heimilin.is)



Pálmei Gísladóttir, [varaformadur@heimilin.is](mailto:varaformadur@heimilin.is)



Guðmundur Ásgeirsson, [erindreki@heimilin.is](mailto:erindreki@heimilin.is)

Nefndarsvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2015

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um 561. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 975**

Með tölvubréfi, dags. 10. mars s.l., barst Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán, varúðarreglur).

Frumvarpinu mun einkum vera ætlað að skýra óljósa stöðu gengistryggðra lána og tryggja innleiðingu á hinum ýmsu varúðarreglum sem nauðsynlegar kunna að vera í tengslum við slíkar lánveitingar. Fyrir lífeyrissjóði sem hafa það mikilvæga hlutverki að gegna að taka við iðgjöldum og ávaxta þau til hagsbóta fyrir sjóðfélaga sína er afar mikilvægt að hér ríki fjármálastöðugleiki. Því liggur fyrir að LL styðja frumvarpið.

Þar sem það er afar mikilvægt að slíkar reglur séu settar á þeim tíma sem okkur er öllum í fersku minni afleiðingar fjármálahrunsins vakna jafnframt spurningar um hvort ástæða sé til að ganga lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í a. lið 5. gr. frumvarpsins segir m.a. : „Óheimilt er að veita lántaka slíkt lán nema greiðslumat leiði í ljós að hann hafi augljóslega fjárhagslega burði til að standast verulegar breytingar á gengi þess gjaldmiðils sem tekjur lántaka eru í samanborið við þann gjaldmiðil sem lánið er í eða tekur mið af.“

Hér kann að vera þörf á að gera sambærilegar kröfur komi til breytinga á vöxtum í viðkomandi mynt.

Í b. lið 5. gr. frumvarpsins segir:


„Ráðherra getur að fenginni umsögn Seðlabankans bundið greiðslumat vegna erlendra lána sérstökum skilyrðum, svo sem um erlendar tekjur og erlendar tryggingar lántaka. Í reglugerðinni má enn fremur tilgreina viðmið sem lögð skulu til grundvallar mati á því hvað telst veruleg breyting á gengi íslensku krónunnar gagnvart mismunandi gjaldmiðlum og eftir atvikum verulegar breytingar á erlendum vöxtum.“

Þarna er ráðherra veitt heimild til að tilgreina viðmið sem lögð skulu til grundvallar, sbr. feitletraða orðið hér að ofan. Spurningar vakna hvort ekki sé æskilegra að tilgreina skyldu til slíkrar reglugerðarsetningar og nota því fremur orði „skal“ en „má“.

Eins og fyrr greinir styðja LL samþykkt þessa frumvarps enda mikilvægt að styrkja sem flestar stoðir sem stuðlað geta að stöðugleika til framtíðar.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2015

**Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán, varúðarreglur), 561. mál.**

Neytendasamtökin áttu þess kost að gera athugasemdir við „drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu (lán í erlendum gjaldmiðlum)“ meðan slík drög voru á vinnslustigi í fjármála- og efnahagsráðuneyti. M.a. þar sem það frumvarp sem hér er til umfjöllunar er að hluta frábrugðið þeim drögum sem samtökunum voru send á sínum tíma er þó óhjákvæmilegt að gera eftirfarandi athugasemdir við umrætt frumvarp:

**Opinbert eftirlit með því að farið sé að lögum um vexti og verðtryggingu:** Í áðurgreindum drögum var að finna töluverðar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu hvað varðaði ákvæði um eftirlit, viðurlög og málsmeðferð. Var þar m.a. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hefði eftirlit með því að eftirlitsskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi færu að ákvæðum laganna, en samkvæmt núgildandi lögum um vexti og verðtryggingu er engu sérstöku stjórnvaldi falið eftirlit með þeim, og því verður að telja að það séu aðeins dómstólar sem hafa það með höndum. Neytendasamtökin töldu þessa tillögu mjög til bóta, enda æskilegt að slíkt eftirlit sé til staðar, en í frumvarpinu virðist þó hafa verið fallið frá þessum tillögum. Er hér með hvatt til þess að þetta atriði verði tekið til endurskoðunar.

**Um varúðarreglur:** Með 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands geti sett lánveitendum reglur um erlend lán í þeim tilgangi að takmarka slíkar lántökur aðila sem ekki eru varðir fyrir gengisáhættu. Þá er í b-lið 5. gr. gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð bundið greiðslumat vegna erlendra lána sérstökum skilyrðum, svo sem þeim að neytandi sem hyggst taka erlent lán standist greiðslumat í viðkomandi gjaldmiðli. Um nokkuð opnar heimildir er að ræða en að mati samtakanna er mikilvægt að tryggja að heimildir til töku erlendra lána séu bundnar við þá lántaka sem hafa nægt svigrúm til að standa af sér gjaldeyrissveiflur. Nokkuð örðugt er að tjá sig frekar um þessi ákvæði, þar eð enn er óljóst hvað áhrif þau koma til með að hafa á framkvæmd lánveitinga af þessu tagi er rétt er að áréttta þá afstöðu að




mikilvægt er að vandað greiðslumat eigi sér stað svo og ítarleg upplýsingagjöf fyrir og við samningsgerð.

**Um upplýsingagjöf um árlega hlutfallstölu kostnaðar o.fl. fyrir lántöku:** Í lögum um neytendalán er nú að finna ýmis ákvæði sem stuðla eiga að því að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun við töku verðtryggðra lán og geri sér betur grein fyrir því í hverju verðtrygging felst. Þannig er í 3. mgr. 21. gr. kveðið á um að miða skuli útreikning ÁHK við ársverðbólgu samkvæmt tólf mánaða breytingu vísitölu neysluverðs og jafnframt er í 25. gr. kveðið á um skyldu lánveitanda til að veita upplýsingar um sögulega þróun veðlags og vaxta og áhrif þeirra á greiðslukjör auk þess sem Neytendastofu er falið ákveðið hlutverk við upplýsingagjöf hvað þetta varðar.

Neytendasamtökin telja ljóst að sé lán í erlendum gjaldmiðli eða endurgreiðsla þess háð breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla geti ekki síður verið um sveiflur að ræða hvað varðar upphæð höfuðstóls og greiðslubyrði. Dæmin hafi þannig sýnt að gengi íslensku krónunnar sveiflast ekki síður en verðbólgan. Telja samtökin því eðlilegt að sambærileg ákvæði um aukna upplýsingagjöf verði sett vegna slíkra lána. Þannig væri að mati samtakanna t.a.m. eðlilegt að lánveitendur veiti sambærilegar upplýsingar um þróun gengis og áhrif þeirra á endurgreiðslur og höfuðstól eins og þegar um er að ræða verðtryggð lán eða lán með breytilegum vöxtum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2015

**Efni: Viðbótarathugasemdir Neytendatakana við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán, varúðarreglur), 561. mál.**

Neytendasamtökin hafa áður sent athugasemdir við ofangreint frumvarp, bæði á vinnslustigi og einnig með umsögn til nefndarinnar, dags. 20. mars sl. Sakir þess að frumvarpið hefur tekið töluverðum breytingum frá framlagningu þess, þykir þó rétt að senda frekari athugasemdir auk þess sem fyrri athugasemdir eru að nokkru leyti ítrekaðar:

**Opinbert eftirlit með lögum um vexti og verðtryggingu:** Í upphaflegum drögum frumvarpsins var að finna töluverðar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu hvað varðaði ákvæði um eftirlit, viðurlög og málsmeðferð. Var þar m.a. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hefði eftirlit með því að eftirlitsskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi færu að ákvæðum laganna, en samkvæmt nágildandi lögum um vexti og verðtryggingu er engu sérstöku stjórnvaldi falið eftirlit með þeim, og því verður að telja að það séu aðeins dómstólar sem hafa það með höndum. Neytendasamtökin töldu þessa tillögu mjög til bóta, enda æskilegt að slíkt eftirlit sé til staðar, en í frumvarpinu virðist þó hafa verið fallið frá þessum tillögum. Er hér með hvatt til þess að þetta atriði verði tekið til endurskoðunar.

**Um hugtakanotkun:** Undanfarin ár hefur verið talað um tvær tegundir „erlendra“ lána. Þ.e. annars vegar „lögleg erlend“ lán, eða „gengislán“, þar sem m.a. lánsupphæð er tilgreind í erlendum gjaldmiðlum og hins vegar ólögleg „gengistryggð“ lán þar sem í raun er um lán í íslenskum krónum að ræða, þ.e. lánið er greitt út í þeim gjaldmiðli og endurgreiðslur miðast við gengi erlendra gjaldmiðla sem er þá umreiknað í íslenskar krónur. Samkvæmt almennum athugasemdum við frumvarp þetta er nú komið í ljós að ESA telur bann við „gengistryggingu“ lána ekki samrýmast EES-samningnum, og er frumvarpi þessu því ætlað að endurskoða það bann. Í ljósi þeirra deilna sem verið hafa undanfarin ár um gengislán og gengistryggð lán og lögmæti þeirra er að mati Neytendasamtakanna afar mikilvægt að hafa hugtakanotkun skýra að þessu leyti þannig að ljóst sé við hvað er átt þegar rætt er um lán „tengd erlendum gjaldmiðlum.“ Hins vegar verður ekki betur séð en skilgreiningar í ofangreindu frumvarpi séu nokkuð mismunandi.

Þannig er í 2. gr. frumvarpsins, þar sem lögð er til breyting á 13. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, talað um „skuldbindingar sem varða lánsfé í erlendum gjaldmiðlum og lánsfé þar sem greiðslur breytast í samræmi við gengi erlendra gjaldmiðla eða gengisvísitölur“, þ.e. tekið er til bæði „gengislána“ og „gengistryggðra“ lána. Í 4. gr. frumvarpsins, þar sem lögð er til breyting á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 er hins vegar talað um lán „tengd“ erlendum gjaldmiðlum. Ekki er nánar skýrt hvað í því felst en gera má ráð fyrir að undir það hugtak geti fallið bæði „gengislán“ og „gengistryggð“ lán. Í 7. gr. frumvarpsins, er þar er að finna tillögu um skilgreiningu „lánessamnings í erlendum gjaldmiðlum“ í lögum um neytendalán nr. 33/2013, virðist eingöngu um að ræða „gengislán“, þ.e. lán sem er í öðrum gjaldmiðli en þeim sem lántaki fær tekjur í eða á eignir í, en ekki er rætt um „gengistryggingu“ í þeirri grein. Verður því í fljótu bragði ekki séð að „gengistryggð“ lán séu skilgreind með neinum hætti í þeim lögum, og raunar má einnig halda því fram að þessi skilgreining sé nokkuð óljós, þar sem t.a.m. er ekki tekið fram hve mikill hluti tekna eða eigna lántaka þarf að vera í sama gjaldmiðli og lán er í svo það teljist ekki „lánessamningur í erlendum gjaldmiðlum“. Ekki er ljóst af frumvarpinu af hverju lagðar eru til svo mismunandi skilgreiningar í lög um vexti og verðtryggingu annars vegar og í lög um neytendalán hins vegar, en æskilegt væri að það væri skýrt nánar. Í 8. gr. frumvarpsins, þar sem lagðar eru til breytingar á ákvæði neytendalaga um lánshæfis- og greiðslumat, er svo enn talað um „lán tengd erlendum gjaldmiðlum“. Samkvæmt almennum málskilningi ætti það hugtak bæði að ná til „gengislána“ og „gengistryggðra“ lána, en þar sem skilgreiningu í 5. gr. laganna virðist einungis ætlað að ná til „gengislána“ er þó nokkuð örðugt að átta sig á því. Að mati Neytendasamtakanna er afar mikilvægt að skýrt sé við hvers konar lánveitingar er átt, sér í lagi þegar kemur að hertum reglum um greiðslumat, sbr. 8. gr. frumvarpsins, og því mikilvægt að skýra þetta misræmi sem virðist vera milli ákvæða frumvarpsins betur, ekki síst þar sem um breyttar skilgreiningar er að ræða frá því frumvarpið var upphaflega lagt fram, og því er ekki að finna skýringar á þeim greinargerð með því.

**Um varúðarreglur og greiðslumat:** Með 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands geti sett lánveitendum reglur um erlend lán í þeim tilgangi að takmarka slíkar lántökur aðila sem ekki eru varðir fyrir gengisáhættu. Þá er í b-lið 8. gr. gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð bundið greiðslumat vegna erlendra lána sérstökum skilyrðum. Að mati Neytendasamtakanna er æskilegt að reglur á grundvelli þessara ákvæða verði settar sem fyrst verði frumvarp þetta að lögum. Í a-lið 8. gr. frumvarpsins er einnig að finna ákvæði um greiðslumat vegna lána sem eru „tengd erlendum gjaldmiðlum“, en samkvæmt því skal ávallt framkvæma greiðslumat í tengslum við slíkar lánveitingar, óháð því hver lánsupphæðin er. Þá eru í þremur stafliðum talin upp skilyrði þess að heimilt sé að veita slík lán. Þessi ákvæði eru að nokkru leyti matskennd, t.a.m. er í ii.-lið talað um „verulegar“ gengisbreytingar og „verulegar“ hækkningar á vöxtum, auk þess sem í iii.-lið er talað um „viðeigandi“ fjárhagslegar tryggingar. Að mati Neytendasamtakanna er mikilvægt að skýra þessi hugtök nánar, auk þess sem rétt væri að setja skýr töluleg viðmið um það hvað teljist „verulegt“ í þessu samhengi.

**Um upplýsingagjöf um árlega hlutfallstölu kostnaðar o.fl. fyrir lántöku:** Í lögum um neytendalán er nú að finna ýmis ákvæði sem stuðla eiga að því að neytendur geti

tekið upplýsta ákvörðun við töku verðtryggðra lán og geri sér betur grein fyrir því í hverju verðtrygging felst. Þannig er í 3. mgr. 21. gr. kveðið á um að miða skuli útreikning ÁHK við ársverðbólgu samkvæmt tólf mánaða breytingu vísitölu neysluverðs og jafnframt er í 25. gr. kveðið á um skyldu lánveitanda til að veita upplýsingar um sögulega þróun verðlags og vaxta og áhrif þeirra á greiðslukjör auk þess sem Neytendastofu er falið ákveðið hlutverk við upplýsingagjöf hvað þetta varðar.

Neytendasamtökin telja ljóst að sé lán í erlendum gjaldmiðli eða endurgreiðsla þess háð breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla geti ekki síður verið um sveiflur að ræða hvað varðar upphæð höfuðstóls og greiðslubyrði. Dæmin hafi þannig sýnt að gengi íslensku krónunnar sveiflast ekki síður en verðbólgan. Telja samtökin því eðlilegt að sambærileg ákvæði um aukna upplýsingagjöf verði sett vegna slíkra lána. Þannig væri að mati samtakanna t.a.m. eðlilegt að lánveitendur veiti sambærilegar upplýsingar um þróun gengis og áhrif hennar á endurgreiðslur og höfuðstól eins og þegar um er að ræða verðtryggð lán eða lán með breytilegum vöxtum.

**Um uppgreiðslu láns sem veitt er í öðrum gjaldmiðli eða tengt gengi annars gjaldmiðils:** Í ljósi þeirra sveiflna sem orðið hafa á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónu í gegnum tíðina, má gera ráð fyrir að upphæðir lána sem tengd eru gengi erlendra gjaldmiðla geti tekið umtalsverðum sveiflum á lánstíma. Með hliðsjón af því taka Neytendasamtökin undir athugasemdir Neytendastofu um mikilvægi þess að réttur til uppgreiðslu sé ávallt til staðar án gjaldtöku sé um lán „tengd erlendum gjaldmiðlum“ að ræða.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 22.04.2015  
Tilv. 2015/0249 - 0.0.01  
TA

### **Efni: Láncsamningar í erlendum gjaldmiðli – 561. mál og vinnuskjal með nýjum tillögum - umsögn**

Neytendastofa telur að fyrirbyggjandi breytingartillögur í vinnuskjali Alþingis á skilgreiningu láncsamninga í erlendum gjaldmiðli séu til bóta miðað við þann texta sem lagður var fram í upphaflegu þingskjali nr. 975.

Í Evrópurétti hafa nú nýlega verið settar í fyrsta sinn reglur um slíkar lánveitingar til neytenda sbr. ákvæði í tilskipun 2014/17/ESB. Þar er gerð krafa um tekjur, eignir og búsetu í þeim gjaldmiðli sem lán er tekið. Í fyrirbyggjandi drögum má ráða að þar sé nú höfð hliðsjón þeim ákvæðum, sbr. 4 (28) gr. tilskipunarinnar. Mat Neytendastofu er þó að gera þurfi fleiri breytingar en lagðar hafa verið til í vinnuskjalinu.

Hér á eftir skal gerð nánari grein fyrir þeim atriðum.

Auk framangreindra reglna er varða skilgreiningu og afmörkun láncsamninga í erlendum gjaldmiðli er gerð sú krafa að þegar að eitt, eða fleiri þeirra skilyrða sem talin eru upp hér að framan eru ekki lengur uppfyllt þá ber aðildarríkjum á EES svæðinu með lögum að tryggja rétt neytenda til þess að umbreyta slíku láni þegar og ef eitthvert skilyrðanna er ekki lengur uppfyllt. Hér er átt við a-lið 23(1) gr. en þar segir m.a. „*the consumer has a right to convert the credit agreement into an alternative currency under specified conditions*“.

Af því leiðir að skýr ákvæði verður að setja í lög um neytendalán hvaða reglur skulu gilda hér á landi um hvaða leiðir löggjafinn telur eðlilegt að tryggja neytendum til þess að breyta gjaldmiðli slíkra láncsamninga, sbr. ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar, einkum 23 (2) og 23(3) gr. um viðmiðunargengi við umbreytingu ef sú staða kann að koma upp.

Þetta kemur m.a. skýrt fram í skýringarskjali framkvæmdastjórnar ESB dags í mars 2015 sem fylgir bréfi þessu. Þar segir að ákvæði 4(28). gr. veðlánatilskipunar verða ekki slitin frá reglum sem fram koma í 23. gr. en þar segir m.a. „*Article 23 paragraph 2, read in conjunction with Article 4(28), entitles the consumer to benefit from at least one of the two possible options for the conversion in an alternative currency*“ .

Alþingi verður því samhliða samþykkt breytinga á lögum um neytendalán að þessu leyti að skilgreina og setja inn í lögum hvaða reglur skulu gilda um umbreytingu slíkra láncsamninga

þegar og ef skilyrði til lánveitingarinnar eru ekki lengur uppfyllt.

Í skjalinu er nánar útskýrt hvaða valkostir eru fyrir hendi. Þar segir t.d. að ef skilyrði um í hvaða gjaldmiðli neytandi fær tekjur eða búseta breytist þá verður að tryggja með lögum að neytandi hafi rétt til þess að endurgreiða framvegis í gjaldmynt sem hann hefur tekjur í eða þess ríkis sem hann er búsettur, svo dæmi sé tekið, sbr. nánar ákvæði og skýringar varðandi 23. gr. tilskipunarinnar í meðfylgjandi skýringarskjali.

Neytendastofa telur því ekki unnt að Alþingi samþykki breytingu á lögum um neytendalán nr. 33/2013 eins og lagt er til í 6.-12. gr. í vinnuskjali sem lagt hefur verið fram nema því aðeins að skýr ákvæði komi inn í löginn sem taka á framangreindu atriði.

Neytendastofa telur að það sé ekki unnt að fresta þeirri lagasetningu þar til að frumvarp til laga um veðlán verður lagt fram og samþykkt síðar meir, hugsanlega á næsta ári eða enn síðar. Fram til þess tíma væri mikil hætt á að lánveitingar færu fram án þess að tryggt væri með lögum hvaða leið fjármálafyrirtækjum verði skylt að tryggja neytendum þegar og ef skilyrði fyrir lánsamningi í erlendum gjaldmiðli eru ekki lengur uppfyllt. Sú staða á íslenskum fjármálamarkaði myndi skapa mikinn óstöðugleika og réttaröryggi þeirra sem tækju slík lán væri verulega skert og til þess fallið að skapa enn á ný jarðveg fyrir deilur og ágreining ef sú staða kynni að koma upp að gengisbreytingar yrðu mun meiri en nokkurn grunaði á lántökudegi.

Telji Alþingi ekki unnt að setja inn þær reglur fyrr en innleiðing fer fram á næsta ári þá er jafnframt eðlilegt að breytingum á lögum um neytendalán verði þá jafnframt frestað svo unnt sé að tryggja fullt samræmi í lagasetningu að þessu leyti.

Með hliðsjón af framansögðu þá vill Neytendastofa gera tillögur um eftirfarandi breytingar á ákvæðum sem um getur í vinnuskjali nefndarinnar og sem henni var afhent á fundi 17. apríl 2015:

## **II. KAFLI – Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum**

Tillaga um breytingu á 13. gr. ofangreindra laga, sbr. nú 4. gr. frumvarps í vinnuskjali, síðasti málsliður greinarinnar orðist svo:

***„Heimilt er að ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lántaka sem ekki falla undir ákvæði laga um neytendalán, svo sem lögaðila, sveitarfélög og aðila sem opinberir aðilar eru í ábyrgð fyrir“.***

Hér er því lagt til að fella brott orðið „einstaklingar“ og setja inn skýrt ákvæði um að þær sérreglur sem settar eru með væntanlegum breytingum á lögum um neytendalán eru ófrávíkjanlegar reglur til verndar neytendum. Jafnframt er á það bent að hér virðist vera um það að ræða að Seðlabanka Íslands verði, að fenginni umsögn fjármálastöðugleikaráðs heimilt að „binda lán tengdum erlendum gjaldmiðlum“ ýmsum nánari skilyrðum. Það er því ljóst af framangreindu orðalagi að hér er ekki um að ræða eingöngu „lánsamninga í erlendum gjaldmiðlum“ eins og sú skilgreining liggur nú fyrir í vinnuskjali Alþingis sbr. 7. gr. frumvarps varðandi nýjan staflíð (j) í 5. gr. laga um neytendalán, heldur má af þessu ráða að hér sé stefnt að heimild til binda og tengja lán við erlenda gjaldmiðla með rýmri skilyrðum en

stefnt er að með breytingum á lögum um neytendalán.

Verði framangreind heimild lögfest til Seðlabanka Íslands þá verður að mati Neytendastofu að taka fram að sú heimild tekur ekki til neytendalána heldur aðeins til aðila sem ekki falla undir hugtakið „neytandi“ eins og það er skilgreint í íslenskum lögum, þ.e. einstakling sem tekur lán ótengt atvinnustarfsemi.

### III. KAFLI - Breyting á lögum um neytendalán, nr. 33/2013

Neytendastofa ítrekar mikilvægi þess að Alþingi lögfesti ekki þær breytingar sem er að finna í vinnuskjalinu nema því aðeins að samtímis verði lögfest ákvæði sem varða takmörkun gengisáhættu neytenda ef skilyrði eru ekki lengur uppfyllt, sbr. umfjöllun um það efni hér að framan, ákvæði 23. gr. tilskipunar 2014/17/ESB svo og ítarlegar skýringar og leiðbeiningar um það í skýringarskjali ESB sem fylgir bréfi þessu.

Verði gætt að því að bæta inn ákvæðum sem varða „alternative currency“ að val neytanda um að breyta láni í annan gjaldmiðil ef upphafleg skilyrði til lánveitingar reynast ekki lengur uppfyllt þá vill Neytendastofa gera eftirfarandi athugasemdir við þau ákvæði sem liggja nú fyrir í vinnuskjalinu og er að finna nú í 8. og 11. gr. frumvarpsdraganna (sem varða 1. mgr. 5. gr. og 10. gr. laga um neytendalán):

Neytendastofa telur að breyta verði 8. gr. frumvarpsdraga í vinnuskjali sem ætlað er að bæta inn nýrri 4. mgr. Í 10. gr. laganna orðist svo

***Lánveitandi skal þrátt fyrir fjárhæðarmörk 2. mgr. ávallt framkvæma greiðslumat á lántaka ef um er að ræða láNSSamning í erlendum gjaldmiðlum Óheimilt er að veita slík lán nema:***

- i. lántaki hafi nægilegar tekjur eða á eignir í þeim gjaldmiðli sem lánið ber að endurgreiða í, eða***
- ii. lántaki standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir allt að 20% gengisbreytingum og allt að 10% hækkunum á LIBOR vöxtum og leggi fram erlendar eignir til tryggingar láninu, eða***
- iii. lántaki standist greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar takmarka gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum.***

Neytendastofa leggur áherslu á að nota verður þá skilgreiningu sem framar í frumvarpinu hefur verið lögð til í 7.gr. frumvarpsdraganna sbr. tillögu þar um að bæta inn í 5. gr. skilgreiningunni „**LáNSSamningur í erlendum gjaldmiðli**“. Það er ekki unnt í fyrirhugaðri 10. gr. að breyta frá því orðalagi og nota í stað skilgreiningarinnar sem þar kemur fram að neytandi skuli hafa tekjur „**í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist**“. Hér er því lögbundin nauðsyn til þess að gæta að samkvæmni í orðalagi og skýrt komi fram í öllum viðeigandi lagagreinum við hvað er átt og gæta að því að fullt samræmi sé milli skilgreiningar og orðalags í framangreindu ákvæði.

Framangreind tillaga og orðalagsbreytingar Neytendastofu á ákvæði 10. gr. byggir á því.

Auk þess er í núverandi texta í vinnuskjali lagt til að neytandi standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir „**verulegum gengisbreytingum**“. Þetta orðalag er ekki nothæft í þessu tilviki



að mati Neytendastofu og mun valda miklum vandamálum í framkvæmd

Í 23(4) gr. tilskipunar 2014/17/ESB svo og skýringarskjali framkvæmdastjórnar ESB kemur fram að neytendur verða að fá viðvörðun þegar að hækkun afborgana breytist um meira en 20% og er það eðlileg krafa varðandi áhættu sem fylgir slíkum lánum. Í því sambandi er einnig miðað við að réttur neytenda til að umbreyta láni og takmarka áhættuna getur eftir atvikum orðið virkur gagnvart lánveitanda. Í skýringarskjali framkvæmdastjórnarinnar er nefnt að í 30 grein aðfararorða tilskipunar 2014/17/ESB sé nefnt að unnt sé að hugsa sér aðrar leiðir til þess að verjast gengisáhættu með ýmiskonar flóknum áhættuvörnum s.s. afleiðum eða gjalddeyrisskiptasamningum. Þetta er þó ekki eins og þar kemur skýrt fram raunhæfur kostur fyrir neytendur þar sem slíkar tryggingar séu bæði dýrar fyrir einstaklinga (öfugt við banka og fjármálafyrirtæki sem njóta þar stærðarhagkvæmni) og óskilvirk leið fyrir neytendur. Almennt eru slíkar áhættuvarnir og samningar vegna þeirra aðeins til takmarkaðs tíma þ.e. 24 klst í allt að 18 mánuði og eru því aldrei nothæfir fyrir neytendur ef lán þeirra eru til lengri tíma. Varðandi vaxtaþátt þá er verður einnig hér að mati Neytendastofu að setja inn fast viðmið. Við skoðun á flökti Libor vaxta frá árinu 1991 til þessa dags sést að þeir hafa sveiflast um 10% á því tímabili. Lánveitingar fjármálafyrirtækja og vaxtaákvarðanir taka mið af millibankavöxtum og því rétt að setja ákveðin vikmörk sem tengjast Libor-vöxtum. Önnur sambærileg viðmiðun gæti einnig komið til álita.

Loks er lagt til að orðalagi í iii-lið 10. gr. verði breytt og felld brott orðið „eyða“ og fremur notað orðið „**takmarka**“ enda vandséð að neytendur geti lagt fram tryggingar skv. framansögðu sem eru til þess fallnar að þær „eyði“ áhættunni.

Neytendastofa telur að með gerð lánessamninga í erlendum gjaldmiðli til neytenda verði eins og þegar hefur verið rakið í bréfi þessu horft til stöðu og gjaldfærni í heild sinni, þ.e. hvort tekjuöflun sé í viðkomandi gjaldmiðli, hvort fasteignaveð eða handveð séu lögð fram í þeim gjaldmiðli, hvort gengisbreytingar fari yfir fyrirfram ákveðin og umsamin þolmörk. Loks að þegar framangreind skilyrði eru ekki lengur uppfyllt að með lögum, lánessamningi og lánareglum fjármálafyrirtækja sé skýrt kveðið á um rétt neytenda til að færa lánið í þann gjaldmiðil sem við á skv. gildandi reglum og skilyrðum sem sett eru varðandi lánessamninga í erlendum gjaldmiðli.

Neytendastofa bendir á að í ekki er lagt til í fyrirliggjandi vinnuskjali eða frumvarpi eins og það var lagt fram að setja nein sérákvæði í aðrar greinar laganna t.d. varðandi upplýsingaskyldu lánveitanda sbr. t.d. 6. og 7. gr. laga um neytendalán vegna þeirra breytinga sem hér eru til umfjöllunar. Full ástæða er þó til þess að taka fram vegna þeirra breytinga sem Alþingi er hér að leggja til að gerðar verði á lögum um neytendalán að upplýsingaskylda lánveitanda varðandi lánessamninga í erlendum gjaldmiðli eigi að öllu leyti við.


Um leið og Alþingi bætir við ákvæði við vinnuskjalið og frumvarpsdrögin um hvaða leiðir eiga að standa til boða þegar að skilyrði eru ekki lengur uppfyllt og neytandi fær rétt til að yfirfæra lánið í annan gjaldmiðil þá sé einnig bætt inn ákvæði varðandi upplýsingaskyldu lánveitanda skv. framansögðu.

Neytendastofa telur að breytingar þar sem skýrt er með lögum að framvegis sé útilokað að íslensk krónulán séu veitt til neytenda búsettra á Íslandi og sem hafa allar sínar tekjur og eignir í íslenskum krónum og veitt af íslensku fjármálafyrirtæki, (eða erlendu) og þar með ekki lögleyfð hér á landi sé mikil framför og til þess fallið að styrkja neytendavernd hér á

landi. Slík lán eru afar áhættusöm fyrir lántakendur, sérstaklega neytendur nema því aðeins að þau séu bundin þröngum skilyrðum um tekjur eða tryggingar í sömu mynt, eða búsetu í ríki hins erlenda gjaldmiðils. Af vinnuskjali nefndarinnar m.a. af skilgreiningu lánessamninga í erlendum gjaldmiðli að með lögum sé verið að skilgreina betur en áður hefur verið gert hvernig að löggjafinn telur að unnt sé að veita lán í erlendum gjaldmiðli til neytenda og koma um leið í veg fyrir að hreina gengistryggingu íslenskra lána. Það er tímabært og mikilvægt skref og mun styrkja neytendavernd hér á landi.

Neytendastofa þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma að tillögum varðandi frumvarp þetta. Jafnframt er ítrekað að það er afar mikilvægt að löggjöf á þessu sviði sé vönduð og skýr þannig að unnt sé að forðast ágreining síðar meir t.d. vegna óstöðugleika í gengismálum eða öðrum sambærilegum atriðum sem geta haft veruleg áhrif á slík lán.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Fylgiskjal: Skýringarskjal framkvæmdastjórnar ESB – „Mortgage Credit Directive“ March 2015 og línurit um Libor-vesti

# Mortgage Credit Directive<sup>1</sup>

March 2015

## Fourth NON-PAPER

### QUESTIONS RAISED SO FAR

DISCLAIMER: The answers are provided by the Commission's Directorate General for Financial Stability, Financial Markets and Capital Markets Union (FISMA) on the basis of its current best understanding. They cannot prejudice the position the Commission may take on the basis of additional information, in particular from complaints to the Commission, or following an in-depth examination of national transposition measures. They are also without prejudice to the interpretation of EU law, including the Mortgage Credit Directive, by the Court of Justice of the European Union.

#### **Article 4(28) – Foreign currency loans**

(28) 'Foreign currency loan' means a credit agreement where the credit is:  
(a) denominated in a currency other than that in which the consumer receives the income or holds the assets from which the credit is to be repaid; or  
(b) denominated in a currency other than that of the Member State in which the consumer is resident.

***Q. The question concerns the meaning of 'or' in the definition of Article 4(28).***

**A.** The 'or' needs to be read literally, as an alternative, and it means that when either a) or b) or both (i.e. a + b) apply the credit in question is to be considered a foreign currency loan. Due to the residence criterion in letter b), the definition's scope is relatively broad and covers next to the classical situation (e.g. Hungarian citizen residing in Hungary takes out credit in € currency to purchase an apartment in Budapest) also the rare situation where the currency exchange rate risk per se might seem less important (e.g. A UK pensioner residing in Spain who holds UK collateral and who financed his Spanish property through a loan taken (for instance, from a UK bank) in Pounds Sterling), but where the loan would still need to be considered in line with Article 4(28) a foreign currency loan.

***Q. The question relates to the residence criterion in letter b) of Article 4(28) and inquires about the notion of residence (e.g. main residence or else) and when a loan has to be considered a foreign currency loan under letter b).***

**A.** It is our understanding that letter b refers to the main residence of the borrower. To determine when a loan has to be considered a foreign currency loan under letter b), Article 4(28) needs to be read in conjunction with Article 23 paragraph 2. For instance, the loan in the above example would

---

<sup>1</sup> Directive 2014/17/EU on credit agreements for consumers relating to residential immovable property

not need to be considered a foreign currency loan if the UK pensioner, at the time of the conclusion of the credit agreement in Pounds Sterling, still resided in the UK.

## **Article 23 – Foreign currency loans and variable rate loans**

### **Article 23 para 1– appropriate regulatory framework**

*1. Member States shall ensure that, where a credit agreement relates to a foreign currency loan, an appropriate regulatory framework is in place at the time the credit agreement is concluded to at least ensure that:*  
*(a) the consumer has a right to convert the credit agreement into an alternative currency under specified conditions;*  
*or*  
*(b) there are other arrangements in place to limit the exchange rate risk to which the consumer is exposed under the credit agreement.*

***Q. The question relates to Article 23 paragraph 1 letter a) and inquires in which situations the consumer can exercise the right to convert the credit agreement in an alternative currency.***

**A.** According to Article 23 paragraph 1 letter a), the right to convert the credit agreement in an alternative currency can be granted ‘under specified conditions’. In the context of the transposition of the directive in their national legislation, Member States can therefore decide the conditions under which consumers shall benefit from this right. The conditions for exercising this right, where applicable, have to be disclosed under section 3 of the ESIS.

***Q. The question inquires whether a conversion under letter a) would result in a new credit agreement.***

**A.** It is our understanding that the credit agreement would still need to be considered after the conversion as the original credit agreement.

***Q. The question inquires what ‘other arrangements in place to limit the exchange rate risk’ in letter b) refer to. It is also inquired whether hedging instruments could qualify as ‘other arrangements’ and if so whether the hedging instruments would need to be offered by creditors free of charge.***

**A.** Recital 30 offers with ‘caps’ and ‘warnings’ two possible examples of ‘other arrangements’. The examples have to be understood as being non-exhaustive. A cap would protect the borrower against losses above a certain exchange rate fluctuation. A warning would serve to alert the consumer in due time of an increase in the instalments to be paid so that he can adjust his consumption patterns accordingly.

Another example for ‘other arrangements’ might be hedging instruments (e.g. swaps or forward calls). Hedging instruments seem currently only available to consumers in a few MS. The MCD does not refer to hedging instruments, nor does the Directive specify whether such instruments would need to be offered to consumers free of charge or not. One could therefore assume that national legislation is applicable. Though recommendation A paragraph 2 of the ESRB recommendation<sup>2</sup> seems to recommend offering hedging instruments to consumers, this might prove for consumers in some instances either costly (contrary to banks, consumers do not benefit from economies of scale)

---

<sup>2</sup> Recommendation of the European Systemic Risk Board (ESRB) of 21 September 2011 on lending in foreign currencies (ESRB/2011/1).

or ineffective (the market price for the hedging instrument might equal the fall-out risk). Hedging periods are compared to the duration of an average mortgage loan relatively short (from 24 hours to 18 months), though these can usually be rolled over at a cost. The CRD IV framework does not necessarily oblige banks to hedge against their F/X exposure with the help of financial instruments. Banks can also decide to increase their capital cushion instead.

#### Article 23 para 2 – alternative currency

2. The alternative currency referred to in point (a) of paragraph 1 shall be either:  
(a) the currency in which the consumer primarily receives income or holds assets from which the credit is to be repaid, as indicated at the time the most recent creditworthiness assessment in relation to the credit agreement was made;  
or  
(b) the currency of the Member State in which the consumer either was resident at the time the credit agreement was concluded or is currently resident.  
Member States may specify whether both of the choices referred to in points (a) and (b) of the first subparagraph are available to the consumer or only one of them or may allow creditors to specify whether both of the choices referred to in points (a) and (b) of the first subparagraph are available to the consumer or only one of them.

**Q.** The question inquires whether granting the consumer at all times a generalised right to convert the f/x loan into the currency of his place of residence (i.e. letter b), whilst leaving it to the creditor's discretion whether the consumer could also convert into a currency where the consumer primarily receives income or holds assets (i.e. letter a), can be considered sufficient to meet the spirit of Article 23 paragraph 2.

**A.** Article 23 paragraph 2, read in conjunction with Article 4(28), entitles the consumer to benefit from at least one of the two possible options for the conversion in an alternative currency. The alternative currency will be normally determined by reference to the type of foreign currency loan at stake, i.e. depending whether the loan is considered to be in a "foreign currency" in accordance with letters (a) or (b) of Art.4(28) of the directive, or with both. In the case of Art. 4(28)(a), the alternative currency should normally be the one laid down in Art.23(2)(a), and in the case of Art.4(28)(b) – the one laid down in Art.23(2)(b). If, as a result of the combined application of Art.23(2)(a) and (b), there is more than one alternative currency in which the credit agreement at stake could be converted, the directive provides that Member States may specify whether the consumer can freely choose between the two, or if only one of them will be available.

#### Article 23 para 3 – market exchange rate

3. Where a consumer has a right to convert the credit agreement into an alternative currency in accordance with point (a) of paragraph 1, the Member States shall ensure that the exchange rate at which the conversion is carried out is the market exchange rate applicable on the day of application for conversion unless otherwise specified in the credit agreement.

**Q.** The question inquires what the market exchange rate applicable on the day of application for conversion refers to.

**A.** Under the F/X loan arrangement, the creditor usually buys and sells the foreign currency to the borrower so that he can repay the foreign currency denominated debt. The mid-market rates are in general established by the National Banks or in the EURO-area by the ECB and derive from the mid-point between the "buy" and "sell" rates in global currency markets. "Buy" and "sell" rates of banks often include additional overheads and profit margins and can therefore differ significantly from the

mid-market rate. It is our understanding that the term 'market exchange rate applicable' makes reference to mid-market rates.

**Article 23(4) – Warning**

*4. Member States shall ensure that where a consumer has a foreign currency loan, the creditor warns the consumer on a regular basis on paper or on another durable medium at least where the value of the total amount payable by the consumer which remains outstanding or of the regular instalments varies by more than 20 % from what it would be if the exchange rate between the currency of the credit agreement and the currency of the Member State applicable at the time of the conclusion of the credit agreement were applied. The warning shall inform the consumer of a rise in the total amount payable by the consumer, set out where applicable the right to convert to an alternative currency and the conditions for doing so and explain any other applicable mechanism for limiting the exchange rate risk to which the consumer is exposed.*

***Q. The question inquires about the term 'regular instalments' and whether the 20% variation threshold for the 'value of the total amount payable which remains outstanding' and the 'regular instalments' would not be hit simultaneously in case of identical exchange rate movements.***

**A.** The term 'regular instalments' makes reference to a credit repaid in annuities (e.g. monthly instalments). The term 'regular' does not mean that the amount of the instalments (which is a combination of the principal and the corresponding interest rate) is always meant to be identical (e.g. always €1000 per month). The annuity definition allows us to also capture variable interest rate loans. Variable interest rate loans might vary over time if, for instance, their calculation is tied to a benchmark or the repayment of interests is deferred (e.g. deferred interest rate loan).

Although the 'value of the total amount payable which remains outstanding' and the 'regular instalments' would hit the 20% variation threshold in case of identical exchange rate movements simultaneously as far as linear loans (e.g. fixed rate mortgages) are concerned, this is not necessarily the case for non-linear loan forms (e.g. deferred interest loans, interest only loans, etc.) where the 'value of the total amount' and the 'regular instalments' might temporarily be affected differently.

***Q. The question inquires about the terms 'currency of the credit agreement' and the 'currency of the Member State applicable at the time of the conclusion of the credit agreement'.***

**A.** The term 'currency of the credit agreement' is used to designate the currency in which the credit agreement is actually denominated. The term 'currency of the Member State applicable at the time of the conclusion of the credit agreement' should be interpreted in conjunction with the similar notion of "national currency of the borrower", used in Section 3 of the ESIS, and in light of types of foreign currency loans laid down in Art.4(28)(a) and (b) of the directive. Therefore, depending on the characteristics of the foreign currency loan at stake, the above-mentioned terms should be construed as referring either to the currency of the Member State in which the consumer is resident at the time the credit agreement is concluded or – if that currency would be the same with the "currency of the credit agreement" – to the currency in which the consumer receives the income or holds the assets from which the credit is to be repaid.

***Q. The question inquires about the meaning of '... explain any other applicable mechanism for limiting the exchange rate risk'.***

**A.** The term 'any other applicable mechanism for limiting the exchange rate risk' in the second sentence of Article 23 paragraph 4 refers to the 'other arrangements in place to limit the exchange rate risk' under Article 23 paragraph 1 letter b. The warning shall therefore, where applicable, inform

the consumer of his right to convert in an alternative currency as well as of any other possible measures under the national framework to limit the exchange rate risk (e.g. caps).

**Q. The question inquires about the meaning of '...on a regular basis' and '... of a rise in the total amount payable'.**

A. According to the directive, the creditor shall warn the borrower "on a regular basis" at least where the 'total amount payable by the consumer which remains outstanding' or the 'regular installments' vary by more than 20% compared to a baseline which is calculated on the basis of the initial exchange rate between the national and foreign currency at the time of the conclusion of the contract. The term 'on a regular basis' is not further specified in the directive and, therefore, it will need to be determined by Member States in the transposition process, in light of the consumer protection objectives of this provision. The 'rise in the total amount payable' represents the sum initially due plus the additional costs which arise for the consumer as a result of the relevant variation.

## **Annex II – European Standardised Information Sheet (ESIS)**

### **Section 3 (part A) – Meaning of 'national currency of the borrower'**

*Amount and currency of the loan to be granted: [value][currency]*

*(Where applicable) This loan is not in [national currency of the borrower].*

*(Where applicable) The value of your loan in [national currency of the borrower] could change.*

*(Where applicable) For example, if the value of [national currency of the borrower] fell by 20 % relative to [credit currency], the value of your loan would increase to [insert amount in national currency of the borrower]. However, it could be more than this if the value of [national currency of the borrower] falls by more than 20 %.*


*(Where applicable) The maximum value of your loan will be [insert amount in national currency of the borrower].*

*(Where applicable) You will receive a warning if the credit amount reaches [insert amount in national currency of the borrower]. (Where applicable) You will have the opportunity to [insert right to renegotiate foreign currency loan or right to convert loan into [relevant currency] and conditions].*

**Q. The question inquires whether the exchange risk disclosure obligations apply even in cases where the exchange rate risk seems negligible (e.g. borrower receives income or holds assets in currency which is not his national currency) and what is expected of firms in terms of explaining /making sense in such situations.**

A. Following the full harmonization approach, the text in Part A of the ESIS needs to be reproduced as such. In the particular (and very rare) cases where the currency of the loan is not the currency of the Member State in which the consumer is resident, but it is the one in which the consumer receives his income (e.g. A UK pensioner residing in Spain who receives his income in Pounds Sterling and who financed his Spanish property through a loan denominated in Pounds Sterling), the disclosure requirement in regard to the variations of exchange rate between the Pound Sterling and the Euro might be less important than in the other cases, but it may still provide useful information to the consumer on the evolution of his asset balance sheet calculated in EURO currency. In any event, creditors could provide, in such a case, additional oral explanations to the borrower that the effective exchange rate risk in his case might be considered lower due to the income or asset stream.





**Sponsored Content**

You Probably Don't Recognise Her But Should Marks & Spencer

Essential Guide to Inheritance Tax - Free 7 page Guide Buckingham Gate

How to Trade CFDs

Increase your CFD Guardian

### Historical LIBOR Rates Chart

This chart compares 1 Month, 3 Month, 6 Month and 12 Month historical dollar LIBOR rates back to 1986.

Share: [Twitter](#) | [Facebook](#) | [Google+](#)

Export: [Save Image](#)

Sources: [Federal Reserve](#)

Notes: Vertical grey areas on chart indicate recessions.

#### Sponsored Financial Content

- [You Probably Don't Recognise Her But Should Marks & Spencer](#)
- [Top 10 Trading Mistakes with CFDs - Free 5 page guide Guardian Stockbrokers](#)
- [Essential Guide to Inheritance Tax - Free 7 page Guide Buckingham Gate](#)

#### Related Charts

(Click any thumbnail image to view the full-sized interactive chart)

**TED Spread Historical Chart**

This chart tracks the TED Spread (3 Month LIBOR / 3 Month Treasury Bill) as a measure of the perceived credit risk in the U.S. economy. LIBOR measures the interbank lending rate so as the...

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 24.03.2015  
Tilv. 2015/0249  
ÞAÁ

**Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán, 561. mál.**

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 10. mars 2015, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán.

Neytendastofa gerði athugasemdir við frumvarpið þegar það var á vinnslustigi í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá þeim tíma eru að mati stofnunarinnar til góða en þó vill Neytendastofa koma að eftirfarandi athugasemdum og þakkar stofnunin fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið í þeirri mynd sem það er nú.

Neytendastofu er falið eftirlit með lögum um neytendalán og snúa athugasemdir stofnunarinnar við frumvarpið fyrst og fremst að III. kafla þess, sem snýr að þeim lögum.

Í frumvarpinu, eins og það var sent til umsagnar hinn 10. mars s.l., er gert ráð fyrir að skilgreining erlends láns samkvæmt lögum um neytendalán verði í 4. mgr. 10. gr. laganna, sbr. a. liður 5. gr. frumvarpsins. Neytendastofa telur mun skýrara að skilgreiningu hugtaksins yrði bætt við 5. gr. laga um neytendalán samhliða öðrum skilgreiningum. Stofnunin telur þá framsetningu sem fram kemur í 5. gr. frumvarpsins flækja ákvæðið að óþörfu og skýrara yrði að halda skilgreiningu aðgreindri frá greiðslumatsskyldu.


Þá vill Neytendastofa jafnframt benda á stofnunin teldi til bóta að í lögskýringargögnum kæmi fram einhver umfjöllun eða skýring á því hvers vegna notast þurfi við ólíkar skilgreiningar erlends láns í lögum um vexti og verðtryggingu annars vegar og lögum um neytendalán hins vegar. Stofnuninni er ljóst að efnahags- og viðskiptanefnd er ekki unnt að breyta greinargerð með frumvarpinu en hún leggur til að nefndin fjalli stuttlega um þetta atriði í nefndaráliti sínu.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir þeim varúðarráðstöfunum að neytandi þurfi, auk þess að standast greiðslumat, að hafa augljóslega fjárhagslega burði til að standast verulegar breytingar á gengi telur Neytendastofa að kveða verði á um það að neytandi hafi rétt til að breyta yfir í annan gjaldmiðil eða afnema tengingu endurgreiðslu lánsins við gengi annars gjaldmiðils ef breytingar verða á högum neytandans eða verulegar gengisbreytingar verða. Með breytingum á högum neytandans á stofnunin t.d. við ef neytandi hættir að hafa tekjur í

viðkomandi gjaldmiðli þegar liðið er á lánstímann verði slíkt skilyrði sett á sem forsenda þess að hann standist greiðslumat, sbr. b. liður 5. gr. frumvarpsins. Neytendastofa telur ekki rétt að kveðið sé á um skyldu til að umbreyta láninu við þær aðstæður en tryggja ætti að neytandi eigi þess kost.

Verði ekki gerðar ráðstafanir til þess að neytandi geti umbreytt erlendu láni ef til koma verulegar gengisbreytingar telur stofnunin að taka þurfi til skoðunar breytingu á ákvæði 18. gr. laga um neytendalán þannig að lánveitanda verði óheimilt að krefja neytanda um greiðslu uppgreiðslugjalds vilji neytandi greiða lánið upp við þær aðstæður. Telja verður líklegt að í mörgum eða flestum tilvikum muni bann við töku uppgreiðslugjalds skv. c. lið 5. mgr. 18. gr. laganna eiga við um erlend lán, þar sem lagt er bann við töku uppgreiðslugjalds ef lán ber breytilega vexti, en eins og áður segir telur Neytendastofa nauðsynlegt að tryggt verði að neytendur hafi í öllum tilvikum, óháð vaxtaformi, rétt til uppgreiðslu sammingsins án uppgreiðsluþóknunar ef til verulegra gengisbreytinga kemur.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

  
Þórunn Anna Árnadóttir  
Sviðsstjóri

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 30.04.2015  
Tilv. 2015/0249 - 0.0.01  
MS

### Efni: Láncsamningar í erlendum gjaldmiðli – 561. mál. Svör við fyrirspurnum

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, hinn 27. apríl 2015, komu fram fyrirspurnir við athugasemdir Neytendastofu og beiðni um tillögur að breytingum á frumvarpinu. Var þess sérstaklega óskað að fyrirspurnunum yrði svarað skriflega.

**Upplýsingagjöf tengd láncsamningum í erlendum gjaldmiðli.** Neytendastofa telur þá upplýsingaskyldu sem leggja ber á lánveitendur um einkenni láncsamninga í erlendum gjaldmiðli rúmast inna ákvæðis 7. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013. Stofnunin telur þó að efnahags- og viðskiptanefnd ætti í nefndaráliti sínu um frumvarpið að geta þess sérstaklega. Ákvæði 10. mgr. 7. gr. er svohljóðandi:

*„Lánveitandi, og eftir atvikum lánamiðlari, skal veita neytanda skýringar svo að hann geti tekið afstöðu til þess hvort láncsamningur, sem í boði er, sé lagaður að þörfum og fjárhagsstöðu hans. Þessi skylda lánveitanda felur í sér að útskýra upplýsingar sem veita skal áður en samningur er gerður í samræmi við 1.–4. mgr. og 1. mgr. 25. gr., helstu einkenni þeirra láncsamninga sem í boði eru og þær sérstöku afleiðingar sem slíkir samningar geta haft fyrir neytanda, þ.m.t. afleiðingarnar af vanskilum hans á afborgunum.“*

Eins og sjá má er orðalag ákvæðisins almennt og tekur til allra láncsamninga.

Neytendastofa telur jafnframt nauðsynlegt að bæta við ákvæði inn í 25. gr. laga nr. 33/2013 í þeim tilgangi að veita neytendum almennar upplýsingar til þess að tryggja að hann sé upplýstur um hvernig þróun höfuðstóls og greiðslubyrði láncsamninga í erlendum gjaldmiðli hefur verið. Neytendastofa leggur til eftirfarandi breytingar á ákvæðinu:

#### **25. gr. Sérstök upplýsingaskylda lánveitanda.**

Til þess að tryggja að neytandi sé upplýstur um hvernig þróun höfuðstóls og greiðslubyrði hefur verið skal lánveitandi áður en samningur sem kveður á um verðtryggingu, **eða** breytilega vexti **eða erlendan gjaldmiðil** er gerður veita upplýsingar, á pappír eða öðrum varanlegum miðli, um sögulega þróun verðlags, **og** vaxta **og gengisbreytinga viðkomandi gjaldmiðla** og áhrif þeirra þátta á breytingar á höfuðstól og greiðslubyrði sé um verðtryggt lán að ræða og um breytingar á greiðslubyrði sé um óverðtryggt lán að ræða **eða lán í erlendum gjaldmiðli**. Lánveitandi skal einnig veita upplýsingar um þróun verðlags og ráðstöfunartekna síðustu 10 ár fyrir gerð samnings. Sé um verðtryggðan láncsamning að ræða skal lánveitandi,

til viðbótar við reikningsyfirlit í formi niðurgreiðslutöflu, sbr. i-lið 2. mgr. 12. gr., láta neytanda í té niðurgreiðslutöflu þar sem miðað er við meðaltal ársverðbólgu síðustu 10 ár fyrir gerð samnings.

Neytendastofa skal birta opinberlega á heimasíðu sinni almennar upplýsingar og dæmi um breytingar á höfuðstól og greiðslubyrði verðtryggðra lána og dæmi um breytingar á greiðslubyrði óverðtryggðra lána sem lánveitendur skulu byggja upplýsingagjöf skv. 1. mgr. á. Neytendastofa skal einnig birta almennar upplýsingar um þróun verðlags og ráðstöfunartekna síðustu 10 ár. **Neytendastofa skal einnig birta opinberlega á heimasíðu sinni almennar upplýsingar og dæmi um áhrif gengisbreytinga á endurgreiðslu erlendra lána.** Staðfesting neytanda á að honum hafi verið kynntar þessar upplýsingar, sbr. 10. mgr. 7. gr., telst fullnægjandi upplýsingagjöf skv. 1. mgr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um endurnýjun og/eða hækkun yfirdráttarheimilda, sbr. t-lið 5. gr., ef heildarlánsfjárhæð er lægri en viðmiðunarfjárhæð vegna framkvæmdar greiðslumats skv. 2. mgr. 10. gr.

**Heimildir til að breyta láni:** Í umsögnum Neytendastofu hefur verið lögð áhersla á að samkvæmt Evrópurétti verður með lögum að tryggja að neytendur hafi rétt til að umbreyta lánssamningi í erlendum gjaldmiðli ef aðstæður neytenda breytast sem liggja til grundvallar í skilgreiningu um „lán í erlendum gjaldmiðli“ og aðrar forsendur fyrir lánveitingunni breytast s.s. breytingar verða á gengi gjaldmiðlanna sem leiða til stórtækra breytinga á greiðslubyrði.

Lán í erlendum gjaldmiðli hafa fólgnu í sér **gengisáhættu** fyrir **neytenda** en einnig **kerfisáhættu** og af þessari ástæðu hefur Evrópska kerfisáhættunefndin (European Systemic Risk Board, ESRB) hvatt Evrópuríki til þess að takamarka slíkar lánveitingar eins og unnt er, sbr. tilmæli nefndarinnar ESRB2011/1.

Í þessu sambandi þarf því efnahags- og viðskiptanefnd að líta til og gera ráðstafanir sem veðlánatilskipun (2014/17) leggur til. Í 23. gr. tilskipunarinnar er lagt upp með að aðildarríki sjái til þess að varnaðarúræði sé til staðan annað hvort í formi útgönguráðstafana eða umbreytinga eða í formi annarra viðeigandi ráðstafana. Í tilskipuninni og gögnum tengdum henni er vísað til þess að aðrar ráðstafanir geti t.a.m. verið „cap“ þ.e. sett sé **þak** á áhættu neytenda, „warning“ þ.e. **viðvörðun** eða „hedging“ í formi tryggingar eða þess háttar gengisáhættuvarna sem lánveitandi býður fram samhliða lánveitingu.

Eðli málsins samkvæmt má með góðu móti auk þess setja þak og takmarka áhættu neytenda af lántökunni með því að kveða á um þak á kostnaði sem hann verður fyrir vegna gengissveiflna.

Neytendastofa fær ekki séð að viðvörðun geti skilað tilætluðum árangri nema neytendur geti gert viðeigandi ráðstafanir í tengslum við lánssamninginn á grundvelli viðvörðunarinnar. Þannig skilar viðvörðun um gengissveiflur litlu í þeim tilvikum sem neytandi hefur fengið lánið greitt út að fullu. Einu dæmi þess sem Neytendastofa telur að viðvörðun geti talist fullnægjandi ráðstöfum væri í formi svokallaðra „equity release“ lána þar sem neytendur sem eiga t.d. fasteign en hafa ekki reglulegar tekjur (t.d. eldri borgarar) ganga að eign sinni í formi láns þar þar sem útgreiðslur fara jafnt og þétt fram á lánstíma og þannig dregið á veðið í samræmi við ákvæði lánssamningsins. Í þeim tilvikum getur neytandinn stýrt lántökunni, dregið úr henni eða hætt að fullu, ef gengissveiflur verða honum mjög óhagstæðar. Vandséð er að viðvörðun ein og sér geti verið gengisvörn í öðrum tilvikum. Mikilvægt er þó að lánveitandi gefi út viðvaranir og upplýsi neytendur sérstaklega þegar upp koma miklar



gengissveiflur.


Önnur áhættuvörn t.d. formi tryggingar eða með afleiðusamningum. Hér verður þó að benda á að áhættuvörn t.d. í formi afleiðusamninga er almennt ekki á færi neytenda að gera og eru slíkir samninga almennt ekki gerðir til lengri tíma en 18 mánaða og því yrði vandmeðfarið hvernig standa skuli að slíkum vörnum t.d. fyrir lán til 20, 30 eða 40 ára. Um þetta er vísað nánar til skýringarskjals ESB.

Á fundi nefndarinnar benti Neytendastofa á að stofnunin hafði, þá um morguninn, fengið sent afrit af sænsku frumvarpi til innleiðingar tilskipunar nr. 2014/17 sem birt hefur verið til almennrar umsagnar í Svíþjóð. Stofnunin hafði ekki haft nægilegt tækifæri til þess að kynna sér þær hugmyndir sem þar eru settar fram fyrir fundinn og hvatti nefndarmenn til þess að kynna sér skýrsluna. Neytendastofa hefur nú haft betra tækifæri til þess að rýna skýrsluna og má þar sjá að í frumdrögum að innleiðingu virðist sem að í Svíþjóð sé lagt til að heimila ekki lánveitingu í erlendum gjaldmiðli án þess að neytandinn taki um leið tryggingu eða gerðar séu aðrar sambærilegar ráðstafanir til þess að verja hann fyrir gengissveiflum. Neytendastofa telur reynslu hér á landi sýna að slík úrlausn sé ekki hagkvæm og kveða ætti á um það með skýrum hætti í lagatexta hvaða ráðstafanir skuli gera eins og skýrt er kveðið á um í tilskipuninni.

**Komið í veg fyrir gengistryggingu.** Í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir að Neytendastofa virðist leggja þann skilning í minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 15. apríl sl. og tillögum að breytingum að í þeim hafi staðið til að koma í veg fyrir hreina gengistryggingu lána í íslenskum krónum. Neytendastofa vísar til fyrri umsagna og þeirrar afstöðu stofnunarinnar að stofnunin telur að það eigi ekki að lögfesta aðra skilgreiningu um „lán í erlendum gjaldmiðli“ en það sem liggur fyrir í tilskipun ESB. Ljóst er af tilskipuninni að þar skal miða við tilteknar aðstæður, s.s. að neytandi hafi tekjur eða eignir í annarri mynt en taka þarf tillit til búsetu. Verði fleiri skilgreiningar lögfestar mun það valda ruglingi, réttaröryggi verður minna og eftirlit erfiðara í framvæmd. Síðast en ekki síst þá er veruleg áhætta í því fólgin fyrir neytendur að taka lán í erlendum gjaldmiðli, t.d. ef þeir hafa ekki tekjur í þeim gjaldmiðli. Markmið lagasetningar á Evrópuvettvangi er að tryggja að tilmælum ESRB sé framfylgt og jafnframt að aðildarríkjum verði gert skylt að bjóða neytendum upp á valkosti til að breyta láni eða takmarka áhættu sína með öðrum hætti. Neytendastofa telur að ef efnahags- og viðskiptanefnd telur nauðsynlegt að haga reglum með öðrum hætti gagnvart lántaka sem er lögaðili og fellur ekki undir skilgreiningu laga á hugtakinu „neytandi“ þá gildi um það rýmri og frjálsari réttur. Neytendastofa telur að sé fylgt eftir reglum tilskipunarinnar varðandi skilgreiningu á „lán í erlendum gjaldmiðli“ og með lögum verði ekki aðrar takmarkanir gerðar hér á landi þá mun ESA undir öllum kringumstæðum samþykkja slíka tilhögun enda munu ákvæði tilskipunarinnar gilda fyrir öll aðildarríki ESB svo og EES-ríkin, þ.e. Noreg, Ísland og Liechtenstein. Alþingi þarf því ekki að óttast að innleiðing þar sem fylgt er eftir skilgreiningum og reglum tilskipunarinnar verði ekki samþykkt af hálfu ESA.

**Heimild til uppgreiðslu.** Að fyrstu má nefna að samkvæmt lögum um neytendalán nr. 33/2013 geta neytendur alltaf greitt lánessamning upp í heild eða að hluta fyrir umsaminn tíma. Í ákvæðinu eru talin upp þau tilvik sem lánveitanda er heimilt að krefjast greiðslu þóknunar, uppgreiðslugjalds, og hversu há slík þóknun má vera. Neytendur eiga þess því ávallt lagalegan kost að greiða lánessamning upp ef gengisþróun verður þeim óhagstæð. Í umfjöllun Neytendastofu á fundinum var auk þessa vakin athygli á því að ef neytandi hyggst greiða erlenda lánið upp með nýrri lántöku þarf hann að standast greiðslumat fyrir nýju láni.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson  
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir  
Sviðsstjóri





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2015

1503020SA GB  
Málalykill: 401

### **Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um vexti og verðtryggingu, 561. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Beðist er velvirðingar á því að umsögn þessi er send eftir að veittur frestur er liðinn.

Af hálfu sambandsins er gerð athugasemd við að í 3. gr. frumvarpsins er Seðlabanka Íslands veitt heimild til þess að setja lánastofnunum reglur og er hægt að binda erlend lán skilyrðum sem varða tekjur lántaka, tegund trygginga, upplýsingaskyldu lánveitanda, lengd lánstíma og tilhögun endurgreiðslna. Heimilt er að ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lántaka, svo sem tiltekna hópa einstaklinga eða lögaðila, sveitarfélög og aðila sem opinberir aðilar eru í ábyrgð fyrir.

Í skýringum við frumvarpið er vísað til þess að í innanríkisráðuneytinu er unnið að skoðun þess að setja reglur um erlendar lántökur sveitarfélaga. Að áliti sambandsins er ekki tímabært á þessu stigi að veita Seðlabanka Íslands fremur opna heimild til setningar reglna um sama efni heldur sé eðlilegra að bíða niðurstöðu innanríkisráðuneytisins. Af þeirri ástæðu leggur sambandið til að orðin „sveitarfélög og aðila sem opinberir aðilar eru í ábyrgð fyrir“ í 2. mgr. 3. gr. frv. falli brott.

Að áliti sambandsins er í skýringum við frumvarpið gert alltof mikið úr þeim meinta vanda sem erlendar lántökur sveitarfélaga geti haft fyrir stjórn efnahagsmála. Einnig gerir sambandið alvarlega athugasemd við að í frumvarpinu er hvergi gert ráð fyrir því að haft sé samráð við Samband Íslenskra sveitarfélaga eða innanríkisráðuneytið, sem fer með málefni sveitarfélaga, um mótun reglna um erlend lán sveitarfélaga.

Þá er tilefni til þess að áréttu það sem fram kemur í fylgiskjali I við frumvarpið að með breytingum á reglum Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja sem tóku gildi í apríl 2011 áhættuvog áhættuskuldbindinga sveitarfélaga í erlendri mynt var hækkuð. Slíkar áhættuskuldbindingar fá 100% áhættuvog á meðan áhættuskuldbindingar í íslenskum krónum fá 20% áhættuvog, sbr. 12. gr. reglnanna. Með þessari breytingu er að nokkru leyti spornað við því að sveitarfélög hér á landi skuldbindi sig í erlendum gjaldmiðlum.

Á fundum sem fulltrúar sambandsins hafa átt með sérfræðingum ráðuneyta og Seðlabanka Íslands hefur verið rætt um þann mikla árangur sem náðst hefur í að bæta rekstrarafkomu og laga skuldastöðu sveitarfélaga á grundvelli



fjármálareglna, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ekkert hefur komið fram á þessum fundum sem bendir til þess að brýn þörf sé á því að setja strangar reglur um erlendar skuldbindingar sveitarfélaga.

Af hálfu sambandsins hefur verið lögð áhersla á að ekki sé ásættanlegt að settar verði reglur sem svipti öll sveitarfélög þeim möguleikum til áhættudreifingar sem geta falist í því að taka lán í erlendum gjaldmiðlum, sérstaklega ef um er að ræða skuldbindingar vegna langtíma fjárfestinga, s.s. lán til lengri tíma en 10 ára. Fulltrúar sambandsins hafa samt sem áður lagt fram hugmyndir að leiðum til þess að draga enn frekar úr áhættu af erlendum lántökum sveitarfélaga og sýnt þannig vilja til þess að leysa málið í góðu samráði ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka Íslands.

Í tillögum samráðsnefndar um efnahagsmál frá 28. nóvember 2014, voru skoðaðar ýmsar leiðir til að draga úr áhættu sveitarfélaga vegna erlendra lána. Sú leið sem ákveðið hefur verið að skoða frekar, samkvæmt niðurstöðu umfjöllunar Jónsmessunefndar frá 28. janúar 2015, er að skilyrða nýja erlenda lántöku við tekjur sveitarfélags í erlendri mynt, sem dugi fyrir afborgunum af láninu, eða tiltekna lágmarkslengd lánstíma, t.d. tíu ár. Að þeirri niðurstöðu standa fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytis, innanríkisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reynslan sýnir að nálgun Seðlabanka Íslands annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar á það viðfangsefni sem hér um ræðir er um margt ólík. Af hálfu sambandsins er lögð þung áhersla á að mögulegar reglur, sem takmarka erlendar lántöku sveitarfélaga, séu settar í fullu samráði við sambandið, út frá vel rökstuddum sjónarmiðum og með aðferðum sem falla vel að þeim fjármálareglum sem sveitarfélög starfa eftir á grundvelli sveitarstjórnarlaga. Í þeim efnum er eðlilegast að byggt verði á niðurstöðu þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram, í góðu samstarfi við ráðuneyti og seðlabankann.

Sambandið lýsir sig samkvæmt framansögðu ósammála því frumvarpi sem hér er til umsagnar og mælist eindregið til þess að fyrrgreind breyting verði gerð á 3. gr. þess.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Reykjavík 24. mars 2015

Alþingi við Austurvöll  
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán, varúðarreglur), 561. mál.**

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að megintilgangur þess sé að heimildir til að veita erlend lán verði samræmdar með varúðarsjónarmið að leiðarljósi, annars vegar til þess að takmarka óvarða gjaldeyrisáhættu lántaka vegna lántöku og hins vegar til að draga úr áhættu sem fjármálakerfinu stafar af erlendum lánum. SFF gera ekki athugasemdir við meginmarkmið frumvarpsins en samtökin vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd.

**I. Skilgreining á erlendum lánum og gildissvið laga um vexti og verðtryggingu**

**Um 2. gr.**

Ákvæðið felur í sér breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 (vaxtalög). Í 1. mgr. 2. gr. er lagt til að nýr kafli bætist við vaxtalögin um erlend lán. Í 2. mgr. 2. gr. er sett fram skilgreining á hvað telst erlent lán, þ.e. bæði lán í erlendri mynt og gengistryggt lán. Hér er mikilvægt að hafa í huga hvert gildissvið vaxtalaganna er en í 1. gr. þeirra segir: „Lög þessi gilda um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, svo og um annað endurgjald sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar. Lög þessi gilda einnig um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.“ Eins og ákvæðið og nafn laganna ber með sér tekur gildissvið laganna til vaxta og verðtryggingar lána en að öðru leyti eiga reglur um lánveitingar ekki heima í lögnum. Að mati SFF eiga sérreglur um lánveitingar í erlendri mynt því ekki heima í vaxtalögum þar sem gildissvið laganna nær aðeins til vaxta og verðtryggingar lána.

Þá skýtur skökku við að lánum í erlendum myntum sé blandað saman við lán í íslenskum krónum sem eru verðtryggð miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Af dómum Hæstaréttar, t.a.m. í málum nr. 92 og 153/2010, verður skýrlega ráðið að skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum falla ekki undir ákvæði vaxtalaga og það teljist því ekki til verðtryggingar að lána í erlendum gjaldmiðlum. Heimildir eða takmarkanir á því að lána í erlendum gjaldmiðlum eiga því vart heima í lögum um vexti og verðtryggingu.

Af umfjöllun í greinargerð verður ráðið að ætlunin sé annars vegar að heimila að grundvöllur verðtryggingar geti verið gengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging), til þess að koma til móts við athugasemdir ESA, og hins vegar að þær takmarkanir sem muni verða á heimild til verðtryggingar við gengi gjaldmiðla muni jafnframt vera á heimildum til skuldbindinga í erlendum gjaldmiðlum.

Til að nálgast markmið laganna er lagt til að 1. mgr. verði felld brott en bætt verði við 14. gr. vaxtalaga heimild til þess að grundvöllur verðtryggingar geti verið gengi erlendra gjaldmiðla og/eða gengisvísitalur. Samkvæmt framansögðu er lagt til að við 14. gr. vaxtalaga bætist ný málsgrein sem verður 3. málsgr., svohljóðandi: *Í lánsamningi er þó heimilt að miða við daggengi erlendra gjaldmiðla og/eða gengisvísitalna*.

Önnur leið að sama markmiði væri að mæla fyrir um í nýrri 3. mgr. 14. vaxtalaga að það feli ekki í sér verðtryggingu samkvæmt ákvæði 14. gr. *á sparifé og lánsfé í erlendum gjaldmiðli eða gjaldmiðlum eða sparifé og lánsfé þar sem höfuðstóll er tilgreindur í íslenskum krónum og endurgreiðslur fylgi daggengi erlenda gjaldmiðla*.

Samkvæmt framangreindu er að mati SFF rétt að finna ákvæðum sem ætlað er að takmarka lánveitingar í erlendum gjaldmiðli annan stað en í vaxtalögum og liggur þá beinast við að slíku ákvæði verði fundinn staður í lögum um Seðlabanka Íslands, samhliða ákvæði um heimildir Seðlabankans til að setja lánastofnunum reglur um erlend lán. Um það verður fjallað nánar hér á eftir í tengslum við umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 2. gr. segir: *Heimilt er, nema lög mæli á annan veg, að veita erlend lán. Um erlend lán til neytenda gilda lög um neytendalán*. Að mati SFF er óþarfi að tilgreina í lögum að heimilt sé að lána í erlendum gjaldmiðlum þar sem slíkt er þegar heimilt, sbr. fjölmarga dóma Hæstaréttar. Því er lagt til að ákvæðið verði felld brott.

### **Um 1. mgr. 3. gr.**

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði ný grein, sem verði 13. gr. í lögum um Seðlabanka Íslands, sem heimilar Seðlabankanum „að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs að setja lánastofnunum reglur um erlend lán samkvæmt skilgreiningu laga um vexti og verðtryggingu.“ Hér að framan er lagt til að skilgreining vaxtalaga um erlend lán verði felld brott en til að markmið laganna náist er lagt til að tekið verði fram í ákvæðinu að heimild Seðlabanka Íslands nái til þess að „*setja lánastofnunum reglur um lán þar sem skuldbinding er í erlendum gjaldmiðlum eða í íslenskum krónum og er fylgir daggengi erlendra gjaldmiðla og/eða gengisvísitalna skv. 3. mgr. 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu*.“ Með þessari breytingu verður óþarft að skilgreina sérstaklega hugtakið erlent lán í vaxtalögum og fara þannig út fyrir gildissvið þeirra með því að setja þar inn efnisreglur um lánveitingar sem ekki eiga heima í þeim lögum.

## **II. Heimild Seðlabanka Íslands til að setja lánastofnunum reglur um erlend og gengistryggð lán**

### **Um 3. gr.**

Vísað er til umfjöllunar hér að framan um 1. mgr. 3. gr. og sett fram tillaga að breytingu á ákvæðinu þar sem lagt er til að Seðlabankinn fái heimildir til að setja lánastofnunum reglur *um lán í erlendum gjaldmiðlum eða í íslenskum krónum sem miðað við daggengi erlendra gjaldmiðla og/eða gengisvísitalna*.

SFF taka undir þau sjónarmið í athugasemdum við 3. gr. þar sem fram kemur að til að mæta aðstæðum sem ógna fjármálastöðugleika geti reynst málefnalegt að Seðlabanki Íslands hafi heimild til, að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs, að takmarka erlend eða gengistryggð lán til aðila sem ekki eru varðir fyrir gjaldeyrisáhættu. SFF eru einnig sammála ummælum í athugasemdum um að aðkoma fjármálastöðugleikaráðs að slíkri reglusetningu sé

mikilvæg til að tryggja að slíkar reglur verði aðeins settar til að mæta aðstæðum sem eru líklegar til að ógna fjármálastöðugleika eða hafa óæskileg áhrif á fjármálakerfið.

Þrátt fyrir þessi ummæli í greinargerð telja SFF 3. gr. frumvarpsins fela í sér of viðtækt framsal á löggjafarvaldi til framkvæmdavaldsins án nægilega skýrrar afmörkunar á reglusetningarheimildum Seðlabankans. Orðlag ákvæðisins er opið enda fáir aðilar alfarið „varðir fyrir gjaldeyrisáhættu“. Efast má um hvort slíkt valdframsal standist stjórnarskrá og efni reglna sem settar yrðu á þessum grunni gæti einnig brotið gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Að mati SFF er eðlilegast að fara sömu leið hér á landi og gert hefur verið í Evrópu t.d. í leiðbeiningarreglum EBA um viðbrögð við óvörðum erlendum lánum (Guidelines on capital measures for FX lending to unhedged borrowers under the SREP), gefnar út 20. desember 2013. <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/supervisory-review-and-evaluation-srep-and-pillar-2/guidelines-on-capital-measures-for-foreign-currency-lending>

Í reglunum er fjallað um varúðarsjónarmið vegna óvarðra lántaka þ.á.m. heimila, í því skyni að draga úr hættu óvarðra lántaka með auknum heimildum eftirlitsaðila. Gerðar eru kröfur um hærri eiginfjárbindingu á lánum til þessara aðila þegar um er að ræða lán með tengingu við gengi erlenda gjaldmiðla, sett er þak á hlutfall slíkra lána af heildarútlánum (10-25%), kröfur eru gerðar um áhættustýringu hvað þetta varðar og kröfur eru gerðar um greiðslumat lánveitanda hjá lántaka. Ekki þykir rétt að Seðlabankinn hafi heimildir til að setja til viðbótar við þetta reglur um framkvæmdaratriði lánveitinga eins og upplýsingaskyldu lánveitanda, hámarksveðhlutföll, tekjur og tryggingar lántaka, greiðslugetu lántaka, lengd lánstíma o.fl.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til tillögu hér að framan um að lögfest verði ný 3. mgr. 14. gr. er lagt til að 6. gr. orðist svo:

*Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, er verður 13. a., svohljóðandi:*

*Seðlabanka Íslands er að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs heimilt að setja reglur um lán veitt í erlendum gjaldmiðli eða gengistryggt skv. 3. mgr. 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 sem fjármálaþyrirtæki veita óvörðum lántökum. Með óvörðum lántökum er átt við einstaklinga og lítil eða meðalstór fyrirtæki, sem eru án náttúrulegra gjaldeyrisvarna eða gjaldeyrisvarna í formi fjármálagerninga. Á meðal náttúrulegra gjaldeyrisvarna geta verið tekjur lántaka í erlendum gjaldmiðlum eða erlendar eignir sem standa á móti skuldum.*

*Markmið reglna skv. 1. málsg. er að draga úr hættu á því að slíkar lánveitingar skapi kerfislæga áhættu í fjármálakerfinu eða ógni fjármálastöðugleika. Í reglunum má kveða á um skilyrði sem varða hærri eiginfjárbindingu á lánum til þessara aðila þegar um er að ræða lán veitt í erlendum gjaldmiðli eða í íslenskum krónum og miða við daggengi erlendra gjaldmiðla og/eða gengisvísitölur, setja þak á hlutfall slíkra lánveitinga af heildarútlánum fjármálaþyrirtækis sem geti numið 10-25%, og að lánveitandi framkvæmi lánshæfismat hjá lántaka. Heimilt er að ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lántaka, s.s. neytendur, fyrirtæki, opinbera aðila og aðila sem opinberir aðilar eru í ábyrgð fyrir.*

Í þessu samhengi þykir einnig nauðsynlegt að benda á að við setningu reglna um erlend lán og gengistryggt lán þarf Seðlabankinn sérstaklega að gæta að því að ákvæði þeirra reglna myndu ekki fela í sér takmarkanir á EES-reglum, einkum um frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi.

### III. Heimild Seðlabanka Íslands til að leggja á dagsektir

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að Seðlabanki Íslands fái heimild til að leggja á dagsektir vegna brota á reglum Seðlabankans um erlend lán. Draga má í efa að ákvæði frumvarpsins feli í sér fullnægjandi refsheimild þar sem það veitir það stjórnvaldi takmarkalausa heimild til að ákveða viðurlög við broti á reglum sem það sjálft setur á grunni opinna og matskenndrar heimildar.

### IV. 5. gr., a-liður – ný 5. mgr. 10. gr. laga um neytendalán

Í 10. gr. laga um neytendalán er fjallað um lánhæfis- og greiðslumat. Tillaga frumvarpsins bætir við nýrri 4. mgr, sem segir að ef neytanda er veitt erlent lán, að hluta eða öllu leyti, þá skuli ávallt framkvæma greiðslumat óháð fjárhæðarmörkum 2. mgr. (2 milljónir v/ einstaklings). Þá verði óheimilt að veita slíkt lán nema greiðslumatið leiði í ljós að lántaki hafi augljóslega fjárhagslega burði til að standast verulegar breytingar á gengi þess gjaldmiðils sem tekjur lántaka eru í samborið við þann gjaldmiðil sem lánið er í eða tekur mið af. Bannregla ákvæðisins byggir á samspili tveggja matskenndra hugtaka, þ.e. „*augljósir fjárhagslegir burðir*“ og „*verulegar breytingar á gengi*“. Um er að ræða afgerandi takmörkun á heimild til að veita erlend lán. Mikilvægt er að löggjafinn setji fram skýrari viðmið hvað þetta varðar þannig að lánveitanda verði mögulegt að sýna fram á að lántaki uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. .

### V. Erlendir lánveitendur

Að lokum er bent á að við lestur frumvarpsins vakna spurningar um hvort og þá að hvaða marki „erlend lán“ sem veitt eru af erlendum aðilum til íslenskra aðila eða sem veitt er af íslenskum aðilum til erlendra aðila myndu falla undir ákvæði frumvarpsins. Mikilvægt er að löggjafinn marki um það skýrar línur sem ekki ekki fela í sér takmarkanir á EES-reglum, einkum um frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.



17. apríl 2015

## Minnisblað

*Viðtakandi:* Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

*Sendandi:* Seðlabanki Íslands

**Efni: Þingmál 561, breyting á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl.**

### Inngangur

Vísað er til fundar efnahags- og viðskiptanefndar fyrr í dag, vegna þingmáls númer 561 um vexti og verðtryggingu o.fl. (erlend lán, EES-reglur). Á fundinum var óskað eftir því að Seðlabankinn lýsti sjónarmiðum sínum varðandi tillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem sendar voru nefndinni 15. apríl sl.

Líkt og koma fram á nefndum fundi leggur Seðlabankinn til að hugtakanotkun fyrirbyggjandi frumvarps verði breytt varðandi þann samnefnara sem ætlað er að ná utan um allar mögulegar tegundir lána sem tengjast erlendum gjaldmiðlum á einn eða annan hátt. Leggur bankinn til að notað verði hugtakið **lán tengd erlendum gjaldmiðlum** í stað hugtaksins **erlend lán**. Ástæðan fyrir þessu er tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur hugtakið erlend lán verið talið taka til lána sem veitt eru af erlendum aðilum og því varhugavert að ætla því hugtaki aðra og nýja merkingu. Þá er það mat Seðlabankans að hugtakið lán tengd erlendum gjaldmiðlum sé nægilega rúmt til að ná utan um allar þær tegundir lána sem um hefur verið deilt fyrir dómstólum undanfarin ár.

Þannig telur Seðlabankinn að undir hugtakið falli:

- lán þar sem skuldbinding er tilgreind í íslenskum krónum bundið við gengi erlendra gjaldmiðla
- lán þar sem skuldbinding er tilgreind sem jafnvirði fjárhæða í íslenskum krónum og skiptist eftir ákveðnum hlutföllum í tvær eða fleiri erlendar myntir
- lán þar sem skuldbinding er tilgreind í erlendum gjaldmiðlum

Þá er þetta jafnframt sama hugtak og notast er við í 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands varðandi gjaldeyrisjöfnuð.

Það er jafnframt mat Seðlabankans að þessi breytta hugtakanotkun sé jafnframt samrýmanlegri fasteignaveðlánatilskipuninni nr. 2014/17 sem nú er unnið að því að innleiða í íslenskan rétt.



Mikilvægt er að hugtakanotkun sé nægilega skýr til þess að ekki komi til túlkunarvandi síðar með tilheyrandi óvissu og jafnvel dómsmálum til að skilgreina inntak hugtaksins.

### **Breytingatillaga fjármála- og efnahagsráðuneytisins**

Hér að neðan verður eingöngu fjallað um þau ákvæði tillögunnar sem Seðlabankinn hefur athugasemdir við.

#### 7. gr. frumvarpsins:

Ráðuneytið leggur til í 7. gr. frumvarpsins að í 5. gr. laga um neytendalán verði bætt við svohljóðandi skilgreiningu:

Á eftir j-lið 1. mgr. 5. gr. kemur nýr stafliður sem orðast svo: *Lánssamningur í erlendum gjaldmiðlum:*

Lánssamningur þar sem:

- i. lán er í öðrum gjaldmiðli en þeim sem lántaki fær tekjur eða á eignir sem lánið ber að endurgreiða í, eða
- ii. lán er í öðrum gjaldmiðli en í aðildarríki sem lántaki er búsettur í.

Hér er lagt til að skilgreiningin taki til „*lánssamninga í erlendum gjaldmiðlum*“. Við þetta eru nokkrar athugasemdir:

1. Hugtakið *lánssamningar í erlendum gjaldmiðlum* er ekki nægilega rúmt til að ná utan um öll þau lán sem eru til umfjöllunar, til dæmis lán sem er í íslenskum krónum en afborganir og/eða höfuðstóll bundinn gengi erlendra gjaldmiðla.
2. Að sama skapi er orðalagið „*lán er í öðrum gjaldmiðli*“ of þröngt sbr. sömu athugasemd og hér á undan.
3. Óljóst er hvaða þýðingu skilgreiningin í heild sinni eigi að hafa þar sem hvergi í lögum um neytendalán er stuðst við þessa skilgreiningu heldur er gert ráð fyrir því að í 8. og 10. gr. frumvarpsins, sem ætlað er að breyta 10. og 30. gr. laga um neytendalán verði fjallað um *lán tengd erlendum gjaldmiðlum*. Misræmi í skilgreiningu sbr. 7. gr. frumvarpsins og hugtakanotkun sbr. 8. og 10. gr. frumvarpsins er til þess fallið að valda misskilningi og óvissu.

Seðlabankinn telur með vísan til framanritaðs að breyta þurfi ákvæðinu á eftirfarandi hátt sbr. feitletrun:

Á eftir j-lið 1. mgr. 5. gr. kemur nýr stafliður sem orðast svo: *Lán tengd erlendum gjaldmiðlum:* Lánssamningur þar sem:

- iii. **lán er tilgreint í eða bundið** öðrum gjaldmiðli en þeim sem lántaki fær tekjur eða á eignir sem lánið ber að endurgreiða í, eða
- iv. **lán er tilgreint í eða bundið** öðrum gjaldmiðli en í aðildarríki sem lántaki er búsettur í.

8. gr. frumvarpsins:

Seðlabankinn hefur ekki athugasemdir við orðalag ákvæðisins verði skilgreinginu 7. gr. frumvarpsins breytt samkvæmt því sem áður segir. Seðlabankinn áréttar þó umsögn sína frá 24. mars sl. um mikilvægi þess að skilgreint verði hvað felist í verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum.

Jafnframt er rétt að taka fram að þrátt fyrir að fjárhagslegar tryggingar sem nefndar eru í lið iii. falli almennt undir það að vera flóknir fjármálagerningar þá geta neytendur átt viðskipti með slíka gerninga, þar á meðal afleiðusamninga, hafi ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfasviðskipti verið fylgt sbr. einnig reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Skylda fjármálafyrirtækja sbr. 16. gr. nefndra laga er að meta þekkingu viðskiptavinar og hæfi með það í huga að komast að niðurstöðu hvort að viðkomandi viðskipti séu viðeigandi fyrir viðskiptavinin. Ef fjármálafyrirtækið telur viðskiptin ekki vera við hæfi á að ráða viðkomandi frá viðskiptunum (viðvörðun). Viðskipti með flókna fjármálagerninga til almennra fjárfesta (neytenda) snýst því aðallega um upplýsingagjöf. Almennt séð ættu fjármálafyrirtæki að ráða neytenda frá slíkum viðskiptum þar sem þau eru vart við þeirra hæfi en það er ekki fortakslaust bann í lögnum að slík viðskipti nái fram að ganga ef verið farið að ákvæðum um þarfagreiningu og upplýsingagjöf.



25. maí 2015

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Sendandi:* Seðlabanki Íslands.

*Efni:* Minnisblað vegna draga að nefndarálitum um þskj. 975, 561. mál - frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl.

Með tölvupósti dagsettum 21. maí 2015 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir athugasemdum við drög að nefndarálitum um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (lán tengd erlendum gjaldmiðli, varúðarreglur). Álitsdrögin eru þannig framsett að í fyrri hluta álitsins er greint frá helstu athugasemdum við frumvarpið og sjónarmiðum efnahags- og viðskiptanefndar. Í seinni hluta frumvarpsins eru settar fram tillögur að breytingum á frumvarpstextanum og skýringar með þeim tillögum, og lúta athugasemdir Seðlabankans að þeim.

Seðlabankinn telur að flestar af þeim breytingartillögum sem settar eru fram í álitinu séu jákvæðar og til bóta. Verða hér á eftir nefnd sjónarmið Seðlabankans vegna einstakra breytinga.

### *3. gr. frumvarpsins*

Samkvæmt tillögðum breytingum nefndarinnar á 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands *skuli* setja lánastofnunum reglur um lán tengd erlendum gjaldmiðlum í stað þess að honum sé það heimilt að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs. Það er mat Seðlabankans að reglusetning sem þessi sé þjóðhagsvarúðartæki, sem ekki sé nauðsynlegt að grípa til nema við tiltekna aðstæður, þ.e. komi fram vísbendingar þess efnis að lánveitingar tengdar erlendum gjaldmiðlum skapi eða geti fyrirsjáanlega leitt til óstöðugleika á fjármálamarkaði verði ekki gripið til takmarkana. Nái takmarkanir á veitingu lána tengdum erlendum gjaldmiðlum til neytenda, skv. frumvarpinu með síðari breytingum, fram að ganga telur Seðlabankinn að síður sé þörf á setningu reglna um efnið, sér í lagi ef settar verða að sama skapi takmarkanir á sveitarfélög skv. lögum um sveitarstjórnarmál.

Með hliðjón af framansögðu telur Seðlabankinn að upphaflega útfærslan sé heppilegri, þ.e. að bankinn hafi heimild til að setja reglur að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs. Að öðrum kosti kæmi til greina að veita Seðlabankanum *heimild* til setningu slíkra reglna án þess að til þurfi að koma tilmæli frá fjármálastöðugleikaráði. Sú leið er farin í 12. og 13. gr. laga nr. 36/2001 um reglur um laust fé lánastofnana og reglur um gjaldeyrisjöfnuð.

### *Lán tengd erlendum gjaldmiðlum*

Seðlabankinn fagnar þeirri skilgreiningu sem nefndin leggur til í tengslum við lán í erlendum gjaldmiðlum og lán sem tengjast erlendum gjaldmiðlum

(gengistryggð). Seðlabankinn telur það til mikilla bóta að nota sömu hugtakanotkun þegar um þessi lán er að ræða og telur að sú skilgreining sem lögð er til sé skilmerkileg og nægilega víðtæk til að ná utan um allar þær tegundir lána sem um hefur verið deilt undanfarin ár.

#### *5. gr. frumvarpsins*

Í umsögn Seðlabankans við upphaflegan frumvarpstexta kom skýrt fram að bankinn teldi óráðlegt að opna á lánveitingar til neytenda sem fælu í sér gjaldeyrisáhættu og lagði því áherslu á að við framkvæmd greiðslumats á láni tengdu erlendum gjaldmiðlum yrði farið fram á að lántaki stæðist greiðslumat í þeim gjaldmiðlum sem lánið tengdist. Breytingar sem gerðar eru á 5. gr. frumvarpsins lúta að þessu og verður aðeins heimilt að veita lán tengt erlendum gjaldmiðlum ef:

- i) lántaki stenst greiðslumat í viðkomandi gjaldmiðlum, eða
- ii) lántaki stenst greiðslumat miðað við verulegar gengisbreytingar og/eða verulega hækkunum á vöxtum og leggi fram erlendar eignir í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til tryggingar láninu, eða
- iii) lántaki stenst greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum.

Seðlabankinn telur að hér sé um mikilvæga breytingu á frumvarpstextanum að ræða sem samræmast sjónarmiðum Seðlabankans og mikilvægt að hún nái fram að ganga. Varðandi tölulið ii) segir nefndin m.a. að með verulegum gengisbreytingum sé átt við hækkun frá gengi á útgáfudegi láns sem nemur 20%. Seðlabankinn telur að framsetningin ætti að vera þannig að miðað sé við 20% rýrnun íslensku krónunnar sem þýðir 25% hækkun á gengi viðmiðunarmynta gagnvart íslensku krónunni.

**Efni:** Frumvarp til breytinga á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl., þskj. 975, 561. mál.

Með töluþósti, dags. 5. júní sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir afstöðu Seðlabanka Íslands á breytingatillögu við 10. gr. laga um neytendalán sem lögð var til af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í minnisblaði þess frá 26. maí sl.

Seðlabankinn hefur áður lýst afstöðu sinni til frumvarpsins og þeirra breytinga sem lagðar hafa verið fram sbr. umsagnir bankans frá 24. mars sl., 17. og 24. apríl sl. og 25. maí sl.

Í umsögn bankans frá 24. mars var meðal annars fjallað um 5. gr. frumvarpsins sem ætlað er að breyta 10. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 þar sem kom fram að Seðlabankinn teldi óráðlegt að opna á lánveitingar til neytenda sem fælu í sér gjaldeyrisáhættu. Lagði bankinn áherslu á að lán tengd erlendum gjaldmiðlum væru eingöngu veitt neytendum sem stæðust greiðslumat í viðkomandi gjaldmiðli. Um rökstuðning er vísað til umfjöllunar í nefndri umsögn.

Í umsögn bankans frá 26. maí sl., lýsti Seðlabankinn afstöðu sinni á drögum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að nefndarálitum vegna þess frumvarps sem er til umræðu. Í drögunum var lögð fram breytingatillaga á 5. gr. frumvarpsins sem ætlað er að verða 10. gr. laga um neytendalán. Þar var gert ráð fyrir því að óheimilt væri að veita neytanda lán tengt erlendum gjaldmiðli nema:

- lántaki hafi nægilegar tekjur í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til að standast greiðslumat eða
- lántaki standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum og leggi fram erlendar eignir í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til tryggingar láninu eða
- lántaki standist greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum.

Var það mat Seðlabankans að um mikilvæga breytingu væri að ræða í samræmi við sjónarmið bankans og að mikilvægt væri að hún næði fram að ganga.

Í tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins sbr. minnisblað ráðuneytisins frá 26. maí sl. er lagt til að óheimilt verði að veita neytanda lán tengt erlendum gjaldmiðlum nema:

- að lántaki standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum, eða
- að lántaki standist greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem takmarka gjaldeyrisáhættu hans á lánstímanum.

Seðlabankinn telur að framangreind tillaga feli í sér afturhvarf til þeirrar tillögu sem lögð var upphaflega fram í frumvarpinu, þar sem gert er ráð fyrir því að neytandi þurfi að hafa augljósa fjárhagslega burði til að standast verulegar breytingar á gengi þess gjaldmiðils sem tekjur lántaka eru í samanborið við þann gjaldmiðil sem lánið er í eða tekur mið af. Hugtakanotkunin er matskennd og erfitt fyrir eftirlitsaðila að framfylgja slíkum ákvæðum sbr. m.a. umsögn Neytendastofu frá 22. apríl sl. Þá kann að vera að einstakir neytendur geti staðið af sér verulegar gengis- eða vaxtahækkningar en á sama tíma hafi lánveitingarnar í heild sinni neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika og gjaldeyrisforða landsins. Seðlabankinn gerir einnig

athugasemd við þá breytingu sem gerð er á síðara skilyrðinu varðandi fjárhagslegar tryggingar. Í tillögunni er talað um að *takmarka* gjaldeyrisáhættu í stað *eyða*. Orðalagið er matskennt og því sama vafa undirorpið og fyrra skilyrðið. Verður ekki ráðið af orðalaginu hvaða kröfur eigi að gera til slíkra trygginga, þ.e. hvort að nægilegt sé að leggja fram tryggingar fyrir hluta lánsins, hluta lánstímans eða annað.

Með hliðsjón af framanrituðu og áður sendar umsagnir Seðlabankans leggst hann gegn því að tillaga fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. maí sl. nái fram að ganga.



24. apríl 2015

Tilv.: 1503074

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um breytingartillögur vegna 561. máls - frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl.

Með tölvupósti dags. 17. apríl sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um breytingartillögur sem lagðar voru fyrir umsagnaraðila frumvarpsins á fundi með nefndinni 17. apríl.

Líkt og kom fram á nefndum fundi leggur Seðlabankinn til að hugtakanotkun fyrirbyggjandi frumvarps verði breytt varðandi þann samnefnara sem ætlað er að ná utan um allar mögulegar tegundir lána sem tengjast erlendum gjaldmiðlum á einn eða annan hátt. Leggur bankinn til að notað verði hugtakið **lán tengd erlendum gjaldmiðlum** í stað hugtaksins **erlend lán**. Ástæðan fyrir þessu er tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur hugtakið erlend lán verið talið taka til lána sem veitt eru af erlendum aðilum og því varhugavert að ætla því hugtaki aðra og nýja merkingu. Þá er það mat Seðlabankans að hugtakið lán tengd erlendum gjaldmiðlum sé nægilega rúmt til að ná utan um allar þær tegundir lána sem um hefur verið deilt fyrir dómstólum undanfarin ár.

Þannig telur Seðlabankinn að undir hugtakið falli:

- lán þar sem skuldbinding er tilgreind í íslenskum krónum bundið við gengi erlendra gjaldmiðla
- lán þar sem skuldbinding er tilgreind sem jafnvirði fjárhæða í íslenskum krónum og skiptist eftir ákveðnum hlutföllum í tvær eða fleiri erlendar myntir
- lán þar sem skuldbinding er tilgreind í erlendum gjaldmiðlum

Þá er þetta jafnframt sama hugtak og notast er við í 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands varðandi gjaldeyrisjöfnuð.

Það er jafnframt mat Seðlabankans að þessi breytta hugtakanotkun sé jafnframt samrýmanlegri fasteignaveðlánatilskipuninni nr. 2014/17 sem nú er unnið að því að innleiða í íslenskan rétt.



Mikilvægt er að hugtakanotkun sé nægilega skýr til þess að ekki komi til túlkunarvandi síðar með tilheyrandi óvissu og jafnvel dómsmálum til að skilgreina inntak hugtaksins.

### **Breytingatillaga**

Hér að neðan verður eingöngu fjallað um þau ákvæði tillögunnar sem Seðlabankinn hefur athugasemdir við.

#### 7. gr. frumvarpsins:

Lagt er til í 7. gr. frumvarpsins að í 5. gr. laga um neytendalán verði bætt við svohljóðandi skilgreiningu:

Á eftir j-lið 1. mgr. 5. gr. kemur nýr stafliður sem orðast svo:  
*Lánssamningur í erlendum gjaldmiðlum:* Lánssamningur þar sem:

- lán er í öðrum gjaldmiðli en þeim sem lántaki fær tekjur eða á eignir sem lánið ber að endurgreiða í, eða
- lán er í öðrum gjaldmiðli en í aðildarríki sem lántaki er búsettur í.

Seðlabankinn telur að í stað „*lánssamningur í erlendum gjaldmiðlum*“ sé æskilegra að nota hugtakið „*lán tengd erlendum gjaldmiðlum*“ þar sem hugtakið nær með skýrari hætti utan um allar þær tegundir lána sem um hefur verið deilt um fyrir dómstólum undanfarin ár. Seðlabankinn leggur því til að ákvæðinu sé breitt á eftirfarandi hátt sbr. feitletrun:

Á eftir j-lið 1. mgr. 5. gr. kemur nýr stafliður sem orðast svo: *Lán tengd erlendum gjaldmiðlum:*  
Lánssamningur þar sem:

- **lán er tilgreint í eða bundið** öðrum gjaldmiðli en þeim sem lántaki fær tekjur eða á eignir sem lánið ber að endurgreiða í, eða
- **lán er tilgreint í eða bundið** öðrum gjaldmiðli en í aðildarríki sem lántaki er búsettur í.

•

Seðlabankinn vill einnig benda á að óbreyttu er óljóst hvaða þýðingu skilgreiningin í heild sinni eigi að hafa þar sem hvergi í lögum um neytendalán er stuðst við þessa skilgreiningu heldur er gert ráð fyrir því að í 8. og 10. gr. frumvarpsins, sem ætlað er að breyta 10. og 30. gr. laga um neytendalán verði fjallað um *lán tengd erlendum gjaldmiðlum*. Misræmi í skilgreiningu sbr. 7. gr. frumvarpsins og hugtakanotkun sbr. 8. og 10. gr. frumvarpsins er til þess fallið að valda misskilningi og óvissu.

#### 8. gr. frumvarpsins:

Seðlabankinn telur að vísa eigi í með einhverjum hætti í líftíma fyrir alla liðin (i)-(iii) t.d. efst í greinina og í stað „*Óheimilt er að veita slík lán nema*“ komi „*Óheimilt er að veita slík lán nema sýnt sé að út út*“


*lánstímann að:* “ Ef þessi breyting er gerð má taka út „á lánstímanum“ í lið (iii).

Seðlabankinn hefur ekki aðrar athugasemdir við orðalag ákvæðisins verði skilgreiningu 7. gr. frumvarpsins breytt samkvæmt því sem áður segir. Seðlabankinn áréttar þó umsögn sína frá 24. mars sl. um mikilvægi þess að skilgreint verði hvað felist í verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum.

Jafnframt er rétt að taka fram að þrátt fyrir að fjárhagslegar tryggingar sem nefndar eru í lið iii. falli almennt undir það að vera flóknir fjármálagerningar þá geta neytendur átt viðskipti með slíka gerninga, þar á meðal afleiðusamninga, hafi ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfasviðskipti verið fylgt sbr. einnig reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Skylda fjármálafyrirtækja sbr. 16. gr. nefndra laga er að meta þekkingu viðskiptavinar og hæfi með það í huga að komast að niðurstöðu hvort að viðkomandi viðskipti séu viðeigandi fyrir viðskiptavinin. Ef fjármálafyrirtækið telur viðskiptin ekki vera við hæfi á að ráða viðkomandi frá viðskiptunum (viðvörðun). Viðskipti með flókna fjármálagerninga til almennra fjárfesta (neytenda) snýst því aðallega um upplýsingagjöf. Almennt séð ættu fjármálafyrirtæki að ráða neytenda frá slíkum viðskiptum þar sem þau eru vart við þeirra hæfi en það er ekki fortakslaust bann í lögnum að slík viðskipti nái fram að ganga ef verið farið að ákvæðum um þarfagreiningu og upplýsingagjöf.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Sigríður Benediktsdóttir  
framkvæmdastjóri



16. júní 2015

### Tillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. maí

Seðlabankinn hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd fimm umsagnir/minnisblöð er varða 561. Þingmál um breytingar á lögum um vextir og verðtrygging o.fl. Meginatriðin í afstöðu bankans hafa verið skýr og haldist óbreytt í þessum skjölum og er svo enn. Bankinn telur mikilvægt að einstaklingum sé ekki veitt lán tengd erlendum gjaldmiðlum nema á móti tekjustreymi í samsvarandi gjaldmiðlum eða að viðkomandi leggi fram erlendar eignir eða fjárhagslegar tryggingar sem eyði gjaldeyrisáhættu út lánstímann. Seðlabankinn getur því ekki tekið undir tillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. maí að svo miklu leyti sem þær fela í sér slökun á þessari meginreglu. Verði það eigi að síður niðurstaðan mun Seðlabankinn leggja til að settar verði sem fyrst reglur sem takmarka lán tengd erlendum gjaldmiðlum til einstaklinga og mögulega einnig minni lögaðila strax með svipuðum hætti. Slíkar reglur yrðu þá þróaðar í samráði við Fjármálaeftirlitið og kynntar í kerfisáhættunefnd og hjá fjármálastöðugleikaráði.

### Tillögur í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. maí

Í tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins sbr. minnisblað ráðuneytisins frá 26. maí sl. er lagt til að heimilt verði að veita neytendum lán tengt erlendum gjaldmiðlum samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

- i. að lántaki standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum, eða
- ii. að lántaki standist greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem takmarka gjaldeyrisáhættu hans á lánstímanum.
- iii. Neytanda skal standa til boða að færa lánsfjárhæð yfir í annan gjaldmiðil ef forsendur matsins breytast verulega eða ef fjárhæð höfuðstóls eða greiðslur breytast sem nemur 20% miðað við skiptigengi við gerð lánsamnings að því tilskyldu að það sé gert til að draga úr gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins. Breytingin skal fara fram miðað við skiptigengi þann dag sem um hana er sótt nema á annan veg sé samið í lánsamningi.

Seðlabankinn gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins:

- i. Framsetning miðast frekar við þá sem eru með tekjur og/eða eignir í krónum en tengdum erlendum gjaldmiðlum. Ef lántaki er með tekjur í erlendum gjaldmiðlum og óskar eftir láni í sömu gjaldmiðlum (til að eyða gjaldeyrisáhættu), myndi hann líklega falla undir þennan lið. Gengisbreytingar krónunnar myndu ekki hafa áhrif á greiðslumatið, en veruleg hækkun á vöxtum myndi gera það. Seðlabankinn telur að meðhöndla ætti vaxtabreytingar lántaka sem eru með lán í sömu gjaldmiðlum og tekjur, með sambærilegum hætti og einstaklingur með krónulán og krónutekjur. Framsetningin þyrfti því að taka betur tillit til þeirra sem eru með tekjur í erlendum gjaldmiðlum.
- ii. Hér stendur að lántaki skuli leggja fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem **takmarka** gjaldeyrisáhættu hans á lánstímanum. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar stóð að lántaki þyrfti að leggja fram fjárhagslegar tryggingar sem **eyddu** gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum. Seðlabankinn telur orðalag í nefndaráliti efnahags- og

viðskiptanefndar æskilegra, þ.e. að lántaki leggi fram tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu á lánstímanum. Mikilvægt er að lántaki sé ekki varinn gjaldeyrisáhættu aðeins hluta lánstímans eða hluta lánsfjárhæðarinnar. Framsetningin í tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins er ekki nægjanlega skýr. Myndi t.d. fjárhagsleg trygging til eins árs á móti 30 ára láni vera nægjanleg? Seðlabankinn leggur því til að fyrra orðalag sé notað, þ.e. að lántaki leggi fram fjárhagslegar tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu á lánstímanum. Hér ríkir enginn vafi um markmið lagatextans og því beri fjárhagslegar tryggingar að taka mið af því.

- iii. Seðlabankinn leggst gegn skilyrðunum í þriðja lið. Lánin sem falla undir þetta ákvæði geta verið til langs tíma, allt að 40 árum fyrir húsnæðislán. Jafnvel þó svo tækist að halda gengi krónunnar mun stöðugra í framtíðinni en reyndin hefur verið sögulega má telja líklegt að valrétturinn tæki gildi á lánstímanum þar sem sveiflur gagnvart einstökum myntum geta verið mun meiri en gagnvart gengisvísitölu. Hafa ber í huga hvað lán tengd erlendum gjaldmiðlum varðar, þá er jafnan mikil eftirspurn eftir lánnum tengdum gjaldmiðlum sem bera lága vexti (svokölluðum lágvaxtagjaldmiðlum) og þessir gjaldmiðlar sveiflast venjulega á móti gjaldmiðlum sem bera háa vexti og sögulega hefur íslenska krónan fallið þar undir. Sveiflur í lágvaxtar gjaldmiðlum gagnvart krónu geta verið allmiklar yfir stutt tímabil þó svo að krónan sé stöðug. Til dæmis styrktist svissneski frankinn á einum degi um 15% gagnvart krónunni og flestum öðrum gjaldmiðlum í janúar síðastliðnum.

Með ákvæðinu má segja að lánasamningur sé orðinn flókinn afleiða, þ.e. samningurinn og verðmæti hans tekur breytingum miðað við gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni. Erfitt gæti reynt fyrir neytendum að skilja slíka afleiðu að fullu og telur Seðlabankinn því í ljósi sögunnar að slíkt ákvæði geti falið í sér lagaáhættu fyrir fjármálafyrirtæki gagnvart neytendum.

Lánastofnanir þyrftu einnig að verðleggja valréttinn í lánasamningnum, sem myndi hafa neikvæð áhrif á lánakjör til einstaklinga. Einnig er hætt á að verðlagning áhættu yrði röng í lengri lánasamningum. Þessir samningar eru því áhættusamir bæði fyrir neytendum og fjármálafyrirtæki. Það gæti leitt til þess að þeir yrðu einfaldlega ekki í boði af hálfu fjármálafyrirtækja. Hættan er hins vegar sú að framboð og eftirspurn eftir þeim aukist þegar áhættufælni minnkar. Það yrði þá á sama tíma og hagkerfið er orðið ofþanið og áhætta fer vaxandi í fjármálakerfinu. Slíkt eykur því enn á kerfisáhættu á tímum þegar uppsöfnun áhættu er mikil og magnar fjármálauppsveifluna.

Að sama skapi myndi áhætta lánastofnana sem myndu bjóða upp á lán tengd erlendum gjaldmiðlum vera veruleg gagnvart þeirri þróun að ákvæðið yrði virkt í mörgum lánasamningum á sama tíma. Lánnum tengdum erlendum gjaldmiðlum gæti þá verið breytt í krónulán, en fjármögnunin að baki lánunum væri í erlendum gjaldmiðlum. Þessi breyting hefði áhrif til að skekkja gjaldeyrisjöfnuð viðkomandi stofnana sem gætu brugðist við með því að færa fjármögnun yfir í krónur með því að greiða upp erlend lán eða færa krónueignir yfir í erlenda gjaldmiðla. Slíkar umbreytingar hefðu aftur neikvæð áhrif á krónuna, þar sem krónum er skipt fyrir erlenda gjaldmiðla. Þessi áhrif myndu bætast við þau neikvæðu gengisáhrif sem gerðu ákvæði samningsins um 20% gengissveiflu virkt. Þetta magnar því gengislækkun krónunnar. Ákvæðið myndi draga úr gjaldeyrisáhættu viðkomandi lántaka en valda tjóni fyrir samfélagið í heild. Í ljósi framangreinds getur Seðlabankinn að óbreyttu ekki fallist á þennan þátt í tillögur ráðuneytisins. Ef einhverjar slíkar tillögur ná fram er nauðsynlegt að greina þær með tilliti til innlendra aðstæðna.

- iv. Í minnisblaði ráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið telji ekki útilokað að Seðlabankinn geti gert strangari kröfur en fram koma að ofan í reglum sínum á grundvelli þess reglusetningavalds sem honum verður fengið sbr. 3. gr. frumvarpsins. Framangreint var áréttað á fundi fulltrúa ráðuneytisins með Seðlabankanum þann 9. júní sl.

Seðlabankinn telur hins vegar að þetta sé að óbreyttu ekki mögulegt. Verði lögum um neytendalán breytt með ofangreindum hætti er Seðlabankanum ekki unnt að setja frekari takmarkanir en fram koma í ákvæðinu. Löggjafinn hefur þá með lagasetningavaldi sínu ákveðið hvaða skilyrði neytandi þurfi að uppfylla til að geta tekið lán tengd erlendum gjaldmiðlum og getur stjórnvald ekki bundið slík skilyrði ríkari takmörkunum en löggin kveða á um. Myndi takmörkun sem færi gegn lagaákvæðinu víkja á grundvelli forgangsreglna laga (e. *lex superior*).<sup>1</sup> Framangreint á við þó svo að í reglusetningaheimild Seðlabankans komi fram að í reglunum sé meðal annars heimilt að binda lán tengd erlendum gjaldmiðlum skilyrðum sem varða tekjur lántaka í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist, tegund trygginga, upplýsingaskyldu lánveitanda, lengd lánstíma og tilhögun endurgreiðslna. Yrði að túlka framangreinda reglusetningaheimild með þeim hætti að þar sem ákvæðum laga sleppi taki reglusetningaheimild Seðlabankans við, þeim til fyllingar, enda yrði að meta gildi slíkra ráðstafana með hliðsjón af þeim kröfum sem löggjafinn hefur sjálfur talið að gera eigi í þessum efnum. Í ljósi framangreinds getur Seðlabankinn að óbreyttu ekki fallist á tillögur ráðuneytisins. Mögulega væri leið ráðuneytisins tæk ef eingöngu væri vísað til reglna Seðlabankans um takmarkanir á slíkum lánveitingum. Sú leið er þó síðri en að setja takmarkanir beint í lög.

Ef tillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. maí sl. um takmarkanir við lánveitingar tengdum erlendum gjaldmiðlum yrðu samþykktar leggur Seðlabankinn eindregið til að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda.

## Mögulegt innihald í reglum

Beðið er um hvernig innihald reglna yrði ef ef tillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. maí sl. um takmarkanir við lánveitingar tengdum erlendum gjaldmiðlum yrðu samþykktar. Neðangreint er sett fram með fyrirvara um að lítill tími hefur gefist til að móta slíkar tillögur og bankinn áskilur sér því rétt til að leggja til fleiri eða öðru vísi útfærð atriði ef til kemur. Ber því að líta á neðangreint með þessum fyrirvara og sem ákveðnar meginhugmyndir. Lánveitingar til óvarinna aðila yrðu þá mögulega takmarkaðar í reglugerð með eftirfarandi hætti:

### A. Lán tengd erlendum gjaldmiðlum til neytenda

Einstaklingi er aðeins heimilt að veita lán tengt erlendum gjaldmiðlum ef:

- i. lántaki stenst greiðslumat í viðkomandi gjaldmiðlum, eða
- ii. lántaki stenst greiðslumat miðað við verulegar gengisbreytingar og/eða verulega hækkunum á vöxtum og leggi fram erlendar eignir í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til tryggingar láninu, eða
- iii. lántaki stenst greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum.

### B. Lán tengd erlendum gjaldmiðlum til fyrirtækja

Aðeins er heimilt að veita fyrirtækjum sem teljast til einkahlutafélaga, sameignarfélaga, samlagsfélaga og samvinnufélaga, og sem erum með eignir samkvæmt efnahagsreikning undir 1.000 m.kr. og árlegar tekjur undir 100 m.kr., lán tengt erlendum gjaldmiðlum ef:

---

<sup>1</sup> Af forgangsreglunni *lex superior* derogat legi inferiori leiðir að réttlægri réttarheimild, sem gengur í berhöggi við réttþærri réttarheimild verður ekki lögð til grundvallar. Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 77-78, Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 224 og til hliðsjónar Sigurður Lindal: *Um lög og lögfræði*, bls. 132.

- i. lántaki er með tekjustreymi í þeim gjaldmiðlum sem lánið tengist sem nægir fyrir afborgunum og vöxtum, eða
- ii. lántaki stenst verulegar gengisbreytingar og/eða verulega hækkunum á vöxtum og leggi fram erlendar eignir í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til tryggingar láninu, eða
- iii. lántaki leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum.

Ítrekað er að hér er um hugmyndir að ræða sem þarfnast nánari skoðunar ef til kæmi, sérstaklega hvað fyrirtækin varðar.

### **Af hverju setja reglur?**

Eins og áður sagði hefur afstaða Seðlabankans verið skýr hvað vaðar takmarkanir einstaklinga á lántökum tengdum erlendum gjaldmiðlum. Seðlabankinn hefur jafnframt sagt að minna tilefni sé til að beita reglusetningarvaldi á grundvelli 3. gr. frumvarpsins ef heimildir neytenda annars vegar og sveitarfélaga hins vegar til töku erlendra lána verða takmarkaðar í samræmi við hugmyndir bankans í lögum um neytendalán og sveitarstjórnarlögum. Þær tillögur sem settar eru fram í 6. minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins (dagsett 26. maí 2015) um takmarkanir einstaklinga til lántöku tengdum erlendum gjaldmiðlum, ganga ekki nægjanlega langt að mati Seðlabankans

Í athugasemdum frumvarpsins er nokkuð vel fjallað um áhættu sem fylgir lánveitingum tengdum erlendum gjaldmiðlum til óvarinna aðila. Slíkar lánveitingar eru ekki aðeins varasamar fyrir einstaka lántaka sem ekki eru varðir fyrir gjaldeyrisáhættu heldur getur einstökum lánveitendum og fjármálakerfinu í heild stafað veruleg ógn af ef óvarlega er farið í útlánastarfsemi af þessum toga og ef gengisáhætta raungerist. Takmarkanir á slíkar lánveitingar til einstaklinga varða því neytendavernd, en sjónarmið Seðlabankans er þó frekar að nauðsynlegt sé að takmarka slíkar lánveitingar til óvarinna aðila til að tryggja fjármálastöðugleika og að ekki skapist aðstæður sem geti ógnað honum.

Fjármagnshreyfingar milli landa hafa almennt jákvæð áhrif á verðmætasköpun en þeim fylgir jafnframt ákveðin áhætta. Í opnu hagkerfi á auknið innflæði fjármagns á sér í flestum tilfellum stað þegar hagkerfið er í uppsveiflu og eftirspurn er eftir lánsfé. Innflæði fjármagns ýtir undir uppsveifluna, veldur skammtíma aukningu kaupmáttar og enn meiri vilja til skuldsetningar. Skuldsetning eykst sér í lagi hjá þeim sem horfa öðru fremur til skamms tíma. Aukið innflæði hefur því áhrif til að auka ójafnvægi í hagkerfinu.

Árin fyrir fall fjármálakerfisins 2008 var aðgengi íslenskra banka að erlendu fjármagni gott og voru kjörin hagstæð. Íslensku bankarnir sóttu sér fjármagn með útgáfu skuldabréfa erlendis og innlánssöfnun. Raunvaxtamunur á milli Íslands og þeirra landa sem Ísland á í mestum samskiptum við var mikill á þessum tíma og hafði hann í för með sér að vaxtamunarviðskipti urðu umtalsverð með miklu innstreymi á erlendu fjármagni. Ein skýrasta birtingarmynd á innflæði erlends fjármagns hér á landi var að erlend og gengistryggt lán til innlendra aðila jukust umtalsvert. Litlar sem engar kröfur voru gerðar til lántaka slíkra lána og voru þau því veitt heimilum, fyrirtækjum og eignarhaldsfélögum með tekjur í íslenskum krónum. Ljóst er að bæði lánveitendur og lántakar vanmátu áhættuna sem fylgdi töku erlendra lána, en ásókn lántaka í hagstæða vexti átti mikinn þátt í þeim útlánavexti sem varð í aðdraganda fjármálaáfallsins. Skyndileg lækun íslensku krónunnar á árinu 2008 bitnaði harkalega á efnahag lántaka sem ekki voru varðir fyrir gengissveiflum. Gjaldyrisáhættu lántaka mátti að þessu leyti jafna til útlánaáhættu lánveitenda og þar sem lánin voru fjármögnuð í erlendri mynt olli það ásamt öðru lausafjárþurrð lánastofnana og óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði.

Fjármagnshöft hafa verið í gildi síðan þá, en þau voru sett til að stuðla að gengisstöðugleika og skapa svigrúm fyrir endurskipulagningu á fjárhag heimila og fyrirtækja sem mörg hver voru með skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum. Í vikunni voru kynnt stærstu skrefin til losunar hafta . Ef losunarferlið fer eins og áætlanir gera ráð fyrir er ljóst að staða ríkissjóðs mun batna umtalsvert og það ásamt losun haftanna mun bæta láns hæfismat ríkissjóðs og annarra aðila í þjóðfélaginu. Aðgengi er erlendu fjármagni ætti því að batna og kjör verða hagstæðari. Bæði nafn- og raunvextir eru hærrí hér á landi en í helstu viðskiptalöndum. Vaxtamunur og afnám hafta getur leitt til aukinna vaxtamunarviðskipta, innflæði erlends fjármagns og hvata til lántöku lána tengdum erlendum gjaldmiðlum.

Það er því mikilvægt að svipaðar aðstæður skapist ekki og fyrir fall fjármálakerfisins þegar óvarðir aðilar fyrir gjaldmiðlaáhættu voru með lán tengd erlendum gjaldmiðlum. Hafa ber í huga að aðstæður geta breyst fljótt, þ.e. lántökur tengdar erlendum gjaldmiðlum geta aukist hratt þegar umhverfi fyrir slíkar lántökur eru hagstæðar. Það getur því verið of seint að bregðast við þegar og ef lánveitingar tengdar erlendum gjaldmiðlum hafa farið af stað og einnig getur verið erfitt að koma slíkum takmörkunum á. Hafa ber í huga að lánveitingar eru oft til langs tíma. Sérstaklega á það við um einstaklinga þar sem stærstu hluti skulda þeirra eru húsnæðislán en þau eru til 25-40 ára. Ef takmarkanir eru settar á lánveitingar til óvarinna aðila síðar, verða óvarðir aðilar eftir sem áður með lán í erlendum gjaldmiðlum með gjaldeyrisáhættu til áratuga, nema viðkomandi lán séu greidd upp en það getur verið erfitt þegar aðstæður kalla á það. Einnig ber að hafa í huga að gjaldeyrisáhættan er ekki bara bundin við íslensku krónuna heldur geta þeir gjaldmiðlar sem lánið er tengt styrkst mjög gangvart krónunni þó svo að staða krónunnar gagnvart öðrum myntum sé óbreytt. Bæði hér á landi og erlendis hafa svissneskur franki og japanskt jen verið vinsælar myntir til að skulda í hjá þeim sem vilja síður taka lán í heimagjaldmiðli. Hér er um lágvaxtamyntir að ræða sem geta styrkst mikið þegar óróleika gætir á fjármagnsmörkuðum.

Þann 15. janúar síðastliðinn ákvað svissneski seðlabankinn að hætta að binda svissneska frankann við evruna og við það styrktist frankinn um 15% gangvart evru á einum degi. Styrkingin var meiri gangvart mörgum öðrum myntum í Evrópu og þá sérstaklega löndum í mið og austur Evrópu. Styrking svissneska frankans í ár hefur skapað mikil vandræði í löndum eins og Póllandi, Króatíu, Rúmeníu, Búlgaríu og jafnvel Austurríki þar sem talsvert er um að heimili og fyrirtæki séu með lán í svissneskum franka án þess að vera með tekjur eða eignir í honum. Styrkingin hefur haft áhrif í landi eins og Póllandi þó svo að landið hafi verið eitt af fyrstu löndunum til að átta sig á hættunni sem fylgir lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Eftirlistaðilar brugðust t.d. strax við árið 2006 með reglum sem þrengdu að slíkum lánnum og árið 2007 voru áhættuvogir vegna húsnæðislána í erlendum gjaldmiðlum hækkaðar. Þessar aðgerðir komu þó ekki í veg fyrir lánveitingar tengdum erlendum gjaldmiðlum þar sem eftirspurn var mikil og kjörin hagstæðari á þeim tíma. Ljóst er að vandinn væri meiri í Póllandi ef eftirlitsaðilar hefðu ekki brugðist við svo fljótt. Styrking svissneska frankans á árinu 2008 hafði veruleg neikvæð áhrif á stöðu margra heimila í Póllandi. Í kjölfarið voru reglur hertar enn frekar og nú er svo komið að engar nýjar lánveitingar í svissneskum franka hafa verið til heimila í mörg ár. Þrátt fyrir það var um helmingur allra húsnæðislána til heimila í árslok 2013 í erlendum gjaldmiðli og nánast allir af þeim sem voru með neikvætt eigið fé í húsnæði voru með lán í erlendum gjaldmiðli. Pólland er dæmi um land þar sem gluggi til lánveitingar í erlendum gjaldmiðlum var opinn í stuttan tíma en áhrifanna mun gæta í áratugi. Staðan hefur mjög neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika og þess varð greinilega ljóst í janúar síðastliðnum með styrkingu frankans. Til dæmis mun meira fara af gjaldeyri sem landið aflar í að greiða af erlendum lánnum. Styrkingin hefur haft neikvæð áhrif á fjármálakerfið þar sem reiknað er með að vanskil og virðisrýrnun munki aukast sem dregur úr arðsemi í rekstri fjármálastofnana. Svipaða sögu má segja um önnur lönd þar sem lán tengd erlendum gjaldmiðlum voru vinsæl fyrir fjármálaáfallið 2008. Til dæmis hefur verið farið fram á það í Króatíu að öllum lánnum í erlendum gjaldmiðlum til heimila sé umbreytt í heimagjaldmiðil á því gengi



á svissneska frankanum sem var fyrir 15. janúar 2015. Kostnaður við slíka umbreytingu myndi kosta um 500 ma.kr. og þurrka upp um 30% af gjaldeyrisvaraforða landsins.

Þessi staða sem hér hefur verið lýst er óásættanleg, þ.e. að ytri þættir eins og gengi erlendra gjaldmiðla sem heimaland hefur engin umráð yfir, geti haft svo mikil áhrif á efnahagslífið og fjármálastöðugleika. Ef þessu sökum telur Seðlabankinn mikilvægt að takmarkanir séu lög eða reglufestar sem fyrst.



24. mars 2015  
Tilv.: 1503074

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um þskj. 975, 561. mál - frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl.

Með tölvupósti dags. 10. mars sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán, varúðarreglur).

Frumvarpið felur m.a. í sér að:

- Gengistryggð lán verða heimiluð nema lög mæli á annan veg og að heimildir til slíkra lánveitinga og til lána í erlendum gjaldmiðlum verði samræmdar og lúti sambærilegum reglum.
- Seðlabanka Íslands verði heimilt að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs að setja lánastofnunum reglur um erlend lán í þeim tilgangi að takmarka lántökur aðila, annarra en lánastofnana, sem ekki eru varðir fyrir gjaldeyrisáhættu.
- Að ávallt verði að framkvæma greiðslumat vegna erlendra lána til einstaklinga og að óheimilt er að veita lántaka slíkt lán nema greiðslumat leiði í ljós að lántaki hafi augljóslega fjárhagslega burði til að standast verulegar breytingar á gengi þess gjaldmiðils sem tekjur lántaka eru í samnborið við þann gjaldmiðil sem lánið er í eða tekur mið af.

Seðlabankinn átti sæti í undirbúningsnefnd frumvarpsins, sem skilaði af sér tillögum 7. maí 2014 til fjármála- og efnahagsráðherra. Eftir þann tíma hafa töluverðar breytingar verið gerðar á frumvarpinu, sem Seðlabankinn hefur verið upplýstur um en hefur ekki að öllu leyti verið sammála.

Í skipunarbréfi nefndarinnar, dags. 28. október 2013 kom m.a. fram að nefndinni væri falið að kanna hvort að takmarkanir ættu að vera á töku gengistryggðra og erlendra lána og ef svo væri hvers eðlis þær ættu að vera og til hverra þær ættu að taka. Var nefndinni sérstaklega falið að hafa til hliðsjónar ábendingar sem fram koma í sértilti Seðlabanka Íslands

um „*Varúðarreglur eftir fjármagnshöft*“ frá ágúst 2012, þar sem fjallað er um leiðir til að draga úr hættum sem fjármálakerfinu stafar af lánveitingum sem tengjast erlendum gjaldmiðlum.

Þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu eftir að nefndin lauk störfum ganga skemur er Seðlabankinn telur nauðsynlegt að ganga varðandi erlend og gengistryggð lán.<sup>1</sup>

Umsögn Seðlabankans lýtur að þeim þáttum frumvarpsins sem snúa að þeim markmiðum sem Seðlabankanum er ætlað að stefna að skv. lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

### 3. gr. frumvarpsins

Varðandi 3. gr. frumvarpsins þá vill Seðlabankinn áréttta að hér er um varúðartæki að ræða sem kæmi til álíta að nýta að undangengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikaráði ef vart verður við óhóflegar lánveitingar í erlendum gjaldmiðlum til óvarinna aðila, sem m.a. yki á fjármagnsinnflæði til landsins óhóflega, ylli verðbólumyndun, skapaði kerfislæga áhættu í fjármálakerfinu og ógnaði fjármálastöðugleika. Heimildin til reglusetningar nær aðeins til erlendra lána til óvarinna aðila og er því takmörkuð og auk þess verður heimildin ekki virk nema að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs og því tryggt að reglur þar að lútandi verði ekki settar í öðrum tilgangi en þeim að mæta aðstæðum sem líklegar eru til að ógna fjármálastöðugleika.

### 5. gr. frumvarpsins

Í frumvarpstíllögum sem undirbúningsnefndin vann að og skilaði af sér sbr. nefnt skilabréf nefndarinnar var gert ráð fyrir því að eingöngu væri heimilt að veita neytenda erlent lán ef hann stæðist „greiðslumat í viðkomandi gjaldmiðlum“, en við slík skilyrði yrði neytandi að hafa tekjur og/eða eignir til að veðsetja í erlendum gjaldmiðlum. Þá var jafnframt gert ráð fyrir því að ef forsendur greiðslumats varðandi tekjur neytenda breyttust verulega þá bæri lánveitanda að bjóða viðkomandi neytanda að færa lánsfjárhæðina yfir í annan gjaldmiðil til að takmarka gengisáhættu. Undirbúningsnefndin fékk til samráðs ýmsa hagsmunaaðila, sem tilgreindir eru í athugasemdum frumvarpsins, og gerði enginn þeirra athugasemd við þá útfærslu sem nefndin lagði fram og list er hér að ofan.

Í 5. gr. frumvarps þess sem umsögn þessi nær til er fallið frá því að neytandi þurfi að hafa erlendar tekjur og/eða erlendar eignir til að veðsetja á móti erlendu láni. Þess í stað er gerð sú krafa að lántaki þurfi að hafa augljósa fjárhagslega burði til að standast verulegar breytingar á gengi þess gjaldmiðils sem tekjur lántaka eru í samborið við þann gjaldmiðil sem lánið er í eða tekur mið af.

---

<sup>1</sup> Hér eftir talað um erlend lán sem samnefndara fyrir lán í erlendum gjaldmiðlum og gengistryggð lán.

Áhætta lántakenda vegna erlendra lána eða gengistryggðra lána er þrenns konar, þ.e. vaxtaáhætta, áhætta tengd breytingum á áhættuálagi og gjaldmiðlaáhætta. Mesta áhættan liggur í gjaldmiðlaáhættu, en óhagstæðar breytingar á gengi heimagjaldmiðils getur leitt til hærri afborgana og vaxtagreiðslna, en síðast en ekki sist til lakari eiginfjárstöðu. Lækkun heimagjaldmiðils eykur líkur á greiðslufalli og/eða vanskilum og þar með útlánatapi sem ógnað getur fjármálastöðugleika. Reynslan sýnir að sveiflur í verði gjaldmiðla geta verið miklar og eru sveiflur yfirleitt meiri eftir því sem gjaldmiðlarnir eru minni. Verulegar sveiflur hafa verið á íslensku krónunni síðustu áratugi, en með fjármagnshöftum hefur þó náðst meiri stöðugleiki síðustu misseri. Reynslan hefur jafnframt sýnt að hinn almenni neytandi gerir sér ekki grein fyrir hversu miklar sveiflar geta verið á gjaldmiðlum og þar með þeirri gjaldeyrisáhættu sem felst í því að vera með lán í öðrum gjaldmiðli en tekjur eru í.

Áhættan lýtur ekki einvörðungu að lántakendum og lánveitendum, heldur þjóðfélaginu í heild. Aðgengi neytenda að lánum í erlendum gjaldmiðlum eykst samfara auknu fjármagnsinnflæði. Miklu innstreymi fjármagns fylgir svo hækkun eignaverðs, hækkun gengis og aukinn kaupmáttur sem aftur eykur eftirspurn neytenda eftir erlendum lánum. Óhóflegt innstreymi fjármagns samfara aukningu á lántöku í erlendum gjaldmiðlum magnar því iðulega uppsveiflu. Tímabil mikils innstreymis erlends fjármagns lýkur oft skyndilega með viðsnúningi fjármagnsstrauma (útstreymi), gengisfalli, lækkun eignaverðs og rýrnun eigin fjár, lækkun kaupmáttar, vanskilum og gjaldþrotum. Slík umskipti hafa alla jafna áhrif á framboð erlends lánsfjármangs til neytenda sem þvingar þá fram samdrátt í erlendum lánnum til neytenda sem eykur enn á fjármagnsútflæði. Þetta getur svo aftur magnað þjóðhagslegan samdrátt með tilheyrandi áhrifum á fjármálastöðugleika.<sup>2</sup>

Markmið Seðlabankans eru m.a. að tryggja fjármálastöðugleika sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn leggst því gegn þeim breytingum sem koma fram í 5. gr. frumvarpsins þess efnis að neytendum verði heimilt að taka erlend lán gegnum tekjum og eignum í íslenskum krónum hafi neytandi augljósa fjárhagslega burði til að standast verulegar breytingar á gengi þess gjaldmiðils sem tekjur lántaka eru í samanborið við þann gjaldmiðil sem lánið er í eða tekur mið af. Í fyrsta lagi telur Seðlabankinn óráðlegt að opna á lánveitingar til neytenda sem fela í sér gjaldeyrisáhættu og leggur því áherslu á að við framkvæmd greiðslumats erlends láns verði farið fram á að lántaki standist „greiðslumat í viðkomandi gjaldmiðlum“. Í öðru lagi þá koma fjárhagslegir burðir neytenda ekki í veg fyrir víxlverkun milli fjármagnsflæðis og lántöku í erlendum gjaldmiðlum sem getur magnað hagsveifluna og ógnað fjármálastöðugleika.

Í b-lið 5. gr. segir að innanríkisráðherra geti að fenginni umsögn Seðlabankans bundið greiðslumat vegna erlendra lána sérstökum

<sup>2</sup> Seðlabanki Íslands, 2012, Varúðarreglur eftir fjármagnshöft bls. 5.




skilyrðum og enn fremur tilgreint viðmið hvað telst veruleg breyting á gengi íslensku krónunnar gagnvart mismunandi gjaldmiðlum og eftir atvikum verulegar breytingar á erlendum vöxtum. Ef frumvarpstextinn verður óbreyttur að lögum að því leyti að neytendum verði heimilað að taka erlend lán hafi þeir „augljósa fjárhagslega burði“ til að standast verulegar breytingar á gengi lántökugjaldmiðils, telur Seðlabankinn að kveða þurfi á um það í lögnum sjálfum hvað telst veruleg breyting á gengi íslensku krónunnar gagnvart mismunandi gjaldmiðlum og eftir atvikum verulegar breytingar á erlendum vöxtum.

Einnig ef frumvarpstextinn verður óbreyttur að lögum er ekki hægt að sjá annað en að neytendur hefðu möguleika á að taka erlend lán ef lánsfjárhæð er hófleg og í því sambandi myndi að öllum líkindum opnast möguleikar á að bjóða neytendum bílalán í erlendum gjaldmiðlum. Slík þróun yrði hættuleg að mati Seðlabankans þar sem töluleg gögn sýna að þeir lántakar sem fóru einna verst út úr þeirri efnahagslægd sem fylgdi í kjölfar fjármálaáfallsins árið 2008, voru einstaklingar og fjölskyldur með erlend bílalán.

Seðlabankinn mælir því eindregið með því að farið verði að tillögu undirbúningsnefndar frumvarpsins þar sem lagt var til að neytendum sem fá erlend lán sé gert að standast „greiðslumat í viðkomandi gjaldmiðli“.

Virðingarfyllt,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Sigríður Benedíksdóttir  
frankvæmdastjóri



29. júní 2015

Tilv. 1503074

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

## Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Efni: Þingmál 561, breyting á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl. Athugasemdir Seðlabanka Íslands við sjöunda minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 18. júní síðastliðnum.

Þann 18. júní sl. barst Seðlabankanum minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem brugðist er við athugasemdum Seðlabankans frá 16. júní sl. um breytingatillögur á 5. grein frumvarpsins sem Vilhjálmur Bjarnason lagði fram í efnahags- og viðskiptanefnd. Í minnisblaði ráðuneytisins hafa breytingar verið gerðar á tillögum Vilhjálms Bjarnasonar og er lagt til að 5. gr. frumvarpsins verði orðuð með eftirfarandi hætti:

*Lánveitandi skal þrátt fyrir fjárhæðarmörk 2. mgr. ávallt framkvæma greiðslumat á lántaka ef um er að ræða lán tengd erlendum gjaldmiðlum. Með fyrirvara um heimild Seðlabanka Íslands til að setja reglur um lán lánastofnana tengd erlendum gjaldmiðlum er heimilt að veita slík lán í eftirfarandi tilvikum:*

- i. að lántaki hafi nægilegar tekjur í þeim gjaldmiðli sem lánið tengist til að standa undir greiðslubyrði vegna lánsins að teknu tilliti til verulegra hækkana á vöxtum, eða*
- ii. að lántaki standist greiðslumat þar sem gert er ráð fyrir verulegum gengisbreytingum og/eða verulegum hækkunum á vöxtum, eða*
- iii. að lántaki standist greiðslumat og leggi fram viðeigandi fjárhagslegar tryggingar sem eyða gjaldeyrisáhættu hans vegna lánsins á lánstímanum.*

Jafnframt hefur verið lagt til að bætt verði við ákvæði sem fæli í sér að ef aðstæður lántaka breytast með þeim þætti að forsendur greiðslumats eru brostnar þá geti hann fengið breytingu á láni í erlendum gjaldmiðlum í krónulán.

Afstaða Seðlabankans hefur verið óbreytt í þeim umsögnum og minnisblöðum sem bankinn hefur sent frá sér um málið. Bankinn telur mikilvægt að einstaklingum sé ekki veitt lán tengd erlendum gjaldmiðlum nema á móti tekjustreymi í samsvarandi gjaldmiðlum eða að viðkomandi leggi fram erlendar eignir eða fjárhagslegar tryggingar sem eyði gjaldeyrisáhættu út lánstímann. Verði breytingatillögur á 5. gr. frumvarpsins sem hér að ofan eru settar fram að lögum mun Seðlabankinn leggja til að settar verði sem fyrst reglur sem takmarki lán tengd erlendum gjaldmiðlum til óvarinna einstaklinga og mögulega einnig minni lögaðila sem ekki eru varðir fyrir gjaldeyrisáhættu. Slíkar reglur yrðu þá þróaðar í samráði við Fjármálaeftirlitið og fjármálastöðugleikaráð (með kynningu í kerfisáhættunefnd). Í athugasemdum Seðlabankans frá 16. júní kom fram að það væri mat bankans að yrði lögum um neytendalán breytt samkvæmt þeim tillögum sem þá lágu fyrir yrði Seðlabankanum ekki unnt að setja frekari takmarkanir en fram koma í lögnum. Í minnisblaði ráðuneytisins frá 18. júní hafa verið gerðar breytingar á textanum þannig að nú er búið að bæta við fyrirvara um heimild Seðlabanka Íslands til að setja reglur. Seðlabankinn telur því mikilvægt að skýrt sé sé vel út í athugasemdum að með orðalaginu „Með fyrirvara um heimild Seðlabanka Íslands til að setja reglur um lán lánastofnana tengd erlendum gjaldmiðlum“, sé átt við að Seðlabankinn geti sett reglur um óvarða aðila sem takmarki möguleika lántaka til töku lána tengdum erlendum gjaldmiðlum, enn frekar en er í lagatexta. Sé einhver vafi á að það nægi til, þá mætti hugsanlega hafa ofangreint orðalag sterkara, t.d.: „Með fyrirvara um heimild Seðlabanka Íslands til að setja reglur um lán lánastofnana tengd erlendum gjaldmiðlum sem takmarka lánveitingar til aðila sem ekki hafa tekjur eða eignir í erlendum gjaldmiðlum...“.

Seðlabankinn gerir eftirfarandi athugasemdir um einstök atriði:

1. Hækkun vaxta. Í lið i. hér að ofan leggur Seðlabankinn til að textinn „*að teknu tilliti til verulegra hækkana á vöxtum*“ verði tekinn út. Það sem Seðlabankinn lagði til í umsögn sinni frá 16. júní var að meðhöndla ætti vaxtabreytingar á erlendu láni lántaka sem er með tekjur í sömu gjaldmiðlum, með sambærilegum hætti og vaxtabreytingar á láni einstaklings með krónulán og krónutekjur. Það ætti því ekki að setja sérstakt álag á vexti hjá lántakendum sem eru með tekjur í sömu gjaldmiðlum og lán viðkomandi tengist.
2. Breytiréttur. Seðlabankinn lagðist gegn tillögu um skiptirétt í annan gjaldmiðil breytist greiðslur um 20% miðað við skiptigengi við gerð lánsamnings. Seðlabankinn hefur ekki fengið nákvæma útlistun á því hvernig ákvæðið yrði útfært nú, en líklega miðast útfærslan við það að uppfylli lántaki ekki lengur forsendur greiðslumats eigi hann rétt á að breyta gjaldmiðlasamsetningu láns (t.d. færa lán tengt erlendum gjaldmiðlum í íslenskar krónur). Ákvæðið yrði þá almennara og myndi styrkja hagsmuni einstaklinga og tryggja að hægt yrði að draga úr gjaldeyrisáhættu einstaklinga ef forsendur þróast með óæskilegum hætti. Athugasemdir Seðlabankans frá 16. júní eiga þó að nokkru leyti enn við, sérstaklega ef ákvæðið yrði virkt í mörgum lánasamningum á sama tíma. Við slíkar aðstæður gæti breytiréttur haft neikvæð áhrif á krónuna og fjármálastöðugleika (sjá frekari umfjöllun í umsögn). Almennara ákvæði væri þó ekki eins hættulegt að þessu leyti, sérstaklega ef breytiréttur væri bundinn við breytingar á tekjum og eignum en tengist ekki breytingum á gengi krónunnar. Seðlabankinn vill því áréttta að útfæra þarf ákvæði um breytirétt vandlega.

3. Fjárhagslegar tryggingar (afleiðusamningar). Í skýringum fjármála- og efnahagsráðuneytis frá 25. júní segir að einstaklingum sé aðeins heimilt að gera afleiðusamninga (þ.e. afla fjárhagslegra trygginga) sé búið að flokka þá sem fagfjárfesta. Seðlabankinn benti hins vegar á í umsögn sinni frá 24. apríl sl. og sem finna má á vef Alþingis (sjá <http://www.althingi.is/alttext/erindi/144/144-1734.pdf>) að einstaklingar geti átt viðskipti með slíka gerninga, þar á meðal afleiðusamninga, hafi ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfasviðskipti verið fylgt sbr. einnig reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Almennt varðandi þetta mál vill Seðlabankinn benda á að framundan eru óvissir tímar vegna losunar fjármagnshafta. Gjaldmiðlamisvægi í efnahagsreikningum innlendra aðila er verulegur áhættuþáttur við skilyrði óheftra og sveiflukennndra fjármagnshreyfinga. Því er mikilvægt að varlega sé stigið til jarðar þegar kemur að svigrúmi einkageirans til lántöku í eða tengdum erlendum gjaldmiðlum. Útlánageta stóru viðskiptabankanna í erlendum gjaldmiðlum gæti aukist nokkuð í tengslum við þær lausnir sem liggja á borðinu varðandi uppgjör gömlu bankanna en gert er ráð fyrir að gjaldeyrisinnstæðum þeirra í nýju bönkunum verði a.m.k. að nokkru leyti breytt í lengri lán. Því er mikilvægt að girða fyrir að bankarnir freistist, vegna lítilla takmarkana, að lána illa vörðum innlendum aðilum í erlendum gjaldmiðlum. Fyrir utan að vera áhættusamt væri slíkt, eftir það sem á undan er gengið, ekki réttu skilaboðin hvort heldur út á við eða inn á við um þá varúðarstefnu sem ætlunin er að fylgja eftir losun hafta. Þá kann að vera varhugavert að festa í lög atriði sem ekki hafa verið könnuð til hlítar og geta skapað verulegan vanda í framtíðinni. Seðlabankinn telur því æskilegast að öll skref til lántöku tengdri erlendum gjaldmiðlum séu stigin af varfærni á meðan losun hafta á sér stað. Þegar losun fjármagnshafta er að baki og skýrari mynd er komin á stöðu Íslands mætti losa um takmarkanir ef nánari skoðun leiðir í ljós að því fylgi ekki of mikil áhætta.

Eins og fram hefur komið í fyrri minnisblöðum til efnahags- og viðskiptanefndar hefði Seðlabankinn helst kosið að takmarkanir við erlendum lántökum óvarinna aðila væru skýr í lögum. Hann getur þó eftir atvikum unað við þá tillögu sem fram kemur í áðurgreindu nýjasta minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytis. Það er þó háð því eins og áður kom fram að lagagrundvöllur bankans til að setja í samráði við Fjármálaeftirlitið og fjármálastöðugleikaráð reglur sem takmarka erlendar lántökur óvarinna aðila sé ótvíræður. Þá er mikilvægt að það sé sameiginlegur skilningur að slíkar reglur verði settar sem fyrst. Í því sambandi ber að hafa í huga að það kann að vera erfitt að innleiða takmarkandi reglur þegar lánveitingar tengdar erlendum gjaldmiðlum eru komnar á skrið. Hvort tveggja er að slíkar aðgerðir gætu þá verið mjög óvinsælar og þrýstingur á eftirlitsaðila mikill um að setja ekki slíkar reglur auk þess sem jafnræðissjónarmið gætu vera talin hamla vegna þess að þeir sem ekki hefðu enn nýtt sér möguleika á lántöku í erlendum myntum væru ekki taldir sitja við sama borð og hinir sem hefðu þegar nýtt sér þá möguleika.



